Ùrgisli 1909

KGL. HOF-PAPIRHANDEL
S. FRIEDLÆNDER
Kjøbmagergade 26.
PROTOKOLFABRIK
För at erholde samme Bog,
behöves kun № at opgives.
№ 3549 2,00

[illegible]

# Árgeislinn

2 blað ‖ Sauðárkrók í januar 1909 ‖ 11 ár

Ritnefnd
Helga Hallgrímsdótt
Halldór Þorleifsson
Páll Jónsson

## Vísur

Rís þú unga Íslans merki
upp með þúsund raddabrag
Tengum í oss einu verki
anda kraft og hjartalag
Rís þú Íslans stóri sterki
stofn með nýjan frægðardag

Skín þú fáni eynni yfir
eins og mjöll í fjalla hlíð
Fangamarkið fast þú skrifir
fólks í hjartað ár og síð
Munist hvar, sem landinn lifir
litir þínir alla tíð

Hvert eitt landsins fley sem flýtur
fána vorn, þinn beri hátt
Hvert eitt barn, sem ljósið lítur
lifgar vonir sem þú átt
Hvert þess líf, sem þver og þrýtur
þínum hjúp þú vefja mátt

Meðan sumar sólir bræða
svellin vetrar um engi og tún
skal vor ást til Íslans ~~blæða~~ glæða
afl vort undir krossins rún.
djúp sem blámi himinhæða
hrein sem jökultindsins brún

ort eftir E B

# Íslands fáninn

Vjer viljum hafa og eiga sjerstakan fána
þyír þá sök, að vjer viljum vera og
heita Íslendingar, vjer viljum segja
öllum heiminum satt til nafns
vors og þjóðar. ættar og eðlis
vjer viljum eiga fána til þess að
tengja við hann vitundina um alt
sem er oss heilagt í sögu lans og þjóðar
vjer viljum skrifa á hann vonir
vorrar um fagra framtíð þjóðarinnar
hverja dreingilega hugsun, sem vaknar
í huga sona hennar og dætra, vjer
getum ekki skrifað það á fána annarar
þjóðar. og viljum það heldur ekki
aldrei hefur hann verið borinn í fylgingu
hann hefur aldrei í orustu komið og
engum hefur blætt undir honum
fánar margra annara þjóða hafa ~~a~~
herfrægð á baki sjer, þeir eru eins
og gamlar strids hetur, með mörg
ör á höfði sjer. og her mannsins herða
svip. En þeir hafa mist sakleysi æskunnar
og undir þeim hafa mörg illvirki verið
unnið

En þessi fáni er saklaus eins
og barnið í vöggu Engin þjóð sem
sjer hann getur teingt hann við
neinar illar endurminningar.
þessi fáni er hreinasti fáni heimsins
á hann er ekkert ilt skrifað.
Það erum við afkomendur vorra
í þessu landi, sem eigum að gjöra
þennan fána frægan. vort er að skapa
honum frægð og gengi, og framtíð
hans á að geta orðið því fegri
þar sem eingar fortíðarsyndir fylgja
honum úr garði Nú er hann
merki vonarinnar. síðar verður hann

síðar verður hann merki frægðarinnar
hann á að vera tákn þjóðarinnar sem
er að vísu ein minsta þjóð heimsins
en hefur þó lífsmagn til að lifa sínu
lífi og koma verk og framkvæmd sínum
sjer stöku hugsjónum
Með þetta-mark fyrir augunum
viljum við hafa þennan fána Engin
getur bannað ~~ei~~stökum mönnum eða
fjelögum í landi hjer að draga þennann
fána á stöng hvenar sem þeir sjálfir
vilja. það eig um við að gjöra U M F Íslands
Hvort skal nokur banna og bjóða
börnum frjálsum þessa lands
og til vorar ættarslóða, augum
bíta rœningans?
Fylgum oss í floki þjóðar.
Fram, að lögum Guds og mans

# Smælki

Stærsta dýr sem men vita til að hafi
lifað á jörðinni er eðlutegund, sem var einu
sinni Norðurameríku og hefur fundist beina-
grind af þessu dýri hún var á lengd 806 fet, en
einstaker hryggarliðir vega alt að 900 pundum
Hvað skreiðasta skipið í heimi er enska
tundursendla „Tartar“ hún kemst alt að
37 mílur á vökunni eða rúmar 9 mílur á ~~klukkut~~ tím
en skip hjer við landið fara frá 8–14. á vöku
Stærstia skipið í heimi er Mauretania
það var ~~1907~~ bigt 1907, ber 32000 smálestir og fer
24 mílur á vöku
Fyrir 200 árum þektu vísinda menn
ekki nema 4200 dýrategundir en nú eru
kannar um 419000 tegundir dýra

Páll Jónsson

# Árgeislinn

3. blað 8. Febrúar 1909.

Ritnefnd
{ Sigurður Kjartansson(?)
{ Eiríkur Kristjánsson
{ Aðalbjörg Jónasdóttir

## Drenglyndi

Þetta orð er frá öndverðu þekkt, og hefir sömuleiðis frá ómunatíð verið skráð, sem einkunnarorð í hjörtu allra þeirra sem næma tilfinningu hafa fyrir sóma sínum og opið auga fyrir réttri breytni sinni gagnvart öðrum.

Þessi fagra dygð „drenglyndið" glitrar eins og demant í hverju spori þeirra sem hana ala í brjósti, og þannig verður þeirra líf auðþekkt frá fjöldanum. Eða réttara, hún er nokkurskonar heild hvað sem veldur í þeirra lífsleið, og svo framarlega, sem þeir ekki missi af því sjónar, heldur haldi sér leiðina sem það vísar, leiðir það ætíð að því marki, sem veitir þeim frama og farsæld í bráð og lengd.

Hvar sem vér lesum, hvort heldur er um líf einstaklinga eða heillar þjóðar, verðum vér þess vör, að drenglyndi verður í hverri(?) [illegible] sem að lokum hefir til sigurs og farsældar þeim(?) [illegible] en mannúðarlegri(?), flærðir, fals og [illegible] verður að síðustu að bera lægri hlut.

Hér til forna mátti mann svo mikils það sama drenglyndi, að: Þá höfðu þeir ekki á hæli þótt lífinu skyldi fórna til varnar, fyrir ófallinn(?) mannorði, eða velsæmistilfinningu, vina sinna eða vandamanna, ekkert síður, en þótt þeir sjálfir ættu hlut að máli. Svona voru þeir (horfnu) frændur vorir hreinhjartaðir. Ættum vér sömu eins eða líkir þeim? Eða skyldum vér vera ættlerar og feðrum skömm? Eftirbátar vorra forfeðra í þessari fögru dygð, það munum, því miður, almennt að þora sönnu á oss, sem sekir í þessu tilliti. Ef vér verðum því að svara sinni spurningunni játandi þó illt sé, þá stöð(?) þess að skyldan býður oss, að halda uppi þeirra heiðri með óframhaldandi starfsemi, vinnandi með vopnum drengskapar og mannúðar að framför og fullkomnun hver annars og hvers eins, ásamt þjóðheildarinnar og þjóðheillarinnar um leið.

Ég vil geta þess, að ekki er það mín skoðun, að vér að öllu leyti, séum eftirbátar vorra horfnu frænda, því að vér verðum að játa það, hvað snertir mannúðarþroska vorn, og því heldur, að því athuguðu, að vér nú lifum á betri tímum, og undir lögmálum fullkomnari trúar og siðfræði.

Þótti fyrir það standa menn nú í avarkosti(?), og ginnbeina(?) hver í annan, og telur sig margur því meiri, sem hann er færari um að skríða í skuggunum, og kóma og skaða þann sem óvarandi gjörist í tjörunni(?). Þá þótti sá mann mest, að ganga fram úr að óvini sínum og mæta sem hjásin(?) vinir haldandi uppi svörum fyrir sínum eða annara rétti og beitandi fyrir sig vopnum mannúðar og velsæmis, glampandi í ljósi lestrarinnar(?) og ágætum í hendi hetjunnar. Nú vega menn hver að öðrum með andans vopnum vormenningarinnar(?) [illegible] úr fylgsnum fullmenningarinnar með þann í baki þess er berskjalda stendur á orustu vellinum og fikra sig svo, sem fljótast aftur í sitt skálkaskjól og látast hvergi hafa við komið. ———.

Þó ódrenglyndi komi fram í mörgum myndum á vorum dögum. T.d. lýsir þeim sem [illegible] mætti hafa verið í þeim samviskulausa meðferð(?) á manneskjunni og á dýrum(?) [illegible] nefndir, höfðingjar; t.d. draka(?) og lítilsvirðing við þá er þeir þykjast hafa ástæðu til að líta niður á, og hjá þeim sem kallaðir eru lægra settir í þjóðfélaginu(?) undirgefni, undirlægjuskap(?) og valdboð þeirra tíðkaða(?). Svo mætti halda áfram talsvert lengi, til sönnunar á vaxandi drenglyndi

En með þeirri vissu, að flestir, eða allir lesendur þessa blaðs, geti sjálfir fundið þegar þeir athuga, hvar miðmundar leysi komi fram, ætla eg að láta hér staðar numið, Óskandi og vonandi þess, að ungmennafjelagsskapurinn íslenzki hafi, þegar tímar líða aukið og glætt, sem allra mest, drenglyndi, og mannúð hjá hinni íslenzku þjóð

S. Á. B.

## Gestrisni

Það hefir verið rætt og skrifað talsvert mikið um hina Íslenzku gestrisni, en menn eru ekki ætíð á það sáttir í hverju hin rjetta og mesta gestrisni er fólginn, þannig telur einn það mesta og besta sem annar gjörir ekki neitt úr, án þess að jeg ætli að dæma nokkuð um það hvað hverjum sýnist í þessu efni, ætla jeg að fara nokkrum orðum um þetta mál einsog mjer kemur það fyrir sjónir.

Misskilningur á málinu er sá að hin sanna gestrisni sje ekki undir því einungis komin að maður sje troðinn út á góðum mat eða kræsingum. Heldur hitt að manni sje tekið með alúð og ánægju og að gesturinn geti ekki fundið það á neinu að hann hafi ekki verið vel kominn; því einsog máltækið segir „glögt er gests augað“ einsog er það víst að þar sem maður er gestur þá finnur maður það fljótt ~~þó~~ ef hann gesturinn er eða hefir verið ógeðfeldur gestur. — Þetta er það sem jeg vil halda fram að sje hin rjetta gestrisni að allir sjeu kátir og alúðlegir við gestinn svo honum geti fundist hann heima hjá sjer; en svo er það líka undir gestinum komið að heimilisfólkið bæði húsbændur og hjú geti sýnt gestinum þá gleði og ánægju sem gott heimili hefir ætíð að bjóða; því hrokalegum og gikkslegum gesti er ómögulegt að taka með gleði og alúð, þegar að heimilisfólkið getur fundið það að hann gesturinn þykist máske vera svo og svo mikill, þótt hann sje ekki neitt annað en rjettur og sljettur almúga maður. En við þessu er ekki svo hætt nema hjá þeim einum sem hafa farið eitthvað í skóla en hafa ekkert getað lært og ekkert hafa haft uppúr þessari skólaveru sinni annað en að eyða peningum og svo hafa fengið þá vitlausu hugmynd inn í sitt höfuð að þeir sjeu annað og meira en sá sem ekkert hefir farið að læra og altaf hefir setið heima. Þannig mönnum er ómögulegt að taka öðruvísi en einsog þeir sjeu lagt frá manni þó þeir sjeu í húsinu hjá manni.

Og er það af þessum ástæðum að hinni íslenzku gestrisni er svo víða viðbrugðið þótt við sjeum fátækir að allir taka á móti gesti sínum með gleði og alúð, bæði fátækir og ríkir, og það eru einmitt þeir fátækari sem máske sýna enn meir af hinni sönnu gestrisni sem jeg tel því þeir geta betur sett sig í spor gestsins.

Einsog jeg hef nú þegar sagt er það sú besta gestrisni sem jeg mæti á ferðalagi að jeg geti alstaðar skoðað mig sem heima hjá mjer eða á meðal vina og frænda, enda vil jeg koma einsfram, þar sem jeg er gestur að allir geti skoðað mig sem einn af þeim.

Fleyra ætla jeg ekki að skrifa um þetta að sinni en kveð alla fjelagsmenn með vinsemd og bið að fyrirgefa flytirshugsanir þessar, sem koma hjer fram á blaði þessu; en þær eru algjörlega einsog jeg lít á mál þetta.

Steindór Jóhannesson

## Smælki

Maður nokkur hafði orðið fyrir því ~~að~~ hvað eftir annað, í sporvagni í Lundúnum, að stolið var peningaseðlum úr veski í brjóstvasa á frakkanum hans hneptum. Svo eru vasaþjófar þar fimir. Hann hugsaði að gjöra þeim grikk, og lætur í veskið í peningastað bláan pappírssnepil í peningastað með þessum orðum á: „Þar greypstu í tómt þorpari“! Þegar hann kemur heim og opnar veskið, er þar kominn hvítur seðill í stað þess bláa, og á honum stendur: „Nógu fyndinn, dóninn!“

# Árgeislinn

3. Blað. 14. Marz 1909.

Ritnefnd { Eggert Jónsson
Friðrik Hansen
Jón Björnsson

## Ísland

1. Í sumarkyrð í sumarfrið
er sælt að una brjóst þín við
ó, fagra dýra fósturland
með fjöll og hraun og sand.
Þó gengur haust í garðinn þinn
þú gjörir börn þín harðfengin
þú kennir oss við kulda þar
en karlmennska við var.
2. Vér hötum hvert, sem bindur, band,
sem bindur þig ó ættarland!
vér elskum allt, sem í þér býr
það afl sem hlekk þinn knýr,
vér svífum í þinn söguheim,
og sjáum þig á tímum þeim,
með frjálsa þjóð við fjöllin þín
með frægðarverkin sín.
3. Þú átt á fjöllum enn þitt skart
og enn er hafið slétt og bjart.
En hvar er aldna Garðars-grund
þín göfga frjálsa stund?
Ó nú er autt um þingstað þinn
er þjóðin áður valdi sinn
það leika sér nú lömbin þar,
sem Lögberg áður var.
4. Ó aldna dýra ættar-land
með urð og hver og brunasand
hve skartar vel í skýjum hátt
þitt skraut við loftið blátt,
en það sem heillar hugann mest
og hjartað til þín laðar bezt,
er grundin þín með silfur saum
hinn svala lækja-strauminn.
5. Vér hötum hvert, sem bindur, band,
sem bindur þig ó, ættarland,
og elskum hvert það afl-þann mátt,
sem orkar þér að lyfta hátt.
Þú vendir djarft til himins hátt
og heimtar réttinn, sem þú átt,
með eld þíns jökuls inn við rót
og Ægir við þinn fót.

---

6. Í sannleik ertu engu háð
ó aldna dýra feðra-láð
þú eskuvagga vor.
Á meðan berst í brjósti að,
og blikar sól við austur-hað,
þú ert oss öllum kær
þú ert oss öllum kær.

---

7. Merki „Íslands“ hefjum hátt
en hopum ei við ofurmátt,
og stönzum ei við stein á braut
en sterkum hverri þraut.
Höldum allir hönd í hönd
og hefjum á vor gryttu lönd,
og helgum allir Íslands þörf
vort afl vort líf og störf

G

## Ungmennafélagahreyfingin íslenzka á grundvelli kristindómsins

---

Á fundum félags vors og einkum hinum síðasta hefir þessu veigamikla atriði í stefnuskrá U.M.F.Í. verið hreyft og um það rætt; reyndar einungis lítið eitt, en nóg til þess þó, að ég sem þetta skrifa ekki þarf að hrósa mér af því að eiga hið fyrsta orð alvarlegra hugleiðinga um það, hversvegna þetta ákvæði finst í lögum og stefnuskrá U.M.F.Í., og hvað það í raun og veru þýði. — Með því, sem ég hér kann að segja vil ég því gjöra grein fyrir minni persónulegu afstöðu til þessa ákvæðis og skilningi mínum á því, þannig að það verði sagt í framhaldi og að nokkru leyti í tilefni þess, sem þegar hefir verið talað um það í okkar hóp innan félags.

Hversvegna þetta ákvæði, að hvert ungmennafélag verði að byggja stefnu sína á kristilegum grundvelli, hefir verið sett svo ofarlega í stefnuskrá þessa ungmennafélagsskapar, að það hefir beinlínis verið gjört að óhjákvæmilegu upptökuskilyrði, get ég að því leyti sem ég ekki þekki neinn af brautryðjendum þessarar hreyfingar, persónulega ekki sagt neitt ákveðið um. Hvort hjá þeim hafi sterkar frá byrjun legið á bak við rík tilfinning fyrir að hér væri mikils starfs þörf og lifandi starfsþrá fyrir sannan framkvæmdasaman kristindóm í landi hér, eða að meðvitund þeirra meir eða minna ljóst hefir sagt þeim að þetta mál væri að taka með, sem eitt af góðum málum, sem því ylli hinni nýju hreyfingu frekari sigurvon, þannig sem hún nú vildi starfa eindregið í þjónustu lands og þjóðar. — Hvort heldur af þessu tvennu er réttara tilgetið, skal látið ósagt, þó hið fyrra sé mun sennilegra, enda er það ekkert aðalatriði í sjálfu sér, heldur hitt að ákvæðið er til og stendur sem hið nauðsynlegasta og óhjákvæmilegasta, sem hið heilbrigðasta af öllu heilbrigðu og fyrirheitsríku í hinni íslenzku ungmennafélagahreyfingu. —

Svo að vér athugum það sem næst liggur í þessu sambandi, og sem þegar hefir verið minst ofurlítið á hér, sýndist það að hafa verið nokkuð mikið félítið, nokkuð vanlaus ævilumarfjárbrot íslenzks æskulýðs, ef hann hefði viljað fara að berjast fyrir öllu því sem þjóðlegt er gott og göfugt, viljað fara að fylkja sér í þjónustu lands og þjóðar, án þess að vilja sækja fram undir krossins merki. Til þess ætti máttur kristindómsins beinlínis sem menningarafls og verkanir hans sem slíks afls í öllum kristnum menningarlöndum að vera of auðsæar (~~til þess~~) að nokkrum þeim er starfa vill að sannri menning sjálfs sín og þjóðar sinnar geta dulist það. Vér verðum þó líka að álíta, að ein ástæðan til þessarar grundvallarhugsunar í ungmennafélagsskapnum hafi verið sú, að það sterka frá byrjun hafi álitist nauðsynlegt og sjálfsagt að taka tillit til þeirrar óhrekjanlegu sögulegu reynslusönnunar allra mentaðra kristinna þjóða, er sýnir að hér sé virkilega að tala um framsóknarafl fyrir alla sanna menning.

En vér verðum að fylgja lengra þeim hugsanagangi, sem hin íslenzka ungm.félagahreyfing vafalaust þegar frá byrjun hefir tileinkað sér og síðan fylgt, og ekki einungis segja sem svo: Hér er um framsóknarmeðal að ræða, er vér álítum ekki, sem byggir menn ungmenna láta ónotað, heldur verðum vér að halda áfram og segja: Hefir kristindómurinn á Íslandi í voru tíð verið leitt, sem slíkt öflugt framsóknarafl, og gefa þá horfurnar nú von um að hann í nánustu framtíð sýni sig sem slíkt afl? Ég hlýt því miður að álíta að báðum spurningunum verði að svara eindregið neitandi. Og ég er þá heldur ekki í miklum efa um að einmitt í því liggur grundvallarorsök þess, að ungdómur Íslands finnur svo ríka þörf fyrir að honum hefjist handa fyrir alt þjóðlegt gott og göfugt í sjálfum sér og þjóðinni. Ég vil reyna að finna aðeins mínum stað með nokkrum spurningum til allra þeirra, sem hafa opin augu fyrir því hvernig hinu trúarlega lífi á landi voru nú er háttað.

Hvaða skýringu í þessu máli getum við t.d. fengið með því að veita eftirtekt hinum hálftómu kirkjum, sem jafnvel ekki meðan á guðsþjónustunni stendur geta komist hjá að tæmast um svefn, hinum auðu gráturum fyrir altari Drottins, hvar þetta líkur lifandi kristindómi? Það mundi varla nokkur samviskusamur heiðingi, sem nokkuð þekti til kristinna trúar vilja halda fram. — Eða þó ef vér snúum oss frá safnaðarlífinu til hins daglega lífs einstaklinganna; munum vér þá ekki hljóta að viðurkenna að

athuganir um stöðugt minkandi húslestrahaldsins og altaris[eigi sam]
guðrækniiðkanir í heimilunum bendir í sömu átt. Því samanlagt
gjörir það það. Og margt margt í framkomu og framferði fjöldans
í hinu dagl. lífi segir einmitt það sama. — Og hver getur
þá neitað orsök þessa? Munu hinir sterku kristilegu lífsstraumar
sem nú streyma yfir öll önnur Norðurlönd ekki ná út til
blessaðrar eyjarinnar okkar í hafinu? Þá væri henni afskektlegu
henni samanalögu hefndargjöf. Munu þeir aldrei koma fram hér?
Þeir hljóta að gjöra það. Það segjum vér sem trúum á framtíð Íslands.
En eru góðar horfur þessa nú? Munu vorir mikilhæfustu
andans menn ekki líklegir til að veita þeim út um landið, og
þá þar einkum vor æðsta kirkjulega stjórn, sem andl. stendur
bezt að vígi? Því miður getur mér ekki synst líklegt að
svo verði. Nokkrir af þeim fyrst nefndu hafa eindregið af-
neitað og bent sér fyrir þá stefnu, að leita opinberunar Guðs
Guðdómsins ekki af hans opinberaða orði heldur með því
að kalla hina dauðu sér til hjálpar til þess að leiða sig í
sannleikann. Hvað sem um þessa stefnu að öðru leyti
verður sagt, kristileg er hún a.m.k. ekki eftir orðum
frelsarans sjálfs, sem talar einmitt svo skýrt gegn slíku.
En aftur á móti jafnskýrt segja að sá sannleikans andi —
Guðs andi, — hans eigin andi muni leiða hans lærisveina í
allan sannleika. — Og að því er hið síðara snertir get eg ekki séð,
að frá hæstu sætum íslenzkrar kirkjustjórnar sé slíkra lífs-
strauma að vænta. Eg vildi ekki verða til að tala óbillgjarnlega
eða sárt um neins trúarlegu skoðanir og tilfinningar, en eg
verð að segja, að þegar sjálfur biskup landsins á einni há-
tíðlegustu stundu, getur sagt um eitt af hinum dýrðlegu
kraftaverkum frelsarans að það geti vel verið satt, að það
hafi skeð, en að það geti eins vel ekki hafa skeð, þá geta
kristnir Íslendingar ekki annað en beðið til þessa sama
eina frelsara, að hann hjálpi kirkju sinni á Íslandi. Því
er það ekki rökrétt hugsanaleið að ganga — þetta: Geti einhver
efast um og jafnvel neitað nokkrum af kraftaverkum frelsarans,
getur hann þá ekki auðveldlega gengið lengra, efast um og
neitað fleirum af þeim og loks efast um kraftaverkið
allra kraftaverka: upprisuna og neitað öllu friðþægingar-
verkinu. Og hvar stendur þá hinn kristni maður, eða réttara
hvað er þá eftir af hans kristnu trú. — Eg efast ekki
efast um að áhangendur beggja þessara nýju stefna, anda-
trúarinnar og nýju guðfræðinnar svokölluðu, séu heilir
skilnir við sjálfa sig og gagnvart sínum helgustu til-

finningum, en að þeim skjátli stórkostlega, þegar þeir vilja
finna nýja leiðir til sannleikans og aðrar en þær, sem
blessaður frelsarinn sjálfur hefir bent á, er eg í jafnlitlum
efa um. Og hér liggur einmitt það, sem eg sérstaklega
vildi taka fram hér. Yfir hinni íslenzku þjóð vofa þannig
nýjar ískyggilegar hríðar. Mér synist yfir leitt að líta í
nýja meðvitundarlitla kristintrú, en nú þó einmitt nú
búast við skæðum og öflugum árásum, og það frá hæstu stöðum.
Það er því í fylsta máta [illegible], þegar framtíðar-
kynslóð Íslands hefst handa, sker herör um alt Ísland
fylkir sér undir krossfánann og hrópar: Vér viljum hafa
saman og lifandi kristindóm í voru landi, og á hans grund-
velli viljum vér berjast fyrir öllu þjóðlegu. — Vér viljum
þannig ekki einungis nota hann sem eitt framkvæmdaafl
í starfsemi vorri fyrir land vort og þjóð, sem nú svo
sárt þarfnast vorra krafta. Nei, vér viljum miklu meira.
Vér viljum byggja alla vora starfsemi á grundvelli hans,
og álíta hann sem æðsta takmark allrar vorrar starfsemi.
Án hans yrði öll vor starfsemi fyrir alt íslenzkt sem
bygging á sandi bygð. En á grundvelli hans byggjum vér
sem á fastri hellu. Þá verður alt vort starf fyrst og
fremst kærleiksstarf fyrir land vort og þjóð, starf sem
sýnir að vér höfum et. Þó viljum tileinka oss kristindómsins
æðsta boðorð, kærleiksboðorðið. Vér viljum starfa fyrir land vort,
af því vér elskum Guð vors lands, sem hefir gefið oss það
meðan vér lifum hér. Og vér viljum vinna fyrir þjóð vora af því
að frelsarinn okkar hefir elskað alla menn, og innrætt oss þá
elsku, en af því vér erum svo takmarkaðir og ófullkomnir
þá getum vér ekki sýnt þennan kærleika til meðbræðr-
anna þeirra, sem næstir oss eru, en það viljum vér líka gjöra.
Þannig lít eg á að sé grundvallarhugsun ungmenna-
félagshreyfingarinnar, og hún er heilbrigt starf og fögur, hin
heilbrigðasta starfs og fegursta hugsun, sem nokkur starfsemi
getur bygst á. Þessvegna hefir þessi nýja hreyfing fyrir mínum
tilfinningum svo stór fyrirheit.
En af þessum aðalatriðum um fyrir hvað vér viljum
starfa leiðir svo að lokum spurningin um hitt: Hvernig
eigum vér að starfa fyrir það? — Það er auðsætt
mál, að til þess að geta starfað á einhverjum ákveðnum
grundvelli, verður starfandinn að þekkja þann grund-
völl og standa á honum sjálfur. — Í þessu liggur ein-
mitt hinn blessunarríkasti styrkleiki þessarar hreyfingar-

að hún hrifsi Jesú af oss, að vér höfum [eigum] það, sem vér líka fyrir utan hann nauðsynlega þurfum að eiga. Þér vitum sjálf, vinir mínir! að vera kristin til þess að geta verið starfsmenn Krists. — Erum vér það? Ef einhver segir: já, það er og reyndar í fyllsta skilningi, hvað skyldi og annað vera; þá væri það mér vottur þess að hlutaðeigandi als ekki væri það. Því lítið er að heita einhverju nafni og annað það að vera það, sem nafnið þýðir. — Og varla því að hvert eitt okkar verði hreinskilið í því svari við sitt eigið hjarta og meðvitund. Þá mundi það vafalaust fremur hljóta á þessa leið: Ég er að vísu kristinn en ekki nógu heitur og gagntekinn af kristindóminum. Þannig þurfum vér þó að verða. Kristindóminum má ekki vera oss eintómt skrifað, prentað eða lært trúfræðiskerfi, (því þá væri hver [kristin-] tvílráður heitingi eða Múhameðstrúarmaður líka kristinn) heldur lifandi virkilegleiki, líf í oss sjálfum. Þá fyrst er Jesús orðinn hinn dýrðlegi frelsari vor hvers og eins, þegar andi hans þannig hefir tekið sér bústað í oss, þannig að hann stjórni vorum hugsunum, er oftar stjórna orðum vorum og gjörðum. Þetta er takmarkið. Getum vér náð því? Já, því hann hefir sjálfur sagt það. En hvernig? Með því að lesa um hann og með því að kanna líf hans og tala við hann þá getum við þekkt hann meir og meir og loks meðtekið hann sem frelsara vorn. Að starfa og biðja, það er þessi tvífaldi vegur. Það þurfum vér því að sjálfsögðu að gjöra fyrst og fremst í einrúmi. Eigi því höfum vér dýrðleg fyrirheit í orðum hans sjálfs. En líka fleiri saman. Að því er vafalaust of lítið gjört hér heima. Jesús hefir þó sjálfur sagt að þar sem nokkrir væru samansafnaðir í hans nafni, þar skyldi hann vera mitt á meðal þeirra. — En það þá ekki eitthvað áhrærir en vera á í félagi sem vill starfa á kristilegum grundvelli, að Krists nafn eða kristileg hugsjón varla nema einstöku sinnum sé nefnd. Væri það ekki mikils fremur í samræmi við tilgang félags vors, að vér tækjum það upp sem einn lið í fundastarfsemi vorri að söfnuðurinn ofurlítil stund af fundartímanum um vort skárst sameiginl. málefni kristindóminn. Það gæti t.d. verið með því móti að lesinn væri ofurlítill leskafli úr ritningunni einkum Nýja-Testamentinu, og félagsmenn töluðu svo saman um hann. — Eða þetta mætti svo sameina söng og sameiginl. bæn. — Athugið þetta kæru félagssystkini. Ég er sannfærð um, að ef vér söfnumst þannig með einlægum vilja og bæn um það að eflast í vorri kristni, þá mundi Jesús sjálfur koma í vorn hóp

og veita oss meir og meir af því, sem vér leitum eftir, og gera oss fær um að sjá og skilja að einungis hann sjálfur frelsari mannkynsins getur fullnægt trúarþörf vorri – hvers einstaks af oss, og einungis hann er líka fær um að frelsa Ísland. Og fyrst þá er vér höfum þá sannfæringu í huga og hjarta getur starfsemi vor innbyrðis og útávið orðið virkilega heillarík, því þá stöndum vér í anda og sannleika á kristilegum grundvelli.

Jóna Björnsdóttir

# Árgeislinn

4. Blað  Apríl

Ritnefnd voru { Stefán S. Björnsson

## Kristindóms grundvöllur Ungmennafélaganna

Að þrátta um trúmál er ekki vani minn, en með gætni og stillingu vildi ég skrifa nokkur orð um mál þetta, sem hreyft var í síðustu ritgerð, og kom til umræðu á fundinum.

Enginn má ætla, að ég krefjist þess, að mín skoðun sé tekin fram yfir þá er þar var haldið fram af greinarhöfundi og fundarstjóra. En þess óska ég að félagsmenn geri sér málið sem ljósast.

Það á að stofna öll félög á kristilegum grundvelli, og sá grundvöllur á að lýsa sér, í réttri breytni og framkomu hvers einstaks meðlims, það er líka siðferðisleg skylda hvers manns.

Það ætti hverjum manni að vera ljóst, að kristilegur grundvöllur er alstaðar sjálfsagður hjá kristnum mönnum, því er óþarft að taka það fram, að hann eigi að vera í þessum félagsskap fremur en öðrum, eða skyldu meðlimir í ýmsum öðrum félögum vera heiðnir fyrir það, að ~~það~~ ekki er tekið fram í lögum félagann að byggt sé á kristilegum grundvelli.

Mér finst því undir öllum kringumstæðum þýðingarlaust að vera að taka það fram í lögum þessa félags, að það sé sérstaklega byggt á kristilegum grundvelli fremur öðrum félögum innan takmarka hinnar kristnu kirkju. Þetta hefir líka greinarhöfundurinn séð, og stingur hann upp á því, að á fundum Ungmennafélagsins sé nokkrum tíma varið til bænalesturs, söngs og andlegrar hugleiðinga.

Ég efast ekki um að háttvirtum greinarhöfundi hafi gengið gott til með þessu, en mér finnst þetta mjög athugaverð uppástunga. Ef það yrði samþykt að nokkrum hluta fundartímans sé varið til bænasamkomu, mundi það bæta fáa, en vera mörgum viðbjóðslegt. Ef menn langa til að leita Krists í bæninni, er ekki heppilegt að gera það á fjölmennum fundi, jafnvel þó á kné sé kropið, og fingrunum stungið upp í eyrun eins og Fariseear gerðu.

Æskan er lífsglöð og létt og biblíulestur og bænaþulur hafa ekki ennþá átt samleið með henni í heiminum.

Kormákur

## Mentun kvenna

Á síðustu tímum hefir mikið verið rætt um kvenréttindamálið. Stúlkurnar hafa stofnað félög víðsvegar um landið. Félög þessi hafa nefnd verið uppreistarfélög, vakningarfélög o. s. frv. Hafa konurnar á félagsfundum greitt mönnum sínum — og öðrum af því kyni sem á buxum gengur yst klæða — mörg högg og stór. Marga feitlægna konuna hefir dreymt þann sæludraum, að sú kæmi tíðin, að bóndinn mætti sitja á eldhússtólnum skafa frá pottinum og hreyfa barnsvögguna með fótunum meðan hún — konan — sæti á bæjarstjórnarfundi eða jafnvel á alþingi og réði því hvernig varið væri fé landsins.

Af hverju er nú þessi hreyfing runnin? Spyrjum við konurnar að því, þá segja þær að það stafi af aukinni mentun kvenna, og mun það vera satt, að hógværar og sanngjarnar kröfur séu runnar af mentunar-þroska þeirra. Það mun og hafa verið upphaf þessarar svokölluðu réttindabaráttu, að mentuðum og greindum konum hafi dottið í hug, að fara fram á aukið kvenfrelsi með sanngirni "auðvitað". Síðan hefir þetta gripið um sig og orðið að öfgum og ósanngirni hjá fjöldanum, sem svo oft hefir misþyrmt góðum og göfugum hugsjónum, með blindum tilfinningum, og taumlausri ósanngirni. Þetta stafar aftur af mentunarskorti.

En hvernig er nú mentun kvenna hér á landi?

Ekki vantar það; nóga mentunina hefir hún fengið stúlkan sú !!!! segir fólkið um hina og þessa

sveitastúlku sem hún er að dvelja í kaupstað 2–3 vetur við að læra að sauma karlmannsföt. — Alltaf að læra að sauma föt!! Á hverjum vetri hópast stúlkur úr sveitinni til að læra að sauma í kaupstöðunum, aðrar fara á hússtjórnarskólana, og þá er nú hámarkinu náð. Hvað gera nú stúlkurnar þegar þær koma heim að vorinu eftir að hafa lært allan fatasauminn og matartilbúninginn? Koma þær syngjandi, lífsglaðar eins og farfuglarnir til að dást að vorfegurðinni í sveitinni. Nei: þær koma fölar, daprar og teknar til augnanna alltaf dauðlúnar af að gera ekki neitt, og bæði of fínar og óhraustar til að vinna úti. Inni í baðstofunni finnst þeim ólifandi, helst geta þær haldist við fram í stofu, enda taka þær hana vanalega að sér til að gera hana huggulega eins og þær komast að orði. Þær láta líma rósótt oft ósamstæð bréf á þilin, svo setja þær upp fjölda af hyllum ~~og~~ ~~[illegible]~~, og á þær er raðað endalausum smáhlutum; postulínshundum, tinköttum og ýmsum gipsófreskjum innan um myndir af vinkonunum sem standa í röðum á saumakassalokunum. Fylgir nú þetta drasl menntuninni. Nei svo mun ekki vera, fólk hefir oft rangar hugmyndir um menntun, hún fylgir ekki ætíð fallegum eða vel saumuðum fötum. Ég er ekki að segja að óþarft sé að læra fatasaum og ganga á hússtjórnarskóla, en þegar nú stúlkurnar eru giftar sýnir það sig oft, að þær kunna ekki til almennra heimilisstarfa, þá er nú orðið lítið gagn að lærdómnum. Dvölin í kaupstöðunum hefir ill áhrif á margar stúlkur t. d. tala þær venjulega slæmt mál þegar þær eru búnar að dvelja þar; og þykir þeim fínt!! að sletta útlendum orðum, jafnvel þó þau séu vitlaust framborin og eigi ekki við. Á bóklegu námi hafa margar stúlkur lítinn áhuga, sumar læra þó Dönsku, en lesa vanalega lítið og þá helst lélegar sögur sem ~~þó~~ ekkert bókmentalegt gildi hafa. Aðrar láta foreldra sína kaupa handa sér Orgel, og læra þó vanalega lítið annað en eitthvert valsagutl sem engin tónlyst er í. Margt fleira mætti um þetta segja en þetta nægir til að sýna, að menntun kvenna er ekki eins og æskilegt væri, og ekki eins mikil og margir hyggja. Þær ættu að fara varlega í kröfum sínum. Því réttindunum fylgja ætíð skyldur, sem þær munu rækja með tímanum þegar þær hafa komist framar en þær standa nú.

Kormákur

# Glæður

Eitt af því sérstaklega mikil á herzla er lögð á í stefnu okkar ungmennafél. er það að unna öllu þjóðlegu og efla og glæða alt það sem er ramm íslenzkt þjóðl. fyrir Ísl. Auðvitað er það fyrst af öllu talin hreinsun móðurmálsins, og er það ekki nema sjálfsagt að láta það sitja fyrir öllu öðru því að það er eitt af þeim megin atriðum er einkenna eina þjóð frá annari

En fleira er það enn tungumálin er skeptu þjóðunum það er gefur þeim hverri fyrir sig nokkur sér einkenni, er aðrar þjóðir ekki hafa til að bera, eða ekki í jafn ríkulegum mæli, og greina þannig eina þjóð frá annari, og mætti þar til nefna næst tungunni bókmentir stjórnar far og siði. — Þetta er nú fögur og heilbrigð hugsun hjá forkólfum þessarar hreifingar þeim hefir verið það ljóst að hversu þýðingar mikið atriði það er fyrir víðsýni og framþróun þjóðar innar, að hjá unglingunum vakni sem fyrst sem ríkust tilfinning fyrir þjóðerni sínu. — Að vísu má segja að þjóðernistilfinningin gjöri á öllum tímum eitt hvað vart við sig. meir eður minna á meðan þjóðin heldur áfram að vera til sem sérstök þjóð. Hún hefir að vísu oft senað og dofnað all mikið, og stundum hafa hennar jafnvel aðeins örlítið gætt; en jafnan hefir hún samt risið upp við að nýju hjá okkur Ísl. og látið heyra sína gjallandi viðvörunar rödd, einkum þegar einhver stórhætta vofði yfir tilveru þjóðernisins, þegar þjóðin var að því komin að enda til veru sína sem sérstök þjóð.

Þegar vér lítum yfir sögu landsins okkar þá gjörum vér glöggt að einmitt þau tíma bilin sem þjóðernistilfinningin er daufust og lætur minst á sér bera, eru líka þau tíma bilin sem þjóðin hefir verið verst stödd í einu og öðru tilliti það hafa verið hörmunga og niður lægingar tíma bil fyrir Ísl. þjóðina. — En aftur á móti þegar þjóðernis tilf. hefir endur fæðst og risið upp með nýjum kröftum og fjöri þá hefir ætíð sem roði fyrir nýjum og bjartari degi í ísl. þjóðlífi. Hún þjóðin hættir þá að ganga sem magnþrota draumóra maður á glapstigum vantrúar hinnar hugsjón-

en snýr örugg og hugglöð inná fram söknar brautina
sem liggur til frama og farsældar.
Eg hef dvalið nokkuð lengi við
þennan inngang, það sem eg sjerstaklega vildi vikja
máli mínu að í þessari stuttu grein, voru þjóðlegu sið
irnir okkar Ísl. og þá auðvitað sjerstaklega glímunnar
Enginn mun neita því að glímurnar sem ein hver
hin allra þjóðlegasta íþrótt sem við eigum um lið
og hún er nytsöm og fögur. Um marga af okkar þjóð-
siðum bæði í íþróttum og atvinnu rekstri er hægt að
segja að við höfum annað hvort erft þá frá forfeðrunum
okkar í Noregi og Skotl. eða við höfum síðar fengið þá að
láni lært þá af nágranna þjóðum okkar en sökum þess
hvað lengi við höfum notað þá og að allar aðra þjóðir
hafa fyrir löngu lagt þá niður í myndar okkur eru þeir
orðnir þjóðar einkenni hjá oss (þjóðl). Auðvitað er nú það
ekki núorið allir okkar þjóðl. siðir sem þannig eru til
komnir, og allra síst hygg eg að hægt sé að segja það
um glímurnar. Þar eð það er nú full sannað að
ísl. glíman á algjörlega uppruna sinn hjá forfeðrunum
okkar þeim er uppi voru á hinni fögru gullnu frægðar
öld og skapaðir
öld þá mestu er yfir Ísl. hefir nokkru sinni gengið.
Af sögunum okkar sjáum við að glíman
hefir átt sjerstöku áliti og ástsæld að fagna meðal forfeðra
okkar á hinum mikla blóma tíma Ísl. sem ein hin
fegursta íþrótt og list er þá var þekt, sem friðsaml. skemt
Auðvitað gat útaf því borið að friðurinn skipaði örðugið hjá
glímumönnunum til liðsloka, ef um ofsa og ofur kappsmun
var að ræða. Hitt var þó algengara að leikarinn endaði
með gleði og spekt, þótt auðvitað hafi þeir sem tóku
þátt í glímunni gengið misjafnlega á snögðir af lik-
vellinum, sem stafaði af því hve mikill full komnun
þeir hefðu náð í listinni, og hversu mikið gengi þeir höfðu
hjá heilla dísinni.
Sögu öldin mun verið hafa mesta blóma öld glímunnar
og það alt fram undir aldar hvörf sjálfstæðis tímabils Ísl.
þjóðarinnar. En þá fór eins og kunnug er að draga úr hinum
forna þrótti fjöri og harðfengi Ísl. þá fór þjóðernis til
finning og ást jafðar ástir að vera hjá hjá þorra þjóð-
arinnar. Hinir dáðríku drenglynda hetjur fornaldarinnar
voru að hverfa úr sögunni og með þeim lögðust glímurnar
meira og meira í gleymsku og dá.

& Aðvísu hefir íþróttin aldrei dáið út algjörlega hér
á landi, þótt lengum litið hafi á henni borið —
Eftir með byrk síðastliðinnar aldar fer að vakna fyrir
nýjum hreifingum í ísl. þjóðlífi bæði stjórnarfari
bókmentum atvinnu rekstri siðum o fl. Og þá fer glíman
aftur að verða á beraudi. Í fyrstu eru það aðeins einstaka
menn og einstaka sveitir sem sýna sjerstakan áhuga
og vilja á viðreisn glímuíþróttarinnar, og má einkum
þar til nefna Þingeyjinga þeir hafa lengum staðið
öðrum framar, bæði með áhuga á glímunni og í fullkomn
un listarinnar, og þaðan mun runnin sú alda er nú
um og eftir síðustu alda mót hefir gjört talsvert
vart við sig alt víða hér á landi, sem er að útbreiða sem
mest áhuga fyrir glímunni hjá yngri kynslóð þjóðarinnar
og reyna að ná sem mestri og bestri fullkomnun í henni
og ekki nóg með það heldur líka að velja eftir tekt
annara þjóða á þessari okkar fögru og þjóðl. íþrótt
Ekki er hægt annað að segja en að talsvert hafi orðið á
gengt í þessu til liti. eink. því síðar nefnda og á Jóh.
Jósefsson glímu kappi þakkir skilið fyrir þann áhuga
sem hann hefir sýnt í því að vekja eftir tekt ísl. þjóð
á ísl. glímunni, enda er hans nú mjög víða getið í erlendum
blöðum jafn framt því sem dáðst er að þeirri fögru íþrótt
er hann sýnir með sínum vel æfða glímu flokki; og sem
ekki hefir áður sjest, og hafa jafn vel margir mikil
menni erlendis í sambandi við þetta sýnt fram á það
að hér væri um sjerstaka þjóð að ræða með talsverðri
menningu, sem vert væri að veita meiri eftir tekt hér
eftir en hingað til. Þar eð hún áður sökum stað hátta sinna
og afstöðu hefði verið lít þekt af sínum nágranna þjóðum.
Hvað innbyrðis áhuga í sveitum um snertir þá mun
óhætt að fullyrða, að í flestum sveitum landsins sé
vaknaður meiri eða minni áhugi; víða eru þegar stofnuð
glímu fjelög sjerstak lega í kaup túnunum, munu kaupst.
Akureyri og R.vík standa fremst. Því efni vinst. er fyrirst.
En svo eru þetta bygðustu sveitirnar einnig byrjaðar að stofna
slík fjel. og hafa sumar þeirra okkur alt fjölmenn glímu
mót einkum að vetrinum.
En hvernig er þessu nú varið hjá okkur Skagfirðingum
yfir höfuð. Því miður held eg að við verðum að viður kenna
þann sorg lega sannl. að við stöndum nágranna sveit
unum tals vert að baki í þessu tilliti bæði hvað áhuga

snertir á málinu, og þá auðvitað sem beina afl. og
því líka í fullkomnum listar innar, að ófærum
mönnum undan skildum. — Einkum og sérl.
finst mér áhuginn sorglega lítill í vetur, sérstakl.
hér á Sauðárkrók og nágrenninu, áður hafa þó verið glímu
fél. hér að nafninu og nokkrar æfingar haldnar og jafn
vel opinber glímumót, en nú er als ekkert slíkt fél
né fáar æfingar haldnar og að eins eitt fáment opinbert mót
með lítt æfðum kröftum
Það virðist því ekki vanþörf á því að vekja máls á
þessu þýðingar mikla máli, og datt mér í hug að stinga
uppá því hvort ungmenna fél. ættu ekki sér fært að
stofna nú öflugt glímu fél. og allir góðir fél. þess beittu
fyrir því máli hver eftir sínum ítrast kröftum, bæði til
þess að vekja áhuga á því utan fél. og innan og að öðru leyti
stuðla að viðreisn og viðgangi fél. af fremsta megni
Ég geng auðvitað af því vísu að allir sem með limir u. m. f. T.
sem eru á þeim aldri og hafa að öðru leyti möguleika
til þess gengju í það fél. og mundi styrkja það sem
áhuga samir og ötulir glímu menn, en hinir aðrir
ungmenna fél. sem ekki geta glímt gætu líka á marg
an hátt styrkt það með ráðum og dáð.
Þótt ég ætlist til þess að ungm. f. „Tindastóll“ gangist
fyrir stofnun þessa fél. og gangi undan öðrum
með góðu eftirdæmi í starfsemi þess, þá ætlast
ég þó til að það verði að nokkru leyti sérstakt fél með
sérstökum lögum og sérstakri stjórn, og að utanfélags
mönnum sé heimilt að ganga í það með sömu rétt
indum. En réttast væri að þetta fyrirhugaða fél stæði
undir vernd og yfir umsjón ungm. f. með því að það
vantar minsta kosti í byrjun ýms þá skilyrði er til þess
útheimtast að geta starfað óhindrað. s. s. húsrúm
til æfinga, peninga og fleira.

Mér finst það óþolandi til hugsun að við
Skagfirðingar drögumst lengra aftur úr í þessu máli
við höfum án efa alt eins góðum kröftum á að skipa
sem hver önnur sveit sem lengra er komin og við
höfum að öðru leyti mörg góð skilyrði öðrum fremur
um fram. Aðeins að áhuginn fyrir glímunum aukist
og glæðist. Enginn efast að líkindum um nauðsyn
þessarar íþróttar fyrir ungdóminn, og fyrir heildar þjóðar-
innar í heild sinni, og því finst mér það heilög

skylda u. m. f. bæði sökum gefinna heita í skuld
bindingar skrá sinni, og vegna andans ~~og~~ í starfsemi
og stefnu niðri fél. að hugfast nú handa og vinna að
því með alhug og einlægnum áhuga að endurreysa glímu
íþróttina Ísl. hér í Skagafirði. Eitt fyrsta og réttasta sporið
í þá átt álít ég virðist stofnun slíks fél er hér að framan
er á vikið; einnig mundi heppilegt ef u. m. f. sæi sér fært
að verja nokkru fé til verðlauna einu sinni á ári. betra
að hafa verðl. mörg en smærri

Ég beini nú þar kaust til yðar ungu menn
bæði hér á staðnum og nágrenninu að þér nú hugf
ist. handa ef þér eruð sannir Ísl. og starfið að stofnun
og viðgangi áður nefnds fél með ráðum og dáð, bæði með
því að ganga í það og til að þess að starfa í því sem
ötulir starfsmenn, og vekja áhuga á glímunum útá-
frá. — Látið ekki stofnun þess og framför stranda
á deyfð leti áhugaleysi sinnisrni ~~og~~ og tvídrægni heldur
sýnið það í verkinu að þið séuð afkomendur hinna
íþróttmiklu dáðríku og þjóðræknu hetja fornaldar
innar, og að þið unnið unnsog þeirra dáð og drengskap
fjöri og íþrótta snild ásamt tungunni hreyfoti

Stefán Þ. Björnsson

## Annáll frá 19 öld og rofa

Þá var róstusamt í héraði, þótt ekki bæru
menn járnvopn sem á söguöldinni, en tungan
og penninn voru aðal vopnin. Þá rak andarnefju
ena mikla á Breiðamerkur sandi, sögðu sumir
hana 40 al aðrir 100 ál. þá er hún var skorin komu
menn úr henni 6 hross mear gráar ekki smáar
þá fóru allir hreppslæknar í höfuðið því en skottu
læknar voru á hverju strái, og var aðal fremsefnin
í lifjabúðunum þessa andarnefju lýsi og spiritus.
Þá komust korktappar í hátt verð
Þá var stofnað fél. útt á Nesi er nefndist „Fjögra
blaða rósin“ og var Ól. mágfræði formaður þess fél
næstir komum að völdum og virðingu gengu þeir
Pálmi Skotski og skóla bærðs Eiríkur. Aðal mark
með þess fél. var að losa menn við þá ófagru lygði
er hadd og gott mann að nefnist og varð fél. talsvert gengt

þá þóttust Skagfirskir bændur vera komnir að þeirri niðurstöðu að ekki borgaði sig að hafa sandi ne naut (uxa) því að þeir væru of dýrir peningar á fóðrum í tilliti til afurða þeirra er þeir gæfu í aðra hönd. voru þessar skepnur því niðurlagðar aðeins einir 3 voru látnir lifa og kostaði árlegt fóður þeirra 10000 kr. enda voru þeir afar feitir, (og voru þeir kallaðir höndlarar og þóttu peningar til stórræða) þá hafði smá böndi einn Norðlenzkur 16 ráðakonur, og var húslíf hans hreinasta fyrirmynd þótt söfnuðurinn væri harla mislitur

þá gjörði stjörnufræðingurinn Berg í Kyrrdal þá merkilegu uppgötvun að tunglið væri afar heitur hnöttur og hefði jörðin þaðan ljós sitt og hita.

Um sama leyti fann annar stjörnuspekingur H: að nafni það út að sólin væri kaldur og dimmur hnöttur sem ekki væri byggilegur nema fyrir blám og berserki.

þá gaus sú kvittur upp að Hul. stórkaupa hefði gengið í borgaral. hjónaband. með einni andgu vaðmálskrafsdúfunni svo illt varð er það ekki hefði getað til kynt vinkonum sínum þetta fyrir fram að sumar þeirra sprungu af harmi en aðrar lágu í ómegin.

þá fæddi kona manns eins á Saxlandi afar efnilegan kálf á Páskadaginn var hann vatni ausinn og nefndur Apis Kaupfel. en hann var næstum soltinn í hel sökum græðgi hundar einna sem tóku upp allar fóðurbyrgðir landsins, tóku sig þá til nokkrir ungir menn og næðu kálfinum á blóði sínu og svita dropum, ox kálfurinn þá og dafnaði þaðan fljótt og þá kom um síðir að hann gekk af hundbeinum dauðum. Eftir það blómgaðist hagur bænda stórum og framfarir og vellíðan urðu miklu meiri en áður hefðu verið.

þá heyrðist svo mikill svanasöngur að gón að menn fengu ekki sofið um nætur, en þeir er krankir voru þótti sem linaðist þjáningar er þeir heyrðu söngin. En gamlir menn hvaða þetta á illt vita. himinsendi eða annað verra

þá gekk Gunnar hatinn í Nesi svo rammt

aftur að hann gekk ljósum logum á Sauðárkr. og fekkst þar við ýmis störf svo sem bindar mensku söng kenslu o.fl. stó af þessu mikluum ótta í lýðinn hvar sem 2 eða 3 voru saman komnir var Gotti einn mitt á meðal þeirra og talaði af mikilli mælsku fjöri og anda gift um hvaða mál er var þóttist því enginn mega einn vera er dimma tók fyrir aftur göngu þessari. en svo á hyppið hafi til tekist að Kaupmenn gleymdu alveg að sinda steinol. og matvörum þetta ár, sökum þess að þeir lögðu sig aðal á verzlun á að panta sem mest vín föng áður um flutningbannið komist á en að þeirra máttlaus menn ekki vera einsog matvala og steinol.

þá sendi kaupmaðurinn Erlling sinn þjón einn til Kölska og bað hann um peninga, og setti sjálfan sig að veði en K lánaði ekki peningana hvað veðið ógilt því E væri ser áður veðsettur fyrir fe því er hann hefði haft af fá tækum.

Skarði

# Heimilið

Enginn staður á jörðunni ætti að vera okkur jafn kær, einsog heimilin okkar; en því miður er þessu ekki þannig varið nema með til tölul. fáa. En hver er nú orsökin til þess að heimilin okkar geta ekki orðið okkur svo kær sem skildi Eflaust sú að hver einstaklingur vinnur ekki að því af alhug og innlagni að gjöra þau svo skemtilleg og aðlaðandi sem hægt væri.

Mörgum finst það einungis skylda hjónanna eða húsráðendanna að vinna að því, og nokkuð hefir það að vísu við að styðjast. því eftir höfðinu dansa limirnir"; og áreiðanlegt er það að ósamkomul. á milli hjóna, og ónotaleg við búð þeirra við hjúin útrar alla sambúð á heimilinu: Þótt þessi skylda hvíli að vísu þyngst á húsráðendunum, þá er það skylda allra sem á heimilinu eru, að leitast við að gjöra það sem skemtilegast og yfir höfuð þannig að allir meðlimir húsfél. finni til þess að það laði sig aðsér og þeir eigi þar öruggann griðastað í stríði og baráttu þessa heims.

Takid eftir hve fljótt gledi bros getur horfid
af andlitum sinna manna, vid litil fjöl.
kulda legt ord af einstaklingsvörum
Hugsum okkur heimili, þar sem allir
samhuga leitast vid, ad kynna sér sem bezt
lundar far og til finningar hvers annars, og
hafa svo jafnan hug fast ad særa aldrei og hryggja
aldrei medbrædur sina viljandi. Þar sem gladlyndi
sam hygd og ridgædi sam fara gudrækni hæsti
ævarandi ljósi á alla sambúd og samvinnu.
Þar sem húsbændurnir med umhyggju og ná
kvæmni leitast vid ad gjöra hjúunum vinnuna
sem léttasta, og kenna börnunum hlýdni vid
yfirbodara sina og vel vild og hatt prýdi med
brædrunum sinum ódrum sem lægri. — Þar sem
hjúin vinna öll sín verk, med trú og dygd og
ganga glöd og starf fús til allrar þeirrar vinnu er
er þau vita ad húsbændunum og heimilinu má
til gagns og sóma verda. Slíkt heimili er
sannkalladur sælu stadur.

Vinur minn! hver sem þú ert, ef þú
hefir aldrei átt því líkt heimili frá reynslu ad
eignast það sem fyrst. Þú verdur ad gæta þess ad
þú getur svo mikid til þess hjálpad sjálfur.

Á heimilinu vinst á reggjan oft mikid med
smávegis gódgjörnislegri nákvæmni. Taki færin
til ad gjöra ödrum létt i gedi bjóda sig afinlega fram
nedsum því á hverri stundu, eru ætid fyrir hendi
annad hvort med ordum, tilliti eda gofmodi málrómi
getur þú gjört glatt og innilig hrygt.

Hafdu það hugfast ad særa ekki tilfinningar
brædra þinna eda systra þad eru svo margar tilfinn
ingarik hjörtu í kringum okkur, sem eitt
ómilt ord eda tillit getur fylt med sorg og
stiega, sérstakl. verdi sú manneskja fyrir
því sem elskar þig og sem vænast eftir og á hlynt
ing á ad alt ödru af þér. Gríptu hvert tæki færi
sem gefst, til þess ad segja eitt hvad sem gledur
láttu þú sem mest gjöra fyrir þig finna þad
og skilja, ad þú kunnir ad meta þad, ad þú þakkir
þad og takir þad ekki sem sjálf sagda skyldu.
T. d. ef þú átt foreldra, þá láttu þá finna þad
ordunum og vid mótinu og allri framkomu hugat og
gjört, ad þú metir ást þeirra og umhyggju. Létta
undir lífs byrgdi þeirra, og gjördu þeim lífid svo
gledilegt og létt bært sem þér er framast unt
Enginn mun nokkurn tímann gjöra annad eins
fyrir þig einsog hún módir þín. Þessvegna á hún
fremur öllum ödrum heimting á ást þinni og sam
hygd. Hún hefir vakad yfir þér, bedid fyrir þér, hún
hefir svo ad segja gætt hvers þins fótmáls, og reynt
ad búa þeim ölllum á vetta til hollu og hamingju
Athugadu þetta og láttu þú hana ekki vaka til
einskis, ekki bidja til einskis, sýn þú þadi verk
inu ad þú viljir skulir verda nýtur madur og upp
byggil; fyrst og fremst gagnl. og skemmtandi
medlimur húsfélagsins sem kastar hjörtu ljósi varan
trúar og kærl. á heimilislífid, og einnig landi þínu
og þjód til gagns og sóma. Þá geta foreldrar þínir
og ádrir vinir þínir og vandamenn med gledi þakkad gudi til
veru þína

Þad er i samlíkingu dýrmætara en penning
ar ad eiga geymdar i hug og hjarta bjartar og ljúfar
endur minningar frá æsku árunum máske
löngu lidnum dögum, þegar æsku fjör og lífsþrá
ólgadi i blódinu, og kendi æsku manninum til þess
ad líta ein hvers ríki vídri veröld. En svo vard
reyndin sú ad heimilid dróg hugann til sín á ný
Heim er þad ord sem aldrei gleymist þeim
sem att hefir heimili líkt því sem ádur hefir
verid á minst. Unglingurinn sem i fyrsta sinn
yfir gefur foreldra húsin til ad dvelja fjarri þeim
lengri eda skemri tíma hann telur dagana
þar til hann fer ad koma heim og
Hver fær svo lýst tilfinningum hans þegar
hann nálgast aftur æsku heimilid sitt. vid
hvern stad er bundinn ein hver gledi rík hugljúf
og sælu kend endur minning frá æsku árun
um, og svo sídast en ekki sízt ad koma
heim til pabba og mömmu þá er þráin
uppfylt.

Ad sídustu er þad þetta ord „heim"
sem vid heldur vorinni í brjósti gamal
mennisins. Þad þráir ad komast heim, heim
i födur húsin himnesku heim til heimsins alfödursins gæda

# Gömul spakmæli

Betra er að slitna af brúkinni en eyðast af ryði

Taktu þér tómstundir á eftir störfum þínum en ekki á undan þeim

Það er ekki hóglífið heldur áreynslan sem gjörir mann að miklum manni.

Sannur þrekmaður bognar eigi fyrir andstreyminu; honum vex ásmegin við hverja þraut.

Það sem skilur atorkumanninn mikilm[enni] frá meðal manni er framar öllu öðru ein bitur lund og kjark mikil, þrek til að skapa sér eindregna ákvörðun og til að láta skríða til skarar.

# Árgeislinn

5 Blað. 24 April 1909.

Ritnefnd { Emma Hansen / Eggert Jónsson / Sæmundur Sigfússon

## Svar upp á grein Hórmáks

Í 4 tölubl. Árgeislans er lítil grein með yfirskriftinni: "Mentun kvenna" eftir einhvern Hórmák, það nafn er að sjálfsögðu gerfi nafn, hversvegna vill höf. ekki skrifa sitt rétta nafn undir grein þessa?

Af því svo virðist sem ~~[illegible]~~ greinarhöf. sé fremur barnalegur, og hafi mjög lágar hugsjónir, líklega er hann þó ekki í kjöltu enn, því þá mundi honum ef svo væri farast betur orð til kvennfólksins því að flestum drengjum þykir vænst um mæður sínar og fóstrur, þá vil ég með fáum orðum leitast við að opna augun á þessum unglingi hr. Hórm þó af veikum mætti, því að sjálfsögðu ~~er~~ ég ein af þeim ófullkomnu fordæmdu, og aðeins í smáatriði vil ég til að byrja með leitast við að skýra ungætið mál fyrir honum, meðfram af því ég álít ekki hæfilegt fyrir hans þröngu og kreddu skoðanir, að fara úti mikið, jafnvel þó ég væri vaxin því. Í öðru orði greinarinnar stendur "síðustu tím. o.s.fr." þá vil ég benda höf. á að réttara hefði verið að segja á síðari tímum. Því svo langt er síðan umræddar breytingar varð vart hjá þjóðunum en þetta eins og flest annað sem fram kemur síðar í greininni bendir á að unglingur þessi sér naumast útúr augunum hann snýst bara um sjálfan sig og eins og hann

hugsaði sér að hann væri að reita flugur sem flygju í kringum hann án þess þó að vita hvað það þýddi. Höf. segir félög þau er kvennfólkið hafi stofnað séu nefnd uppreistnar félög, getur vel verið en slíkt hafa ekki aðrir sagt, en kegar[?]gjarnir "hrók-fuglar" og tillitslausir kvennhatarar sem öfunda okkur stúlkurnar af kostum okkar. Enda færir höf. ekkert það til sem sanni ~~kallast~~ að félög þessi geti ~~[illegible]~~ heitið uppreistnar félög, að vísu til færir hann það að konurnar hafi á fundum greitt mönnum sínum mörg högg og stór, slíkt eru algjör ósannindi, fundirnir munu ávalt hafa gengið út á það að reina að auka skerðan hlut vorn, alls ekki til að sýna yfirgang bændum vorum eða öðrum þeim er á buxum ganga yst klæða eins og höfundur kemst að orði, í þessu sama bandi er líka mjög heimskulegur draumur sem höf. segir marga fettlagna[?] konur hafi dreymt, sem ég ekki kæri mig um að vitna til frekar, slíkan draum er ég sannfærð um að engan undir sólinni hefir dreymt, nema bara þennan Mr. Kormák, hann er máske draumspekur!!! Hið gagnstæða hefir þrátt n. höf. líklega ekki dreymt sem þó er margra alda sönn reynsla eða ekki getur hann þess, hvernig kallmennirnir fjöldi þeirra undir oka konurnar eða kvennfólkið, t. d. mætti nefna. Hversu oft hefir ekki eiginmaðurinn, farið með síðasta peningunum sínum, út á drykkju krána til þess að svala þar drykkju fýsn sinni, á meðan konan hefir verið alein heima með sitt barnið á hverjum handlegg, og fleiri ungbörn í kringum sig, bjargarlaus og ráðalaus, til hvers hafði hún selt traust sitt?

Hvernig gafst það? Skulda eina dæmi nægir til að sanna hvílíkar ~~[illegible]~~ öfgar það eru sem höf. fer með þegar hann segir að konurnar hafi dreymt um að fara út eftir að sitja á bæjarstjórnar fundi og alþ. o fl. meðan bóndinn væri heima að gegna hússtörfum og passa börnin, hvert mundi fara vel um bóndann þó hann ætti að gjöra þetta eða kannske? Sem ég gat um áður vill herra Kormákur svara því. Nýlega framsett dæmi hlýtur hver skynberandi maður að sjá að ber greinilegann vott um það hversu kallmennirnir vilja undir oka kvennfólkið og skerða þeirra rétt sem þær hafa. Enn stendur í umræddri grein af hverju er þessi hreifing, því mun verða

andsvarað, þó ekki með því að segja að hún (hreifingin) sé komin beinlínis af aukinni mentun kvenna, heldur af því að framförin — tilfinning kvennmannsins gerir með nýjum tímum smátt og smátt dálitlar og mjög sanngjarnar kröfur, sem kallast ýmsum nöfnum, svo sem mentun í ýmsum greinum, nýr réttur til að gegna ýmsum störfum, eða saman dregið í eina heild heitir jafnrétti, við kallmenn.

Heyrirðu það Kormákur, það var einmitt jafnrétti við kallmenn sem við konurnar viljum fá, og eigum með réttu heimting á, af því konurnar eru líka af guði skapaðar og hafa alla góða hæfileg- leika eins og kallmaðurinn, það hefir reynslan sýnt, þó sjaldan þar sem konurnar hafa fengið að njóta sín, en sem betur fer eru margir góðir menn farnir að sjá það hversu kvennfólkinu hefir verið gjört rangt til frá ómunatíð. Og það er von mín að innan skamms verði orðið jafnrétti í téðu efni, ekki álitið neitt öfga orð sem herrarnir hneikslist á. Að sjálfsögðu þarf að sýna áður úthugsunarhætti Kormáks og hans líka, það ellum[?] við stúlkurnar að gjöra. Öðru í grein Kormáks ætla ég ekki að þessu sinni að svara, ekki er ómögulegt að ég gjöri það síðar, þó það sé að vísu eigi svara vert, því það er eins og hvert annað slúður og þvættingur sem því miður altaf margir temja sér, og ekki byggt á öðru en einni gamalli illræmdri kerlingu, sem hefir verið til frá því heimur varð byggður og því miður mun lengi verða til, af því að svo margir leggja henni til lífsviður[?] lald[?].

Hvað ætli þessi kerling heiti? Þekkir Kormákur hana nokkuð vel? Að endingu vil ég bjóða Kormák litla að gefa honum framvegis nýja upplýsingu og leiðbeiningu í kvennréttinda málinu, ef það þá kemur í ljós að hann getur eitt hvað ~~lært~~. Vilji herra Kormákur ~~ekki~~ kasta af sér grímunni skal ég verða viljug að láta nafn mitt í ljósi en þangað til verður því haldið leyndu.

# Góðir foreldrar.

Góðir foreldrar eru án efa ein af hinum bestu gjöfum vors himneska föðurs; en það, sem gjörir gjöf þessa svo mikilsverða, er einkum uppeldið; ef foreldrarnir ekki veita börnum sínum gott uppeldi, en hafa það að öðru leyti fari á því, verðskulda þeir ekki að heita góðir foreldrar, hversu mikið sem þeir annars kunna að elska börn sín og að sjá þeim í tímanlegum skilningi borgið; með góðu uppeldi leggja foreldrarnir ekki einungis grundvöllinn til velferðar barna sinna heldur og velferðar þess félags, sem þau eiga fyrir höndum að lifa í.

Að vísu verða ekki öll börn jafn hæfileg til að hafa not af góðu uppeldi; en oft mun orsökin verða sú, að sama atferð á ekki við þau öll; en það má efalaust fullyrða, að gott uppeldi styður meira eða minna, og á ætíð mikinn þátt í siðgæði [?] manna á þeirra fullorðinsárum. Sjaldgæft mun það og vera, þó það kunni að vera dæmi, að börnin eins og venji sig sjálf, og því sjaldgæfara að þau af ýmsum lífsnóti foreldranna læri að hafa viðbjóð á syndunum að uppeldið, þegar svo er ástatt, heppnist vel, mun tæplega geta borið við, nema ef annað foreldranna bæti upp lesti hins og afmái hneyksli þess í augum barnsins með guðrækilegri og dygðugri hegðun. Eins mun það og sjaldgæft, að gott uppeldi misheppnist algjörlega ef börnin njóta uppeldisins nógu lengi, og það á skilið að heita gott. Yfir höfuð má fullyrða, að gott uppeldi með fram leggur grundvöllinn til guðsótta, dygða og allrar menningar barnanna.

Hvernig eiga foreldrarnir að geta kennt börnum sínum góða siði, ef hjúin eða aðrir leiða þau í freistni með heimskulegri þvaðri [?] við þau, og með vondum munnsöfnuði, eða með því, á laun við foreldrana, að láta eftir syndsamlegum löngunum barnanna; en því aðeins getur gott dæmi hjúanna og hinna vandalausu eða áminningar þeirra orðið þeim að góðu, ef foreldrarnir af misskilinni elsku til þeirra taka ekki slíkar áminningar illa upp, og verða sjálfir til að afsaka ill orð og athafnir barna sinna; sérið [?] getur, að ávítanir við þau og hegning á þeim eigi ekki ávallt að koma fram í viðurvist hjúa og vandalausra manna en þess ~~þess~~ alvarlegar ættu foreldrarnir að nota sér allar bendingar um galla og yfirsjónir barnanna, þegar þeir eru hjá þeim í einrúmi, og að innræta þeim þá með þeim orðum og aga, sem kærleikurinn stilar [?] og ræður, djúpa og innilega lotningu fyrir öllu því, sem rétt er og sæmilegt.

Góðir foreldrar eða fóstur-foreldrar byggja uppeldið á þeirri skoðun að þekking til munns og handa sé betri arfur en nokkrir jarðneskir fjársjóðir, en að dygð og guðhræðsla sé þó fyrir öllu.

Það er eðlilegt, að sérhver maður vilji vita, hvað af eigum sínum verður eftir sinn dag, og sér í lagi, að það komi einhverjum til nota; en hvar skyldu foreldrarnir álíta að eigur sínar séu betur komnar en í höndum barna sinna? En ekki stendur það ávallt í valdi góðra foreldra, að skilja börnum sínum eftir mikinn af tímanlegum fjársjóðum, enda vita þeir og af reynslunni, að auðurinn verður oft bæði skammgóður og að verkfæri syndarinnar í höndum þess erfingja sem vantar vit og mannkosti til að nota hann; þeir vita einnig að hann oft verður tilefni til þrætunnar þeirra, sem guð hefir með skyldleikanum tengt hinum sterkustu böndum; og þó arfar séu góðir, ef maklegir erfingjar njóta, vita þeir samt, að menning til munns og handa er betri arfur; um hana þurfa erfingjarnir ekki að deila eftir dauða foreldranna, eftir honum þurfa þeir ekki að bíða, þangað til þeir eru dánir, heldur geta þeir strax farið að uppskera arðinn af þvílíkum arfi; með honum hefir margur fátækur orðið efnaður, margur af lágum stigum komist til metorða, en aftur á móti hefir margur sem erfði af tímanlegum fjársjóðum, orðið snauður, margur af háum stigum orðið eftir bætur [?] annara, sem lægra höfðu ætterni, af því þá skorti þessa menningu; margur, sem kom með tvær hendur tómar úti heiminn, en hafði menningu til munns og handa, og hrausta sál í heilbrigðum líkama, hefir orðið ætt sinni til heiðurs, en margur fákunnandi ríkur erfingi orðið góðri ætt til minnkunar.

Þó að góðir foreldrar því gleðji sig yfir, að geta leift börnum sínum nokkurn arf, og að ávöxturinn af sveita þeirra og stríði lendi í höndum barna sinna, láta þeir sér þó enn meira umhugað um að börnin fái andlegt atgjörfi, öðlist menningu til munns og handa, eftir þeim hæfilegleikum sem guð hefir gefið þeim. Þeir misskilja ekki svo þessa menningu, að börnin séu ekki samd af stöðu foreldranna, heldur verða þau að komast í aðra æðri og að hún skapa sé hinn einasti hamingjuvegur barnanna, heldur fara þeir eftir lyst og hæfilegleikum þeirra, svo mikið sem efni þeirra leyfa; þeir hvetjast engan kostnað til menningar börnum sínum, láta ekki gys nábúa sinna aftra sér frá ~~frá~~ að hefja þau til æðri stöðu, en þeir eru sjálfir í, ef þau hafa löngun til þess, en vita einnig, að börn þeirra geta orðið sælli og uppbyggilegri í lægri en hærri stöðu, ef hæfilegleikar þeirra eru ekki meiri en svo; ~~[illegible]~~

En framan ölle ödru byggist uppeldi götra foreldra á þeirri skatum, at dygd og gudhrædsla séu hinir einasti tryggi og óbrigdulii grundvöllur allrar sannrar velnegrunnar bornanna. Þó foreldranir gledjist yfir andlegu og likamlegu atgjörvi borna sinara, vita þeir einnig, at sá, sem meira hefir þegit, hefir og einnig meira reikning at luka: þeir sjá dagleg fyri sér þau dæmi, at oft verdur litið úr bestu gáfunum, þó engin ytri skylirdi vanti til at audga þær, eigi þær ekki at stydjast vid samviksemd, þolgædi og stödugt nám, enda eru engar gáfur svo gódar at ekki sé avalt þorf á og mögulegleiki at audga þær: þeir vita af reynslunni, at sá unglingur, sem í æskunni vakti minni vonir, vinnur oft med timalengdinni meira gagn, en sá sem alli i fyrstunni bjuggust vid langtum meira af: þeir vita einnig, at orsökin oft er sú, at sá, sem minna hafdi þegit, notadi betur hit minna en hinn hit meira; þeir gjöra sér því ekki minni vonir um þat barnid, sem minna virdist gefit, hafa ekki á því minni elsku, kalla ekki guti sitar fyri, at hann hafdi gefit sér þat, heldur en hitt, sem ödrum virdist efnilegra og betur gefit.

Skynsömum foreldrum er þat og kunnugt, at miklar gáfur og atgjörvi geta ordid hættuleg fyrir sáklaysi bornanna, svo framarlega sem þessar gáfur og þetta atgjörvi eiga ekki at stydjast vid dygdina sem vörd haldsengil og stjórnara gáfnanna. Hversu hætlir ekki mannlegu edli til, at reida sig afmjög uppá osjálfráda og medfædda yfirburdi; verdur ekki margur drambsamur af gódum gáfum, og reynir fremur at hafa þær ~~til~~ sins og til sýnis og samanburdar vid adrar minni gáfur, en at audga þær og at vinna ödrum med þeim sannarlegt gagn; gefur ekki fegurd likamans oft og einatt tilefni til hennskulegs stoerilætis, sem annara lif ~~eda~~ smjadur elur og heldur vid, framan af æfinni unynder margur sér, at á þessum grundvelli muni bygging hamingju sinnar verda reist, en þegar forsetningin kemur, deyr rósin; þegar sjúkdómurinn kemur, hverfur fegurdin; þegar eitur freistinga og syndar flekkar sakleysit, hverfur og fegurdin.

Þegar gódum gáfum ekki er beitt i þá stefnu, sem skaparinn hefir ætlast til, þegar dygd og mannkostir ekki sitja undir stýrinu, þá verda þær svo oft at verkfæri hrekkvisinnar og illskunnar; þá er betra at hafa minna þegit, en at nota gáfur sinar til at fleka bródur sinn, til at verja rangt mál, til at hnekkja réttvisi og sanngirni, undir yfirvarpi laga og réttinda.

Skammvinnar er og sigur hinna götu gáfna, ef sannir mannkostir eru þeim ekki samfara.

Engir þeir foreldrar verdskulda at heita gódir foreldrar, sem ekki leitast snemma at innræta börnum sinum lotningu fyrir guti þegar skilningur barnanna fer at þroskast; þeim er hulinn hinn ókomni lifsferill þeirra, en þat geta þeir vitat, at hann ekki einungis muni verda stráður rósum, heldur og einnig þyrnum; at kærleikurinn muni ekki ætid rétta þeim hjálpar hönd, ekki ætid gefa þeim einlæg og vinsamleg ráð i vandrædunum, ekki ætid tala vidvörunar ord i tima, til at aftra hrösuninni og ófyrirsjálegum fyrirtækjum heldur muni eigingirni og sjálfselska einatt fagna yfir óförum þeirra og tala þau; at dramb og hroki oft ekki muni unna þeim sannmælis, at illgirnin muni jafnvel breida skýlu yfir kosti þeirra, um leid og hún margfaldar eda gjörir of mikit úr yfirsjónum þeirra og brestum, og at minsta kosti breidir ekki skýlu kærleikans yfir þá; at léttúdin og gjálifit muni leggja snörur fyri sakleysi þeirra, og hvetja þegar ætti at aftra, en aftra, þegar ætti at hvetja, segja þat fagurt, sem er ljótt og varpa óvirdingu á þat, sem verdskuldar virdingu og elsku. Af öllum þessum og ödrum fleirum hættum vita gódir foreldrar, og at hinn einasti örugasti leidarsteinn á lifsins villustigum er þekkingin á og lotning fyri guts heilögum og algóda vilja. At vísu er barnsaldurinn gjálifur og litid hneigdur til alvarlegrar ígrundunar, en hann á hjarta, sem hrifit getur ordid af innilegum ástar- og þakklætistilfinningum, og þó ~~barnit~~ geti ekki höndlat lærdóma trúarinnar, eins og hinir eldri, med skilningnum, getur þat þeim mun betur höndlat þá med hjartanu; þó hinir eldri skilji trúarlærdómana betur en barnit; þessa elsku geta gódir foreldrar kveikt i barnshjörtunum; þeir gjöra þat tækifæri i lifinu, þegar þeir annathvort venda barni sinu til guts i vitur vist barnins, eda áminna þat um og kenna því at bidja hann, þeir vekja hjá því lotningu fyri trúnni ~~af~~ og gjöra því hana at hinni dýrmætasta hnossi, med því vid daulit vera og kunningja þess at sýna því fram á og brýna fyrir því lifsins hverfulleik. Gódir foreldrar finna i stuttu máli ótöluleg tækifæri til at innræta börnum sinum lotningu fyrir guti og elsku til hans, án þess at ætlast til of mikillar alvöru af þeim.

A engum kafla lifsins er madurinn eins fljótur til vináttu, eins og i æskunni, og aldrei getur elskan til annara ordid dýpri og innilegri en þá: þessa hæfilegleika barnsins nota þá gódir foreldrar, til þess at innræta því blídar og mannelsku

fullar tilfinningar. Engin dygð skín fegri en kærleikurinn, engin er sú, sem alt ástand vort á jörðunni gjörir oss eins ánægjandi og hann. Góðir foreldrar kenna börnum sínum þessa dygð, best með sínu eigin dæmi, með því bæði sjálf að varast og að kæfa niður ilt umtal og ómilda dóma um fjærverandi menn, og að afsaka, þegar afsökunum verður komið við; með því að líkna hinum þurfandi með þýðu geði, rétta hinum syrgjandi innilega meðaumkun og láta honum þá huggun í té, sem þeim er auðið; þeir kenna þeim þetta með því að leiða þeim fyrir sjónir og láta þau við tækifæri reyna að ekkert vekur sannari gleði, en að geta gjört aðra glaða og að létta böli þeirra. Gleði foreldranna yfir að geta aðstoðað huggað og líknað hinum þurfandi og líðandi verður smásaman að gleði barnanna, svo þau læra ósjálfrátt að samfinnast annara böli. Kærleikurinn gjörir öll skyldustörf lífsins ljúf; hann er grunnurinn á helgi lífsins sem flytur oss að takmarkinu þar sem kærleikurinn varir.

# Þekking og trú

Maðurinn er talinn meðal dýranna og hefur að mörgu leiti sama eðli og eiginlegleika eins og önnur dýr, sem á jörðunni lifa. Það er ekki heldur neitt óeðlilegt, þó maðurinn hafi mörg þau einkenni sem önnur dýr hafa, þar sem hann verður að lifa af öðrum dýrum og ávöxtum þeim, sem jörðin framleiðir, eins og önnur dýr jarðarinnar verða að lifa af, og auk þess eru mörg lífsskilyrði sameiginleg fyrir menn og dýr og sama náttúrulögmálið, sem maðurinn verður að beygja sig undir, eins og dýrin. En það eru margir hæfileikar mannsins sem hafa komið því til leiðar að hann hefur komist á hærra stig en önnur dýr jarðarinnar. T. d. má nefna fullkomnari líkamsbygginguna, uppréttan líkama, með handleggjum og höndum, sem gera manninn svo vel hæfan til að vinna fyrir lífsþörfum sínum; málfæri til að birta hugsanir sínar og láta tilfinningar og eðlishvöt sína í ljósi hver fyrir öðrum. En þó er þetta ekki nóg til að hefja manninn á hærra stig en dýrin, eða lyfta honum á stig sannrar menningar og andlegs þroska. Það sjáum vér af þeim sögum, sem vér höfum heyrt og lesið um villiþjóðirnar, sem búa víðsvegar á jörðunni og eru alt fram á þennan dag mikið fleiri að tölu en hinar mentuðu þjóðir heimsins. Þessar villiþjóðir eru á lítið hærra stigi en dýrin og líkjast rándýrunum í mörgum lifnaðarháttum sínum, í flestu öðru en því, að þær hugsa sér að til sé einhver æðri vera, sem þær verði að bera traust til. Og þessi æðri vera er það sem öllum þjóðum, bæði mentuðum og ómentuðum finnst þær vera knúðar til að bera traust til og byggja alla framtíðarvon sína á, um velferð sína, bæði hér og síðarmeir.

En það sem helst af öllu hefur manninn á æðra stig en dýrin, eru hans andlegu hæfileikar, meðvitundin um að hann hafi ódauðlega sál, sem komin sé frá æðra heimi, og sem sé sköpuð í mynd og líkingu annarar æðri veru, sem hefur skapað alla hluti og sem viðheldur og stjórnar öllum hlutum.
Og það er inst í eðli hvers einasta manns að vilja þroska anda sinn sem mest, og komast sem lengst í áttina til þess að líkjast að alveg fullkomnari þeirri veru, sem mannsandinn upphaflega er runninn frá; og kenningin um það að vér séum skapaðir eftir Guðs mynd, er sterkasta hvötin til að hefja anda vorn á æðra stig, til að reyna að þekkja hann og líkjast honum, sem hefur skapað oss eftir sinni mynd: því svo sannarlega sem vér erum skapaðir í Guðs mynd, þá er oss frá upphafi fyrirhugað að ná þeirri fullkomnun að verða jafnir honum, sem hefur skapað oss.
Af þessari orsök hefur það frá fyrsta tímum mannlífsins verið hin sterkasta hvöt hjá hverjum einasta manni, að vilja komast á hærra stig, leita eftir öllu því, sem eflt geti og göfgað anda sinn og láta berast á vængjum háleitra hugsjóna að því takmarki, sem hver og einn hefur hugsað sér æskilegt að ná. Þetta er það, sem hefur komið þjóðunum lengra og lengra áleiðis á braut menningarinnar. Og því sterkari sem trúin er á sigur hvers fyrirtækis, þess meiri og einbeittari verður viljinn til að framkvæma það, og því meira starfsþrekið til að beita sér fyrir því. Hrein og sönn trú er því fyrsta skilyrði fyrir allri sannri menningu og framförum í heiminum, enda mun það víðast eiga sér stað, ef þegar vér lítum yfir veraldar söguna þá sjáum vér að þar, sem mest líf og áhugi í trúarefnum á sér stað, þar er siðgæði og menning í mestum blóma. Það er líka mjög eðlilegt að trúin sé aðal undirstaða menningarinnar því það er trúin, sem lyftir huga vorum upp, til andanna föðurs og út yfir takmörk hins sýnilega; það er trúin, sem gefur oss meðvitundina um annað æðra líf, eftir þetta, og það er hún, sem minnir oss á, að lífið er ekki meiningarlaus skrípaleikur, sem ekki hafi neitt æðra og göfugra að bjóða, en

strit og mæðu, og umhyggju fyrir hinum daglegu þörfum vorum; heldur er tilgangur þess að kenna oss að forðast þær blekkingar og tálsnörur, sem sífelt verða á vegi vorum; kenna oss að hafna hinu illa en leita hins æðsta góða, því það eitt getur bætt kjör vor og gert oss sannarlega sæla.
Ef vér vildum fara að nema öll þau vísindi og fróðleik sem heimurinn hefur að bjóða oss, þá myndum vér ekki finna neinn frið né sælu í því, ef oss vantaði trúna: sanna og lifandi trú á þann, sem hefur skapað alt og stjórnar öllu, sem vér viljum leita oss upplýsingar um, og því meiri fróðleik sem vér fengjum um náttúruna og hina miklu viðburði hennar, þess meiri þörf fyndist oss á að fá einhverja sanna og áreiðanlega upplýsingu um skapara og stjórnara allra hluta; það er líka eðlilegt að svo sé, því þegar vér höfum eitthvað heyrt og lesið um þann mann, sem hefur komið miklu góðu til leiðar í mannfélaginu, þá langar oss því meir til að kynnast honum persónulega, eftir því sem vér lærum betur og betur að þekkja hve mikið gott hann hefur látið af sér leiða.
En alt sem viðber í ríki náttúrunnar eru Guðs handaverk, og stjórn hans kemur fram í öllu því, sem viðber í náttúrunni; svo að öll vísindi heimsins byggjast á því að þekkja það, sem Guð hefur skapað.

## Guð er kærleikurinn!

Jesus sagði: „Hver sem elskar mig, hann mun varðveita mitt orð.“

Ég vil biðja yðar, kæru tilheyrendur að vegja nokkrum augnablikum til að hugleiða hvort það er á móti vilja yðar að tileinka Guði hjörtu yðar og alt líf yðar um ókomna æfitíð. Ég vil biðja yður að hugleiða kærleiksverk Guðs við oss mennina, frá því mannlífið fyrst varð til á jörðunni og fram á vora daga. Þegar vér hugleiðum Drottins dásemdarverk og hans föðurlegu umhyggju fyrir oss, þá sjáum vér að öll

verk hans eru heilög kærleiksverk; því alt, sem hann hefur gert fyrir oss, vill hann að miði til þess að efla vora tímanlegu og eilífu velferð; án þess vér á nokkurn hátt höfum verðskuldað nokkurt þeirra gæða, sem hann af náð sinni hefur veitt oss. Alt, sem Guð hefur boðið oss að gera á að miða til þess að gera oss farsæla; og sæla himnaríkis er að miklu leiti í því innifalin að gera oss sæla, sem á jörðunni lifum. En hvað þurfum vér þá að gera til að geta orðið eilíflega sælir? Umfram alt verðum vér að læra að þekkja vorn himneska föður, og þann, sem hann sendi oss, frelsara vorn Jesúm Krist, þjóna honum af hlýðni og trúmensku, því án hans getum vér aldrei orðið sælir. En hvað vantar oss til að geta þetta? Oss vantar að vera nógu gagnteknir af elsku til Guðs og þakklæti við hann, fyrir velgjörðir hans við oss og að bera sannalotningu fyrir hans hátign. Og oss vantar einnig að geta lært að elska frelsara vorn meira en alt annað, sem til er bæði á himni og jörðu. Alt, sem Guð hefur gert fyrir oss, hefur hann gert af elsku til vor, og alt sem vér gerum fyrir hann eigum vér að gera af elsku til hans. Alt sem Guð hefur gert fyrir oss, eru heilög kærleiksverk, og alt, sem vér eigum að gera Guði til dýrðar, eiga að vera heilög kærleiksverk sprottin af sönnum kærleika til Guðs.

Hin æðsta af öllum Guðs velgjörðum við oss, er að hann gaf oss sinn eingetinn son, sem lifði heilögu lífi hér á jörðunni og gaf oss með því hina beztu fyrirmynd og kendi oss hvernig vér eigum að breyta, hvaða stétt og stöðu, sem vér lifum í. Hann lifði og dó fyrir oss, og eins eigum vér að lifa og deyja fyrir hann, þ. e. vera helgaðir honum í lífi og dauða. Alt, sem hann gerði meðan hann dvaldi hér á jörðunni, gerði hann af kærleika til vor og síns himneska föður; en til þess að verk hans geti orðið oss til blessunar verðum vér að trúa á hann og föður vorn á himnum; því enginn kann tveimur herrum að þjóna og af því Jesús mat það mest af öllu að þjóna sínum himneska föður, þá geta verk hans ekki

orðið oss til blessunar nema vér þjónum þeim sama föður, sem hann tignaði, þegar hann dvaldi meðal vor. En eins vill hann enn í dag og eilíflega vera meðal þeirra, sem eru samankomnir í hans nafni.

Enginn sem á jörðunni hefur lifað fyr eða síðar, hefur haft eins mikinn kærleika að geyma eins og Kristur. Þessvegna hefur hans himneski faðir gefið honum þá tign, sem er allri tign æðri; gert hann að konungi alheimsins, svo að hann stjórnar öllu, sem við ber í heiminum nú og um alla eilífð. Af þessu lærum vér, að því meiri kærleika sem vér höfum, þess meiri gæðu getum vér komið til leiðar í heiminum; því kærleikurinn er sterkasta aflið í heiminum, og bezta vopnið, sem vér getum beitt í baráttu lífsins. Af því enginn hefur elskað eins heitt eins og Jesús hefur enginn öðlast eins mikla tign, eins og hann.

En hann vill veita oss þá sömu tign, hann vill gera oss eins sæla eins og hann er; hann vill gera oss að erfingjum eilífs lífs, eins og hann er orðinn, og hann vill að vér ríkjum með honum um alla eilífð.

En til þess að vér getum orðið þessarar náðar aðnjótandi verðum vér að lifa í sannri og lifandi trú á hann og elska hann af öllu hjarta; já af öllum lífs og sálar kröftum eins og hann elskaði oss að fyrrabragði, því hann gaf sitt líf út fyrir oss, af elsku til vor. Allar þær þjáningar, sem hann varð að þola á krossinum og áður en hann var krossfestur þær leið hann af elsku til vor. Þessvegna eigum vér að elska hann og þjóna honum. Ef vér virðum fyrir oss Jesú blóðuga mynd, þegar hann var negldur á krossinn, eftir að hann var búinn að bera þyrnikórónuna með sínum sáru og svíðandi broddum og eftir allar þær háðungar, sem hann var búinn að þola, án þess að hafa nokkuð til saka unnið; og vér hugsum oss hann koma til vor núna í þessari mynd og segja við hvern af oss: Alt þetta geri ég af elsku til þín, til að friðþægja fyrir syndir þínar. Ætli vér gætum þá annað en orðið gagnteknir af elsku til hans, og tilfinningu vorrar syndasektar? Ef vér yrðum það ekki þá gætum vér ekki trúað á Jesúm og hans kærleika væri þá ekki að finna í oss. En hvernig getum vér sýnt það og sannað, að vér elskum hann

ef oss verður aldrei að þakka honum fyrir, alt sem hann varð að líða fyrir oss, ef vér tölum aldrei opinberlega um hans dásamlegu velgjörðir við oss, og alla ást hans og umhyggju fyrir oss og velferð vorri. Vér vitum að Jesús er ósýnilega nálægur oss, og veit ætíð hvað vér hugsum tölum og gerum. —

Það var nokkru eftir upprisuna að hann kom einhverju sinni til lærisveina sinna og sagði við Pétur: Símon Jónasson: Elskar þú mig? Já, svaraði Pétur. Og Jesús spurði hann að þessu sama í annað og þriðja sinn. Þá angraðist Pétur og sagði: Herra þú veist alla hluti þú veist að eg elska þig. Ef Jesús kæmi til vor og spyrði oss að þessu sama, hvern af oss, væri þá ekki gleðilegt að geta sagt eins og Pétur: Herra! þú veist alla hluti, þú veizt að eg elska þig? Jú ekkert getur verið meira gleðiefni fyrir sannkristinn mann en að geta viðurkent Jesúm sannan ástvin sinn, því enginn getur átt þjófngáðan vin eins og hann er hverjum þeim, sem á hann trúir.

En getum vér þá sýnt það í vorri daglegu breytni að vér elskum hann? Ef vér ættum einhvern ástvin, sem vér vildum glaðir leggja lífið í sölurnar fyrir, myndum vér þá ekki vilja sem oftast dvelja hjá honum, tala við hann og láta vináttu vora í ljósi við hann, þegar hann væri hjá oss; en hugsa um hann og tala um hann við aðra, þegar hann væri í fjarlægð? Jú, vissulega mundi öllum þykja unaðslegt að dvelja hjá ástvinum sínum, hugsa um þá, tala um þá og við þá og starfa fyrir þá. En hvernig getur Jesús verið sannur ástvinur vor, ef vér viljum helst aldrei láta hugann dvelja hjá honum, eða tala við hann í heitri og innilegri bæn, eða tala um hann við aðra menn? Jesús sagði einu sinni við lærisveina sína: „Sá, sem elskar föður eða móður, eða nokkurn af sínum nánustu vinum meira en mig, hann er mín ekki verður". Og vér vitum að enginn hefur gert eins mikið fyrir oss og enginn elskað oss eins heitt, eins og Jesús. Þessvegna verðskuldar hann að vér elskum hann meir en alt annað, og hann heimtar það líka af oss.

Sönn trú á Krist er í því innifalin, að vér elskum hann fram yfir alla hluti, að vér helgum honum hjörtu vor með lífi og sál, og látum það vera vora æðstu lífsgleði að þjóna honum og fylgja hans heilaga dæmi; svo alt vort líf sé helgað honum en ekki heiminum.

Það eru margvíslegar skoðanir manna í trúarefnum og fjöldinn fer eflaust meira og minna vilt í skoðunum sínum, en einkis manns trúarlíf megum vér dæma eftir skoðunum hans, því sá einn stendur næst Guði, sem elskar hann mest, því trúin er dauð án kærleikans. Vér megum eflaust með blygðun játa, að kærleika Krists vantar í hvers manns hjarta; heimurinn er altaf svo snauður af kristilegum kærleika, og kristindómurinn mætir sífeldri mótspyrnu og ofsóknum í heiminum, ekki einasta hjá þeim, sem enga upplýsingu hafa fengið um Krist og kenningu hans, heldur og hjá þeim sem eru kallaðir kristnir.

En vér eigum sem sannir Krists vinir og lærisveinar að verja lífi voru og kröftum til að glæða hjá oss trúna á hann, tala opinberlega um hann fyrir heiminum og leitast á allan hátt við að útbreiða hans ríki hér á jörðunni. Vér þurfum aldrei að vera hikandi við að boða Krists fagnaðarboðskap, né kvíðafullir yfir því, að vér vinnum ekki sigur á málefni voru, ef vér verjum efinni fyrir kristilegt málefni, því vér höfum hann þá ætíð í verki með oss, en almætti hans mun vinna sigur á öllum mótspyrnum, sem oss kunna að mæta; því sá tími mun koma, að allar þjóðir munu trúa á hann og viðurkenna hann frelsara sinn og Drottinn. Sá tími mun koma að allar þjóðir jarðarinnar munu verða þvegnar í blóði Jesú Krists og helgaðar af hans anda.

Hverri stundu æfi vorrar er vel varið, sem vér notum til að efla Guðs dýrð og útbreiða hans ríki; því stór munum fá það margfalt endurgoldið seinna. En það ættum vér ætíð að hafa hugfast, að vér megum ekki hafa Guðsorð um hönd í gáleysi, né leggja hans nafn við hégóma; því betra er að hugsa aldrei um Guð eða hans orð, en að minnast þess í skopi og gáleysi, eða án þess að bera nokkra lotningu fyrir hans hátign og heilagleika. En það hættir svo mörgum kristnum mönnum við að

leggja Guðs nafn við hégóma, þegar þeir minnast þess í daglegu tali. Hversu mikil synd, sem það kann að vera að segja ósatt eða hafa blót og formælingar um hönd, þá er það þó margfalt meiri synd að hafa Guðsorð um hönd, án þess að bera sanna virðingu fyrir guðdómstign þess.

Guð forði oss frá því að vanhelga hans heilaga nafn; hann gefi oss styrk og stöðugleika til að forðast syndina og hennar illu afleiðingar, og hjálpi oss til að komast lengra og lengra áleiðis í öllu því sem gott er; svo vér getum eftirlátið minnum yngri gott dæmi, þeim til eftirbreytni; hann gefi að vér getum staðið stöðugir í sannri og lifandi trú til vorrar dauðastundar. Þetta ættum vér ætíð að hafa hugfast og með þessum ásetningi ættum vér að ganga að hverju því verki, sem vér tökum oss á hendur. Á hverri stundu æfinnar eigum vér að hafa það hugfast, að þjóna Guði af trú og dygð, og reyna til að innræta það hjá æskulýðnum að ganga á Guðs vegum. En vér ættum jafnframt að hafa það hugfast að vegja æfi vorri til að ryðja oss og eftirkomendum vorum beina og slétta lífsbraut, upplýsa hana með ljósi þekkingarinnar og sannleikans, og prýða hana með blómum þeirra ávaxta, sem hið góða sæði Guðs orða getur framleitt þar, sem því er sáð í góðan jarðveg.

Sæmundur Sigfússon

Grundvöllurinn sanni!

Í síðasta blaði „Argeislans" fær einhver félagsbróðir minn undir nafninu „Kársmákur" nokkrum orðum um grein eftir mig er birtist í næsta blaði á undan með yfirskriftinni: „Ungmennafélagshreyfingin íslenzka í grundvelli kristindómsins".

Ég ætla mér ekki að vera langorður í svari mínu og bið margt lið þess. Get ég aðeins nefnt þrent af ástæðunum fyrir því. Fyrst það að ég hefi munnlega á fundi drepið á það, sem mér finnst vera aðalatriðin í grein þessa minna einnar og félagsbróður.

Í öðru lagi það, að málið, sem við ræðum um hefir þegar hvort sem er lítilli athygli félags vors, nýju að sér, og loks í þriðja lagi af því og ~~ég~~ hygg að við tveir í aðalatriðunum séum samdóma um málið. — En ég veit þó að tæla rétt að ég drepi einnig skriflega á það, sem ég hlýt að álíta athugavert í grein Kársmaks.

Það er þá aðallega þrent. Fyrst þetta ákaflega varhugavert að hvort það félag er stofnað er af mönnum, sem tilheyra kristinni kirkjunni hljóti að sjálfsögðu að vera kristilegt. Nei, það félagsbræður og vinir bræður. Svo <u>ætti</u> það <u>að vera</u> en svo <u>er</u> það <u>ekki</u>. Það er sannarlega þýðingarlaust fyrir heilt félag sem einn einstakling að bera <u>kristið nafn</u>, ef það er <u>ekki kristið</u>. Og þar sem Kársmákur svo afdráttarlaust út frá þessari hugsun segir að þetta ákvæði, sem ég skrifaði um og vil segja að alt eigi að byggjast á og helgast af, sé þýðingarlaust, veit ég einungis að benda honum til baka í grein mína. Því hún gengur einmitt að mestu leyti út á að sýna hversu alveg sjálfsagt og lífsnauðsynlegt <u>þetta</u> ákvæði væri í <u>þessum</u> félagsskap á <u>þessum</u> tímum og undir <u>þessum</u> kringumstæðum, sem nú lifum vér. Eitt þriggja er þá það ástæður mína, sem hann eru fjarri þar sem <u>óljósar</u>, og veit ég þá að skýra þær, eða þær eru um óljósar <u>honum</u>, og verður hann þá að lesa þær aftur, eða í þriðja lagi eru þær einskisvirði í sjálfu sér engin rök og verður hann þá að hrekkja þeim. En ég varð því neita að segja það og verð að halda áfram að segja það eins og það stendur fyrir mínu sjón, að þetta ákvæði um kristindómsgrundvöll í allri starfsemi ungmennafélaganna virkilega <u>er</u> og <u>verður að vera</u> herópið hins íslenzka æskulýðs móti þykkingum nafnkristninnar á Íslandi; — rödd-hrópandi rödd óvægra krafta í nútímans neyð.

En svo held ég áfram og vildi sýna að vér ungmennafélagar ekki mættum láta lenda við ákvæðið eitt, í framtíðinni skefjunskra, því þá er það einnig hjá oss dautt orð, en að vér verðum hver einstakur fyrir sig og félagið einnig saman sem að efla oss í að gera þetta ákvæði að virkileglika í voru lífi, gefa því líf og anda í vorri starfsemi. Og hér er það einmitt að Kársmákur, sem þó vill víta of gáleysi og stillingu og gjörir það til þessa, hvorki er gálaus né stiltur. Ég er viss um að hann vill sem samvizkusamur maður lesa grein mína aftur og vita hvort nokkurstaðar þá standur uppáskriftir um það frá mér, að vér förum í fundum vorum

að kyrja á hné að Farisea sið og stinga fingrunum í eyrun. Og eg er þá líka jafnviss um, að hann mundi hvergi finna það eða neitt í þá átt, því það stendur þar ekki og á líka alls ekki að standa þar. En því meðhöndlar þá vinur minn grein mína eins og það stæði þar? – Annars er einmitt þetta, sem fyrir mínum sjónum er annað athugaverðasta atriðið í greininni, og sem á yfirborðinu sýnist að skilja leiðir okkar, almennt skoðað fyrir okkur sjálf mjög eftirtektavert. Þetta að öll viðurkenning mannsins fyrir öðrum jafnvel kunnugum [illegible] á Guði sínum og frelsara hljóti að einhverju meira eða minna leyti að vera Fariseiska, hræsni eða að minnsta kosti samneinuð hræsni. Eða því skyldi það vera. Mun það hafa verið í hinum fyrsta söfnuði, þegar hið kristilega kirkjufélag ekki var stærra en svo að það rúmaðist í einni stofu. Mun það þá vera svo í þeirri kristnu kirkju enn í dag um öll kristin lönd safnast í kirkjuhúsin sín til söngs, messu, bænahalds, prédikana og annara kirkjuathafna, eða mun það vera hræsni fyrir þeim þúsundum ungra manna og kvenna, sem um öll Norðurlönd – nema Ísland safnast til biblíulesturs og samtals bæna og söngs í kyrþey og í minni hópum. Eða hvað segir Jesús sjálfur einmitt um þetta. Mun sameiginleg guðsdýrkun fyrir nokkra í flokk, ekki miklu fremur eftir hans orðum vera eitt skilyrði fyrir sönnu kristnulífi, og hinn eðlilegasti vottur þess.

Ég sagði í byrjun þessara línu að ég hefði þá hugsjón að við þessir tveir, sem um eigum að saman um þetta mikla mál, mundum einnig eiga skoðun málsins saman í raun og veru þegar til als kæmi. – Það er þó víst óttalegt að orða það svo að það sé von mín að svo sé. – En í niðurlagi greinarinnar „Karmáks" verður sú von mín svo undarlega slegin. En hún heldur þó áfram að vera mín von. – „Æskan er lífsglöð og létt og biblíulestur og bænafundir hafa ekki hingað til átt samleið með henni í heiminum." Mér finnst sem alveg annar maður skrifi þetta, og ég trúi því ekki enn að þetta eigi að standa svona. Ég vildi svo innilega ~~hafa~~ óska þess að enginn ungmennafélagi vildi hafa skrifað svo, þó ég sjái að einn hefir gjört það. En menn geta í ógáti orðað rangt, og svo hlýtur hafa verið hér. Eða hvernig skyldi nokkur geta í einni línunni rétt um það að ungir menn leiti Krist í bæninni og svo í þeirri næstu línu sagt að lestur biblíunnar hafi aldrei átt samleið með æskunni. Ég get ekki skilið orðin öðruvísi en slíkt sé æskunni óeðlilegt, fjarstætt og óeðlilegt. Og svo á þá slík æska að geta verið lífsglöð og létt

Ég vænti að ganga nær vini mínum og biðja hann umsvifalaust að segja mér hvað meinar hann? Hvers eiga þessir ungu menn að leita? Hvers – ef ekki þess eina Jesú Krists, sem fæddist, lifði og starfaði í Gyðingalandi, sem dó þar, upprisinn þar og steig þaðan til himna – sem er Guðs sonur og frelsari mannkynsins. En – er það ekki Kristur biblíunnar? Og hvað þá: Hvernig getur nokkur ætlað sér að finna þann, sem er fjarlægur honum, án þess að vilja fara þá leið, sem liggur til hans. Mun það nóg að standa hjá við annan enda vegarins og heyra óminn af rödd hans langt framundan sér segjandi: „Komið til mín". Mun það nóg segi ég að standa þar og biðja þess og óska að maður mætti finna hann, en fara hvergi? Nei. Vegurinn til Krist – sem hver verður að fara til að finna hann liggur í gegnum fyrirheitin um hann – allan undirbúninginn undir komu hans – gegnum hans eigin orð, gegnum hans eigin kenningar fluttar af honum sjálfum og þeim, sem hann hefir gefið anda sinn til þess, gegnum hans eigin lífssögu, hans eigin leiðsögn um rannsókn ritninganna, um lestur, starf og bæn. – Í stuttu máli gegnum biblíuna. Ég er sannfærður um það, og ég vona hjartanlega að við tveir séum samdóma um það. En ég er líka jafn sannfærður um það og hefi þá líka staðreynd fyrir mér í því, að því að eins getur æskan verið lífsglöð og létt í orðsins sönnustu og göfugustu þýðingu, að biblíulestur og bæn með sínum blessunarríku ávöxtum sé henni óaðskiljanlegur förunautur á leið hennar. Þessi setning er gagnstæð hinni, en hún inniheldur sannleika – ómótmælanlegan sannleika af því hann er staðfestur af þúsundum já miljónum ungra manna og kvenna, sem fyrst við að hafa reynt það hafa fundið sig hamingjusama. Og hann hlýtur þá líka að gilda fyrir okkar lítið félag. Án hans viðurkenningar í orði og verki á það enga framtíð fyrir höndum, er hafi nokkurt verulegt gildi fyrir oss eða aðra.

Jón Bjarnason

# Hausthugsun

Nú er hinn harði árstími genginn í garð. en sumarið búið að kveðja, sumarið, sem færir gleði og ánægju með komu sinni. því þá vaknar alt til nýs lífs. Með komu sumarsins vakna nýjar vonir í hjörtum manna, en með komu vetrarins er einsog þessar vonir leggist í dá, en þær deyja ekki, því með hverju sumri vakna þær á ný. því segir máltækið: „Það er annað haust hugur, og annað vorhugur“: Á sumrum safna menn forða til vetrarins, og viti þeir sig byrga, gengur veturinn í garð þeirra, sem gamall tryggðavinur. En þeir sem ver eru undirbúnir, vænta síður á vinahót, því alstaðar fer veturinn um og leikur þann jafnhart, sem hefir aðeins þunn og slitin klæði og lélegt hreysi að hírast í, sem hina er búa við alsnægtir í góðum húsum. En þannig hefir drottinn hagað því, svo hinir betur staddu fengju ástæðu til þess að rjetta hinum bágstaddari hjálparhönd, og til þess að sýna þeim (bágstöddu), að hann (drottinn) hefir nóg ráð til þess að fæða þá, og sem sönnun uppá handleiðslu drottins má nefna orð ritningarinnar: Lítið til fuglanna í loftinu, hvorki sá þeir nje uppskera og ekki hlöður safna þeir í kornhlöðu, og þó fæðir yðar himneski faðir þá: Já hann fæðir fuglana, en hann ætlast til þess að vjer mennirnir sjeum líka hjálpsamir við dýrin. og á því gefst oss einatt færi: tökum sem dæmi litlu fuglana, sem eru hjer hjá oss yfir harðasta tímann, fuglarnir sem um sæla sumardaga, syngja oss ljúf lög, með ljettum og hreinum rómi, og í jötum fjenaðarins er dýrmætt fóður fyrir þessa litlu vini vora, ef vjer aðeins viljum kasta því útá vetrar hjarnið, þá mundum vjer, oss til ánægju, sjá þá tína sjer fæðu úr sallanum.

Vjer eigum því ætíð að hafa opin augun fyrir kjörum annara, og muna eftir því að skilja ekki dýrin eftir, og leitast við að bæta þeirra kjörin eftir því sem kraftar okkar leyfa, því það eru dyggðir, sem skarta í augum drottins, þó því aðeins, að það sje gjört af fúsum vilja, en ekki eins og Kains fórnin, sem drottinn hafði ekki velþóknun á.

Á öllum tímum sannfærumst vjer því um handleiðslu drottins. Þökkum honum því fyrir sína föðurlegu handleiðslu á oss á umliðnu sumri, í stundlegum og andlegum efnum, og felum oss hans föðurlegu umhyggju á komandi vetri, felum oss honum, sem ljet sól rjettlætisins Jesum Krist, ljóma til vor í gegnum vetrarins myrkur og kulda. og sýndi oss með því að: „þegar neyðin er stærst, er hjálpin næst“, að þegar í kring um oss er dimt og dapurt, þá er það þó aldrei á svo háu stigi, að ekki nái drottins náðargeislar að ryðja sjer braut til vor, ef vjer treystum honum.

Ó! fögur er vor fósturjörð, um fríða sumardaga. En hún er líka vegleg þegar hún hnýtir gullnum lindum að höfði sjer á heiðríkum vetrarkvöldum, og getur, líka þá, vakið ljúfar tilfinningar í brjóstum manna.

Í Nóvember 1909

Þorvaldur Þorvaldsson

# Árgeislinn

1. bl. 23. Janúar 1910

Ritnefnd
Friðrik Hansen
Sigurður Á. Björnsson

# Til athugunar.

Þegar vér athugum, með fullri tilfinningu fyrir þjóð heill vorri þær horfur sem nú eru í landi voru, hvað snertir skiftingu þjóðarinnar til hinna ýmsu atvinnugreina ~~þessa~~ þessa lands þá verðskuldar að álíta að hér sé um misskilning, ef ekki hugsunarleysi að ræða (hjá miklum fjölda fólks) á gagnsemi og arði hinna ýmsu atvinnugreina. Gangandi þá útfrá því að allir hafi þann tilgang með störfum

sinum, og baráttu sinni fyrir sínu eigin lífi,
að gjöra hvern lið sem allra mest gagn sinni þjóð
og sínu landi, vinna útkvað það, sem að sem allra
mestu leyti geti stutt og eflt heill og hag landsins
í nútíð og framtíð. Ég vil ganga útfrá að allar
heilbrygðar hugsjónir gagnvart störfum einstaklinga
anna byggist, á þannig lögðum grundvelli.
Af því að vér vitum að ókomni tíminn stendur
í svo nánu sambandi við nútímann að nærri
liggur að, kalla megi hann eðlilega afleiðing hans,
þá hljótum vér einnig að viðurkenna að, á vorum
störfum eiga framtíðarstörfin að byggjast.
Við þessa athugun hlýtur hver maður að sjá, hve
stór áríðandi það er fyrir hann, sem þjóðarvin
og tímans barn að haga þannig sínum störfum
að áframhald í sömu átt geti átt sér stað um
langan aldur og alltaf stutt og eflt þroska og
þrif, þessarar smáu og þreklitlu þjóðar, þjóðar
sem byggir það land, sem samanborið við flest
önnur menningarlönd, má teljast áreitt að og
ekki nema að nokkru leyti numið, land sem
flestum löndum fremur hefir í sér fólgið
gull og gnægtir, fyrir þá sem, nema, þekkja, og
þreyja, land sem krefst áhuga og elju, sona sinna
og dætra, til þess það veiti þeim ~~þarfa~~ þarfir, en
þá í ríkuglegum mæli.
En gáum nú að, er nú þessum kröfum frá
landsins hálfu fullnægt – nei, og aftur nei, langt
í frá.
Aðal atvinnuvegi þessarar þjóðar – landbúnaðinum
er alltaf lítill sómi sýndur, já svo sorglega gengið
framhjá ýmsum möguleikum til umbóta
og viðreisnar á ~~þ~~ íslenzka landbúnaði, að til stórra
vandræða horfir, og er ástæðan fyrir því aðallega
það og annað þessa sem að honum vinna.
Stór hluti þessarar smáu þjóðar virðist vera
svo gjör blindaður af leti eða værugirni að, hann
ekki sér þörfina á því að styðja þennan atvinnu-
veg með því að vinna að honum, vinna landið
lifa í landinu sjálfu og því sem það framleiðir
beint ~~og~~ óbeint; Hjá heldur vært og frið í sinhverjum
Tómthúskofa niður við sjó þaðan sem hann geti

sótt sín föng í sjóinn þegar best er og blíðast, annars
hvíld og ró, og sofið, hagðin fyrir öllu, athuga það
ekki, að þurkanir lifnaðar leiðir fyr eða seinna ~~til~~
til örbirgðar og ómögulegs lífs, en í þessu ástandi
lifir ~~nú~~ mikill fjöldi af því fólki sem byggir
okkar íslenzku kauptún og sjávarþorp. Jú þangað
virðist fólkið sækja, í þessa staði sem ástæða er til
að ~~halda~~ segja um að, eins og liggi í loftinu og fólkið
andi að sér, í stað hreinlag útlandads lífsloftsins, kærulys-
singirni, sjálfsþótta, og siðleysi.
Þessa löngun og hugsunarhátt, verður mér að til einka
andlegum þroskaleysi eða tilfinningarleysi fyrir sínu
rétta köllun.
Lítum augnablik á nunnum sjónum mann standa
að sínu vinnu upp til landsins, þar sem hann sam
stillir sitt vöðvaspil við unaðstóna kvikra söng
fugla og liðandi, seiðandi lækjarniðs, svo og um
vofinn glitskrúði grasanna fögru og fjallanna gæða
sem glóa og glitra eins og demantar hvar sem augað
lítur, mert og langað í silgeislaflóði brendi sólar,
sólar sem sendir ^(lossandi) geisla sína ofaná jörðina, ofaná
blómin, sem náttdöggin hefir perlað sig ~~ofaná~~ á
ofaná fuglana, sem með sínum á dar nefnda
söng hverja um fegurð náttúrunnar og sína
eigin sælu, ofaná fénaðinn, sem dreifir sér
um algrænar hlíðar um engjar og börð, ofaná
börnin, sem í sakleysi og algleymi æskunnar
flétta sér, og hvort öðru blómsveigi úr skrauti
plöntum túnanna, ofaná starfandi fólkið,
sem uppfekið er af hugsun, um áframhald, og upp
fylling á þeim kröfum sem lífið gjörir til þess,
ofaná bændabýlin, fögru og friðsælu ~~sem~~ ^(ein)
stór og smá. Ó að þau væru fleiri og stærri.
Hvers félagssystkin hvað má valda þessum
undrum að fólkið skuli ekki fleira en það gjörir
bita sína starfsþoli að landbúnaðinum.
Það mun aldeilis ekki fjarri skyldu okkar ung
mennafélaga, að athuga þetta mál, með alvar-
legu að ástæðum og svo eftir mætti og möguleik
um að ráða bót á.
Það vanandi sjáum við mörg að landbúnaður-
inn er lífakkeri þessarar þjóðar, og þó vér ~~fi~~

eða sjáum það kraka, vitum vér öll vodann búinn og þó ekki sigti okkar, sem sjálfboða í neyði, um hill þessa lands að reyna okkar ýtrusta krafta, til útrýmingar því fári sem í ~~því orsök~~ þessu er valdandi.

Til afarlitllar skýringar á því hvað Íslenzka þjóðin lætur sér lítið annt um landbúnaðinn skal þess getið eftir landhagsskýrslunni, að árið 1907 er öll fólkstala í landinu 82.500, þar af búa í verzlunarstöðunum og kaupstöðunum 25.725 og því í sveitunum 56.775 þó eru hér talin með sveitunum öll sjávar-þorp sem hafa hundrað íbúa og færri. Árið 1901 voru jafnmargir menn við landbúnað á Íslandi og árið 1801, en nú fjölgaði þjóðinni á nítjándu öldinni í kringum 31 þúsund, sem því hefir alt gengið annaðhvort veg en til landbúnaðar.

Hér finnum við því sið, hve hagkvæm eða hitt heldur fyrir þetta land, hefir verið fjölgun og stækkun kaupstaða, hvað þetta snertir að ótöldum ýmsum illum áhrifum sem sveitirnar hafa orðið fyrir frá kaupstöðunum, svo sem, misþyrming á voru máli útbreiðslu ýmsra sóttveikja o.fl. o.fl.

Í þeirri traustu ~~að~~ sannfæringu von, um vaxandi sameiningarmerki vakkaðum sjáandeildar kring hjá okkar alþýðu mönnunum, sem og skýrari skilning á landsins mestu þrifa málum, enda og þeirrar búnar með ósk um að sem allra flestir konur og karlar þessa lands finni hjá sér þeirra skyldu og hvötum ákaga til að hlúast fyrir þessu landsins mesta og dýrmætasta velferðarmáli landbúnaðinum og því með tímanum, og það sem fyrst geti þroskaðist fram, ekki einungis á vonglyfum vonar heldur veruleikans að takmarki sælu og sigurs, því þá er fyrst fengin full trygging fyrir framtíð þessa lands þó munu fljótt samast eða rætast spádómur skáldsins vonarstaka á framtíð þessa lands, þar sem hann segir. Sveitirnar fyllast, akrar hylja móa brauðvitir sonum móður moldin gjöfa o.s.frv. Hamingjan veiti hverjum vonudjörfum syni eða dóttur þessa lands, uppfylling á þeirra vonum.

Sigurður S. Björnsson

# Fróðleiksmolar

## Frumagnir og frumvægi

Vísindamenn telja víst að sólin hafi einusinni endur fyrir löngu, verið heitur gufu hnöttur og frá henni séu allar jarðstjörnurnar komnar. Þær rása kringum þessa stóru móður sína, eftir ákveðnum brautum og fastsettum lögum. Sólin með þessum börnum sínum kallast sólkerfi. En þannig er alt hið takmarkalausa alheimsrúm fullt af óendanlega mörgum sólkerf-um. Fastastjörnurnar eru sólir, en börn þeirra, reikistjörnurnar, og eru ekki sýnilegar sökum fjarlægðar frá jörðinni til þeirra. Þessi sólkerfi eru ekki í kyrð, eftir ómælanlegum kringmynduðum brautum svífa þau með feikna hraða. Og hinir einstöku hnettir innan hvers sólkerfis rása kring-um móðurhnött sinn, sína sól, sem veitir þeim líf og krafta. Hringferð þeirra er tvö-föld eins og hjólsins, sem samtímis snýst um möndul sinn og veltur áfram veginn. Þannig hefir það gengið frá því „ár var alda“, og þannig heldur þetta líf áfram, til tímans enda. Tíminn er eins óendanlegur, og rúmið. En hver hnöttur og hvert sólkerfi á sinn aldur, hefir orðið til — fæðst — lifir — hrörnar — og liður undir lok, en önnur sólkerfi fæðast og lifna á ný — Það er þannig með tilveru sólkerfa og himinhnatta, einsog með tilveru manna dýra og jurta. Einsog alheimsrúmið er fullt af sól-kerfum í óendanlega stórum dráttum, eins er hér á jörðinni í óendanlega smáum myndum alt til orðið af ómælanlegum grúa smá kerfa, þessi kerfi, sem svara til sólkerfanna í veraldar r. eru frumagnir. Einsog hnattkerfi eru mynduð af hnöttum, þannig eru ~~frumagnir~~ frumvægi mynduð af frumögnunum. Og einsog hnattkerfi ~~eru mynduð~~ í alheimsrúminu eru aðskilin hvort frá öðru

með afarmiklum fjarlægðum, er hvert einstakt frumvægi fjarlægt hvort öðru, og er sú fjarlæg hlutfallslega eins mikil og fjarlægðin milli sólkerfanna. Og einsog að lokum bæði sólkerfinn sjálf og einstöku hnettir í þeim rása eftir ákveðnum ~~einstökum~~ brautum, þannig er einnig hvert einstakt frumvægi, svo og hvert einstök frumögn, í sífeldri hreifingu eftir sinum ákveðnum brautum.
Hver er sá alsherjar kraftur, sem heldur öllu þessu jafnvægi bæði í öllu og er alt í öllu?

Almáttug vera!

Plágur

# Árgeislinn.

2 blað 6 Febr. 1910

Ritnefnd
Gísli Jónsson
Þorbjörn Björnsson
Þórunn Kristjánsdóttir

## Lífsgleði

Nóg er til af gleði í heiminum ef menn aðeins náð handfesti á henni og kynnu að halda henni. — Það er með gleðina, eins og með gullið í jörðinni og grasið á jörðinni. Það þarf að grafa eftir gullinu og það þarf að hreinsa það og bræða til þess að það verði gjaldgeng mynt. Grasið þarf ræktunar við og það þarf verndar og vörslu til þess að geta sprottið vel. Sé ræktunin vanhirt eða farið skakt að þá kemur kyrkingur í sprettuna. Sé skógurinn rifinn úr hlíðinni þá glatast jurtirnar er spruttu í skjóli hans — Fái áin að hlaupa úr farvegi sínum og bera sand og grjót uppá grænar eyrar, og sé því ekki skeytt í tíma, þá fer þar allur gróður forgörðum. Þannig er það með gleðina, ánægjuna yfir lífinu, lífsgleðina. Unaðurinn og nautnin af því að lifa og njóta lífsins eins og það er, með öllum sínum gögnum og gæðum göllum og brestum. Sú lífsgleði er hverjum manni eðlileg og áskópuð. Hún er lögð í brjóst hverjum einasta hvítvoðungi í hverjum einasta móðurfaðmi þessa lands — og allra landa. Ef barnið er eigi andlegur vanskapnaður, andleg vanmetaskepna frá upphafi sinna vega; og þessi ánægja og þessi gleði er komin svo berlega í ljós hjá börnunum er þau dragast á legg, hún á að geta enst alla æfina, og það lengri æfi en alment gjörist nú. Það er nesti, sem á að geta enst ferðina út, skamtað af þeim er vel vissi um þarfir vorar. En við þurfum að halda lagloga á því og vera sparsamir heldur en hitt. Við megum ekki snara því fyrir hunda og hrædýr, ekki vera of bruðlunarsamir, því að ef við verðum „uppiskroppa“ á mörkinni á miðri leiðinni, þá er illa farið. (~~þegar skepnan, sem átti að kenna okkur er þrotinn fyrir vangæslu og hirðuleysi sjálfra okkar, þá er illa farið~~). Þegar skepnurnar, sem átti að hrekkva okkur er þrotinn fyrir vangæslu og hirðuleysi sjálfra okkar, þá skal enginn treysta því að slíktur gæsir fljúi í munn sér og þá blasa öndvert við manni hin verstu afdrif. En það er fleira sem varast verður en bruðlunarsemin. Við megum ekki dryggja í pokanum okkar sjálfir eins og Sveinn skotti — með óleyfilegum hætti.
Lífsgleði vor getur farið margvíslega forgörðum. Hún á sér marga óvini og þá viðsjála, og sammerkt þar, sem oftar að sá höggur er hlífa skyldi.
„Grísir gjalda, en gömul svín valda“. Foreldrar eiga oft þyngri skuld að gjalda afkvæmi sínu en alment er talið og ætlað, og til hvers eru ær og kýr, lönd og lausir aurar, sem menn stritast við hver í kapp við annan að geta látið eftir handa börnum sínum, ef hinn andlegi arfur er tóm skjaldaskrifli og bangabrot? Og svo er ennfremur hver sinnar gæfu smiður. Trúa mín er það, að að mikill hluti hinnar andlegu eymdar og örbyrgðar, óánægju og lífsleiða, sé sprottinn af því, að brotið er á móti hinu besta er maðurinn á í eðli sínu, meðþyrmt hinum smávaxna og viðkvæma gróðri, sem sprettur og dafnar inst í fylgsnum sálarinnar, og á að veita ilm og angan á alla lífsleið vora, þótt blómskraut jarðarinnar fölni og

hnigi í dá, og hamingjublómin visni um stund. Nú er það víst, að engin hefir sitt eigið hold hatað og hver vill sjálfum sér vel, en þó er hitt jafnvíst að margur tortímir sjálfur lífsgleði sinni, og sé nú farið að grafa eftir orsökum, þá bitnast en bóndinn að þeim, er uppólu, að þeirri kynslóð sem til moldar er hnigin. Að þeirri kynslóð, sem lét ána brjótast úr farvegi sínum, og gjörði ekki að og reif skóginn úr hlíðinni. Að þeirri kynslóð sem sjóðkvar í höndum, sem sáði og sáði ekki; eða illu einu og plantaði — út eitt — eða svíkst um alt saman. Í einu orði, að fortíðinni. Að öllum þeim ættlilegum höftum og böndum, sem lögð eru á einstaklingsfrelsið í líkamlegum og þó einkum andlegum efnum. Að þeim úreltu og óhollu skoðunum og siðvenjum, sem haldið er fram í krafti og myndugleika gamallar venju og hefðar. Að þessu beraðt bóndinn o. fl. o. fl.

Lítið til fuglanna í loftinu" Ekki safna þeir í "kornhlöður forðum nú en þá, „Skoðið akursins liljugrös" Ekki hafa þau lært að vinna eða spinna, og halda þó blóma sínum. Sjáið hvítvoðunginn í vöggunni og smábörnin í leiknum, ung og óspilt. Ætli þau sé ekki sjálfum sér líts? Lík því sem þau voru fyrir þúsundum ára. Ætli lindir lífsgleðinnar séu ekki jafn ríkulegar í brjósti þeirra nú sem fyr. Möguleglikarnir, hin innri skilyrði til að lifa farsælu og ánægðu lífi jafnmikil, og eftir litla hríð eru þessi fjörugu og glöðu börn búin að slíta barnaskónum sínum og eigi einungis þeim heldur öllum skónum sem þeim voru gerðir til ferðarinnar, komin á kaldan klakann með berar fæturnar. Orðin neistalaus og nær því hungurmorða. Orðin leið og þreytt á lífinu — eins og það reyndist þeim — og öllu sem það hefir að bjóða.

Sammerlega er hér ekki alt með feldu eða með lagi leikið. Það liggur í augum uppi. Lindir gleðinnar hinn rennandi straumar að innan, hefir að líkindum stíflast, svo að öll framrás hefir lepst eða verið veitt þannig að hann má ekki vera að nokkurn til frjóvgunar og svölunar, og eflaust hefir slyst í skónum fyrir of nái er kynni af „glóðum elds"

„Eflaust mætti hér langt mál rita" þótt því verði slept fyrir margra hluta sakir. En þeirri ósk og þeiri von vil eg viðauka, að frá okkur víki sú kaleikur sem eg hefi minst á hér að framan. Og vil óska þess að ánægjulindirnar, sem spretta upp í brjóstum okkar, haldi áfram að renna og streyma, lifandi og heilnæmar, haldi áfram að frjóvga þau blóm og gefa þeim líf og liti, er þekkja lífsferil okkar. Haldi áfram að svala og hressa í hita og þunga dagsins, svo við vanræknumst ekki á veginum og umfram alt vil eg óska þess að við göngum ekki svo athugalaust og blint útá bálið að við brennum skóna okkar og stöndum svo berfættir á köldum klakanum

---

Höfund ritgjörðar þessarar er mér ókunnugt um; hún hefir áður verið þulin á skemtifundi og gefin út á prenti. og þareð mér fanst margt það sagt í ritgjörðinni, sem ekki væri fjarri að hinir yngri menn gætu þört sér í nyt, þá áleit eg það vel tilfallið að birta hana í blaði Ungmennafélagsins „Tungustóll"

Gísli Jónsson

# En til athugunar

Í síðasta blaði "Árgeislans" var grein með fyrirsögninni „Til athugunar". Eg er höfundi þakklátur fyrir þá viðleitni, sem "hann sýnir með því að vekja menn til umhugsunar um það efni, sem greinin gengur útá því það er sannarlega ekki vanþörf á, að hugsanir almennings leiddust frekar að búnaði en er, því eg er viss um, að því nánar, sem það er athugað, þess fullkomnari vissa fæst fyrir því að landbúnaður er sú langtryggasta, farsælasta og frjálsasta atvinnugrein, — sé skynsamlega að farið — jafnt hér á landi, sem í öðrum löndum.

Orsökina til þess að það gefa sig færri við landbúnaði en gjöra, álít eg vera aðallega þá, að það stendur ekki nægilega ljóst fyrir almenningi hve arðvænleg þessi atvinnugrein er, og orsakar það mikið vöntun á skýrslum og nákvæmum reikningum yfir kostnað og afurðir búnaðar yfir höfuð Það hefði máske átt betur við að höfundur hinnar áður—

nefndrar greinar hefði komið með bífrödislegar
athuganir! Þvíað eg verð að játa að hér er fiflimo átt á
forsæddsmotþví að eg skuli voga mér í þann háa lesst, að tala
um búnað og nytsemi hans, þar eð eg hefi rekið aðra
atvinnu síðan eg fékk nægilega þroskaðann skilning
á því sem gjörist hefi í kringum mig og mætti margur
halda að hugur minn mundi vart hvarflað hafa til búnaðar;
en þessu er ekki þannig varið, og vil eg því leyfa mér
að draga fram á sjónarsviðið þær hugmyndir, sem hvarflað
hafa í huga mér um það efni Eg hefi ekki lært búfræði
og byst því við, að margt af mínum hugmyndum verði
fáfræðislega framsettar, og mun eg því gefa búfræðingunum
efni til að stinga niður pennanum, til þess að rífa niður
þá loftkastala, sem eg hefi byggt og bygt hér í búnaðar-
legum efnum
Til þess að ráða bót á því sem miður hefi mátt fara í
búnaði hefir af tilhlutun hins opinbera verið stofnaðir búnaðar
skólar, sem hafa átt að sýna mönnum framá, í hverju
búnaðinum hefir verið helst ábótavant, og sem eg efast ekki
unnað þeir hafi gjört. þó árangurinn af því starfi skólanna
sýni sig ekki hjá öllum þeim sem á þá ganga eins vel
einsog vera ætti og eins og tilgangurinn hefir verið við
stofnun þeirra, en í slíku er máske ekki að sakfella
skólana heldur þá er þá sóttu, að hugur lærlinganna
hafi ekki fylgt eins vel máli sem vera átti.
Það mun enginn vera í vafa um að þekking er
undirstaða allra þeirra framkvæmda og framfara, sem
varanlegar eiga að vera og lengi standa, að undir-
staðan sé bygð á bjargi, sem ekkert afl megnar að
hreyfa við. og því dýrmætari er sú þekking, sé hún ekki
bygð eingöngu á bókstafnum heldur og á reynslunni
Þessa þekkingu-eða undirstöðu- eiga menn við kost
á að fá í búnaðarskólunum, en hvernig er hún notuð?
Eflaust munu búnaðarskólar ætlaðir bóndaefnum, að
tilgangur þeirra sé ekki sá að þeir sem í þá ganga
ofmetnist ekki af þeim lærdómi sem þeir fá þar
svo að þeir finni sig of „fína“ til moldarverka, né að
sé ómissislöstur „lítin“ yfirburgi þá svo að þeir ekki
nenni að reyna á hina líkamlegu krafta sína
þá þeir hafa lokið náminu. Því miður eru til
þessa dæmi og þau of mörg og of kunn almenningi
en svo, að eg álíti þess þörf að sýna þau hér

Ekki finst mér til ofmikils ætlast af þeim mönnum
sem sótt hafa sína mentun til búnaðarskólanna að
þeir hafi lært svo mikið, að þeir væru færir um að
leiðbeina þeim, sem heima sitja og ekki hafa efni
á að ná í frekari mentun. og þó eg ekki sé annað
en, að þekking bæði í bóklegum og verklegum efnum
sem að búnaði lúta, geti með því móti verið betri
og meiri en alment gjörist ef áhuginn væri
meiri en er
Eg gat þess í byrjun máls míns að orsökin til
þess að fleiri gæfu sig við búnaði engerðu væri sú að það
þoði ekki nægilega ljóst fyrir almenningi nytsemi og
arður búnaðar. Eftir mínu áliti er það, sem búnaður tekur
mestum framförum af ex það að fleiri, sem sérþekkingu
hafa fengið í þeim efnum leituðust við að skýra þetta
fyrir almenningi meir en þeir hafa gjört. Þessir menn
eiga að sýna þeim, sem minni þekkingu hafa
ekki einungis nytsemi og þýðingu jarðabóta heldur
og það sem getur komið til greina til framfara
í kvikfjárrækt og ýmsum öðrum búháttum og
skynsamlegum búreglum Eg ætla það launavert ef
sýnt er framá hvað mikla þýðingu það hefir fyrir
landbúnað að bændur bæti kynferði kvikfjár síns
og hirði það svo vel og hagantlega að afnot þess
aukist meir en svarar kostnaðaraukanum við betri
meðferð og gefa greinilega skýrslu um alla aðferð sína
í þessu efni Þeir ættu að sýna með glöggum reikningi
bygðum á þekkingu og reynslu hvað mikið að kosti
hirðing og framfæri hverrar skepnu eins og nú tíðkast
og hvað miklu meiri afnot hennar séu en kostnaðar-
aukinn. Eg hygg að enginn greindur bóndi, sem
búið hefir til lengdar á sömu jörð þurfi að vera í vafa
um það hver peningstegund gefur honum mestan
arð að jöfnum tilkostnaði en þessu munu alltof fáir
bændur hafa veitt eftirtekt og þurfa því að fá hvatir
til að gjöra það sjálfum sér og öðrum til fróðleiks.
Þeir eiga að geta séð hvað mikil afnot þeir hafa t. d.
af hverjum 100 Kr. virði í hverri skepnutegund fyrir sig.
hvað miklu þeir verði að kosta til hirðingar viðhalds og
framfærslu þessa stofns og hvað mikið þeir verði að gjalda
af honum. Eitt er það, sem er sorglega mikil vöntun
á í íslenskum búskap, og það er ónákvæm reikningsfærsla

yfir allan kostnað og afnot búnaðarins. Ef bóndi
er spurður um útgjöld og afurðir bús síns þá er það
hrein undantekning — ef hún er nokkur — að hann geti svarað
því nákvæmlega. Til þess að geta gefið nákvæma skýrslu
þarf búið að virðast á vordögum ár hvert og í lok hvers
árs gefinn reikningur yfir allan kostnað — þar með
talið fæði og kaup allra verkamanna öll útgjöld og
stofnsins viðhald og fl. er þar kynni að geta komið til
greina — svo og arðinum af búinu, sem er fólginn í
auknum jarðrækt aukning og endurbót húsa fram yfir
nauðsynlegt viðhald á ári hverju svo aukningu stofns-
ins sjálfs hvort sem er í kvikfjenaði dauðu og loksins í fé
sem kann að vera lagt fyrir
Ef það er nauðsynlegt, sem eg veit að engum rétt-
hugsandi manni komi til hugar að neita að gefa greinilega
skýrslu um arð og tilkostnað hverrar skepnu á búi manns
þá hlýtur það líka að vera ómissandi að geta gjört
sjálfum sér og öðrum skýra grein fyrir arði og tilkostn-
aði hvers verkamanns á heimilinu. Mér finnst það ætti
ekki að vera svo örðugt að reikna til verðs fæði hvers
af hjúunum árið í kring; kaupið er oftast tiltekið
fyrirfram, en það ætla eg vandasamara að meta
sanngjarnlega daglega vinnu hvers af hjúunum fyrir
sig allt árið og þó er það nauðsynlegt ef menn eiga
að geta gjört grein fyrir arðinum af hverju hjúi, ef
menn eiga geta með ástæðum sagt hvað mörg hjú
bóndinn á að hafa í samanburði við gæði og stærð jarðar-
innar og bústofninum sjálfan
Eg hygg að til þess að geta gefið nákvæma skýrslu
yfir það sem eg hefi bent á hér að framan, mun lop-
lega hægt — eftir föstum reglum — nema til séu
sanngjörn búalög sem meti sanngjarnlega eftir
vissum ákvæðaverkum allt það starf sem fyrir kemur
í öllum greinum búsýslunnar
Að lokum verða menn að geta sýnt með ástæðum til
hvers og hvernig eigi að verja öllum afnotum búsins
Hvað eigi að hafa til fæðis og klæðis heimilinu og
hvað til verzlunar, hvað eigi að verzla inn og hvað
út og fyrir hvað eigi að verja verzlunarvörunum
Eitt er það sem mikið er ábóta vant, en sem
mjög er nauðsynlegt í búnaði, og það er að læra að nota
vinnuaflið

Það mun engum koma til hugar að neita því
að mannsaflið sé dýrara en önnur afl sem
notuð eru til vinnu yfir leitt, en ýmsar kringum-
stæður sem við Íslendingar verðum að laga okkur eftir, neyða
okkur til að nota það afl meir en nú er farið
að tíðkast annarstaðar og er því nauðsynlegt að læra
að beita því afli, sem haganlegast og best
Menn ~~sem~~ þurfa ekki einungis að geta gjört
sjálfum sér og öðrum grein fyrir því hvaða vinna
er arðsömust á hvaða tíma ársins fyrir sig, heldur
þurfa menn líka að læra að nota tímann
fyrir verkamennina áður þess þó að ofbjóða þeim
Hvert verk ætti að hafa sinn ákvæðistíma, að
svo miklu leyti sem því verður viðkomið og þegar
hægt er ætti verkið að vera unnið alltaf af sömu
mönnunum og eftir sömu reglu
Allt heimilisfólkið getur verið á ferð, önnum að
vinna allan daginn, en lagleysi, óhaganleg
verkaskipan getur gjört það að verkum að 10
menn afkasti ekki meiru en 5 menn hefðu gjört
ef ekki vantaði gott lag, góða stjórn, og reglu
Það var ekki meining mín með línum þessum
að staðhæfa, að þær skoðanir sem eg kem hér með
um búnað séu svo, að aðrar geti ekki verið til réttari
enda mundi slíkt dyrfska af mér þar eð eg get
hvorki talað af reynslu né þekkingu. Eg býst við
að manni með nógu þekkingu og reynslu muni
finnast að eg af fáfræði talað hafa, og kemur mér
ekki til hugar að reyðast slíku því eg lít ekki
svo stórt á mig að eg finni mig upp yfir því
vaxinn að taka fyrir góða vöru það, sem aðrir mér
fróðari koma með í þessu efni
Að endingu vildi eg óska að í framtíðinni yrði
þetta málefni meira athugað af almenningi en
verið hefir og samtök gjörðu gjörð til að koma
búnaði í betra horf en nú er

Gísli Jónsson

# Árgeislinn.

3. blað 6. marz 1910

Ritnefnd:
Kristinn B. Erlendsson
Árni Daníelsson
Daníel

## Óregla.

„Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í hann“, segir máltækið, en það er þó betra seint en aldrei, af því fleiri börn geta farið sömu leiðina.

Það væri ekki ótilhlýðilegt fyrir okkur ungmennafjelagana, að gjöra tilraun til að byrgja brunn óreglu og skeytingarleysis, sem við höfum, svo mörg, fallið ofan í, því ef við gjörum það ekki þá er viðbúið að fjelagið okkar detti sjálft ofan í þennan leiðinlega brunn, sem við höfum verið allt of iðin að grafa.

Það er eins með þetta fjelag, eins og flest önnur að það samanstendur af nokkrum einstaklingum, en það er ekki eins áríðandi fyrir öll fjelög, eins og þetta að fundir sjeu vel sóttir, því ef við mætum ekki nokkurnveginn reglulega á fundum, þá er fjelagið dautt, eða að minsta kosti sefur það þá. Jeg hygg líka að engum okkar dyljist það, að þessu er þannig varið. En þá spyr jeg, hversvegna eru fundirnir eins fámennir eins og raun hefur á orðið? Ekki er það af því að við vitum ekki hvenær fundirnir eru haldnir, allir fjelagsmenn vita, að þeir eru venjulega annanhvorn sunnudag. — Ekki er það af því að við vitum ekki að það er skylda okkar að sækja fundi svo opt, sem hentugleikar leyfa — Ekki er það heldur af því að við höfum ekki tíma til þess, það sýnir sveitafólkið sem að öllum jafnaði sækir fundi miklu betur, en kaupstaðarbúar — Ekki ætti það heldur að vera af því að okkur sje sama um fjelagsskapinn, því þá höfum við svikið ekki einungis sjálfa okkur, sem þannig kunnum að hugsa, heldur líka fjelagið okkar, og landið okkar. Ekki vil jeg heldur álíta að við vörpum allri okkar áhyggju uppá fjelagsstjórnina, treystum henni til að uppfylla allar skyldur við fjelagið, en komum svo í „hámessuna“ á eptir eins og vel vandir rakkar, sem eru ánægðir á meðan þeir missa ekki alveg sjónir á húsbændum sínum.

Jeg verð að játa það að ástæðan er ljót og óheiðarleg, vægast sagt er það kæruleysi, sem veldur illa sóttum fundum! — Þeir meðlimir þessa fjelags, hvert það er karl eða kona, sem láta sjer standa á sama um það, hvort þeir gegna skyldum sínum ~~ekki~~ vel eða illa þeir þurfa að læra betur, og þeir munu [illegible] hjá því, fyr eða seinna, því öll vanrækzla hefnir sín sjálf.

Jeg hefi nú farið nokkrum orðum um óreglu þá, sem kemur fram við illa sótta fundi, en það er líka önnur tegund af óreglu, sem hefur náð undur miklu valdi yfir okkur ungmennafjelögunum, óregla sem virðist hafa verið alin upp með fjelaginu frá fæðingardegi þess, og sem þar af leiðandi er nokkurskonar brjóstmylkingur ~~þess~~ elstu fjelagsmeðlimanna, eðlilega hafa svo nýir meðlimir vanist ómissaman á það sama, svo nú virðist, sem allflestir, nokkuð áberandi fjelagsmeðlimir, standi þar skör framar, en brýn nauðsyn krefur. Það sem jeg á við, eru óformlegir fundir. Jeg vil leyfa mjer að segja svo stórt að fundarstjórn hafi stundum verið svo vítaverð að hún næstum neyddi menn til að virða að vettugi lög og fundarreglur, þessi óregla gjörir fundina bana-lega mjög leiðinlega og opt og einatt talsvert lengri, en þörf er á. Það er skylda fjelagsstjórnarinnar og þá einkum formannsins að kippa þessu í lag, og jeg treysti honum til að gjöra það samviskusamlega.

Það er ekki meining mín að óreglan á fundunum sje að öllu leiti fjelagsstjórninni að kenna, það er mjög mikils varðandi að allir fjelagarnir hafi það hugfast að þeir eiga að koma fram prúðmannlega og formlega.

Að endingu vil jeg taka það fram að það aðalsatriði

fyrir góðum og hillavænlegum fjelagsskap, að mæta stundvíslega á fjelagsfundum, þeir sem það gjöra og þeir eru alltaf nokkrir, þó fáir sjeu, þeir vita hvað það þýðir að vera á rjettum stað á rjettri stund, en hinir sem virðast fylgja föstum reglum í því að mæta ekki stundvíslega, þeir þurfa að skilja sjálfa sig talsvert betur, þá mundu þeir ef til vill skilja það, að þegar þeir eru ekki þar sem þeir eiga að vera á rjettum tíma, þá eru þeir að rífa niður það sem hinir byggja. „Reynum að vera heilir, ekki hefir [illegible] hamingju vora [illegible] okkur sjálfir".

Sjáfarborg í febr. 1910

Árni Daníelsson

# Starfsemi

Til þess að geta lifað þurfa menn að starfa. Engir menn munu komast svo af, hjer í þessum heimi að þeir þurfi ekki eitthvað að vinna fyrir sínu lífsviðurværi. Það er náttúrlega mjög mismunandi hvað mikið menn þurfa að hafa fyrir lífinu, og sömuleiðis mjög misjafnt hvað menn hafa upp úr starfseminni. Nokkrir [illegible] starfa með andanskröftum aðrir með líkamskröftum, eptir því, sem hver er lagaður til eða eptir því sem lífið hefur úthlutað þeim, en allir starfa á einhvern hátt, og allir eiga líka að starfa eitthvað. Sumir fátæklingar öfunda auðmennina, og segja, „gott á hann þessi, hann þarf ekkert að gjöra". En þetta er skökk skoðun. Það er opt og tíðum að auðmennirnir hafa langtum meiri áhyggjur, og eg vil segja eru hvergi nærri eins sælir og fátæklingarnir. En svo er nú auðvitað millibil [illegible] mörg milli auðlegðar og fátæktar, og þar er alltaf fjöldinn. En svo [illegible] mjög að aðal umtalsefni mínu þá er allur fjelagsskapur starfsemi. Menn ganga í fjelög til þess að beita kröftum sínum í

sameiningu, hver með öðrum, allir fyrir einn og einn fyrir alla. Reynslan hefur sýnt það að slíkt er rjett skoðun, að það sem einn fær ekki áunnið, það geta fleiri, ef þeir í sameiningu beita kröptum sínum í rjetta átt, en þeir þurfa allir að vinna og láta sjer annt um að ná því takmarki, sem fjelagið hefur hugsað sjer að ná. Enginn má skerast úr leik eða ganga undan merkjum þegar eitthvað þarf að gjörast, því það veikir starfsþrek fjelagsins. Opt heyrir maður hina og þessa fjelagsmenn segja sem svo, „jeg get ekki þetta, það er ekki tilneins að vera að kjósa mig til þess arna, jeg held það sjeu aðrir færari til þess, en jeg". Opt hefur þetta við nokkur rök að styðjast, en opt stafar það einungis af viljaleysi, eða vantrausti á sjálfum sjer. Því hóflegt traust á sína eigin krapta, er einmitt eitt af því, sem er alveg ómissandi afl, til þess að geta starfað.

Að menn liggi á liði sínu í fjelagsins þarfir af tómu viljaleysi, það er hlutur, sem ekki má eiga sjer stað í neinum fjelagi. Hvernig færi, ef enginn vildi vinna neitt í þarfir þess fjelags sem hann er í.

Satt er það að víst að starfsþrek manna er misjafnt, og menn misjafnlega færir um að vinna af hendi það sem skyldan býður þeim annaðhvort fyrir sjálfa sig eða, en ef viljinn er góður, þá er enginn vafi á því að flestar hindranir verða [illegible].

Það er ekki sjaldgæft, sjerstaklega í nýstofnuðum fjelags og líka í eldri fjelögum, að starfinu er hlaðið á einstaka menn, auðvitað eru það þeir mennirnir sem fúsastir eru um að starfa, að minsta kosti álíta menn að svo sje. En það er ekki hægt að segja um það hvað mikið af starfskröftum er hulið. Það er ekki svo sjaldgæft að menn gangi í einhvern fjelagsskap og eru meðlimir lengri eða styttri tíma, án þess að gjöra annað, en fylla meðlima töluna og gjalda sitt tillag. Mjer finst að þetta ekki eingöngu þeim að kenna heldur öllu fjelaginu í heild sinni

kannske

Þessir menn hafa aldrei átt kost á að sýna
hvað þeir geta, eða að hvaða gagni þeir
geta orðið fjelagsskap sínum, af því þeim
hefur aldrei neitt verið falið að gjöra í fjelags-
ins þarfir. Jeg sagði áðan að störfunum væri
hlaðið á nokkra menn, já auk heldur opt og tíðum
sárfáa, þó meðlimir sjeu talsvert margir.
En hver verður svo eðlileg afleiðing af þessu?
Auðvitað sú að þessir fáu menn eiga máske ómögulegt
með að koma því í framkvæmd, er þeim hefur
verið á hendur lagt. Því það má gera ráð fyrir
sem vísu, að þeir, hafi þeim skyldum að gegna
annaðhvort fyrir sjálfa sig eða aðra, að þær taki
upp mestann starfstíma þeirra. Það er því
ekki afsinlega af vígaleysi hjá þessum mönnum,
að vanrækslu á sjer stað. Það er alls ekki rjett
að leggja allt starf og alla ábyrgð á einstakra manna
herðar, því fjelagsskapurinn er ekki fremur í
þeirra þarfir, en hinna, er ekkert vinna að
vexti hans og viðgangi.
Er ekki hægt að ráða neina bót á þessu, einhver
vegur hlýtur að vera til þess, en hver skyldi vera
sá rjettasti og auðveldasti?
Eins og jeg drap á áðan, þá mun það vera vanaleg-
ast þegar myndaður er einhver fjelagsskapur, að þeir
eru kosnir og starfsmenn, sem fúsastir eru álitnir
til þess. Þetta er nú í sjálfu sjer rjett og eðlilegt í
byrjun. En svo þegar starfsemi fjelagsins eykst, þá
þyngir að því skapi á þessum mönnum, þeir eru
kosnir í allar nefndir, og til allra framkvæmda.
En þetta er að mínu áliti skökk ~~skoðun~~ aðferð.
Væri ekki hægt að jafna störfunum meira niður.
t.d. að kjósa óreynda starfsmenn með hinum, sem
eru æfðari, til ýmislegs, sem gjöra þarf. Sumir
munu segja að þá lendi allt starfið á þeim sem
vanari eru og duglegri. Það getur satt verið að það
verði tilfellið fyrst, en það getur lagast. Jeg geng út
frá því, sem sjálfsögðu að sá sem fremstur er í
nefndinni verði formaður hennar, þá er honum
nokkuð í sjálfsvald sett hvað mikið eða lítið hann
lætur hina meðnefndarmenn sína starfa, hann
getur sagt þeim að þetta verði þeir að gjöra og ef

nú svo verður reyndin á að starfið verður
þeim ofvaxið, þá verður hann að hjálpa þeim
að koma því í framkvæmd, ef unnt er að láta
ekki þann sem er getuminni til framkvæmda
alveg verða útundan að starfa. Mjer sýnist að það
væri helzt hægt á þennan hátt að kenna mönn-
um að starfa, og skeð geti að þeir kraptar, sem
ónotaðir liggja, geti orðið fjelagi sínu til mik-
ils gagns og þarfa, bara hægt sje að brúka þá.
Enginn vafi er á því að með starfseminni
vex áhuginn. Allir fjelagsmenn þurfa
að starfa, því þá vita þeir að þeir eru með-
limir fjelagsins, annars er hætt við áhuginn
dofni, og það er enginn vafi á því að af því
stafar svo hve illa fundir eru opt sóktir, af
að mönnum finst þeir ekkert hafi þangað að gjöra.
Starfsemi hvers fjelags, er auðvitað mjög mismun-
andi, og því hægt að jafna henni nokkuð
niður á meðlimina eptir æfingu og hæfilegleikum.
Reynum að láta sem flesta starfa, skiptum
um störfinu milli fjelagsmanna, svo að
sem flestir, bezt allir, hafi eitthvað að gjöra,
það eflir fjelagsskapinn, og styrkir fjelags-
skaparbandið.

Kristinn B. Erlensson

# Jafnið kröfurnar

Starfsemi ungmennafjelaganna miðar víst í fám orð-
um sagt, að því, að gjöra æskumennina andlega og líkam-
lega fjölsama, með heilbrigða sál í hraustum líkama.
Þetta er fagurt og hátt merkmið og þess vert að allir rjetti
hönd, sem nokkuð geta, og hjálpi áfram starfinu, því, ef því má
leiða ómetanlegt gagn fyrir land og þjóð.

Eitt af stóru skylyrdunum fyrir að þessu takmarki verði náð, er það að siðferðið verði bætt og hreinsað, kröfurnar færðar upp, og umfram allt jafnaðar, þannig að sömu kröfur sjeu gjörðar til karla og kvenna í siðferðislegu tilliti. Það er mjög langt frá að kröfurnar sjeu jafnar nú, sem gjörðar eru til karla og kvenna að því er siðferðishreinleik snertir, og í því eigum vjer brotinn þátt í fjelagi við margar aðrar þjóðir, en ekki er okkar brot skárra fyrir það.
Jeg ætla í fám orðum fyrst að sýna fram á að þetta er satt, ef einhver kynni að vera, sem ekki hefur hugsað um þetta mikilsverða spursmál, í sambandi við sannar framfarir, og kannske vill ekki jafnvel, viðurkenna það sem sannleika.
Vjer skulum taka dæmi. Það eru karl og kona bæði hneigð til drykkjuskapar, hafa kannske bæði meðfædda, erfða tilhneygingu, og fullnægja henni bæði eptir getu og vild. Hvort haldið þjer að verði ver úti í augum almennings? Engin vafi — konan. En má jeg spyrja, hvaða rjett hafa menn til að dæma hana harðar, fyrir sama brot, en manninn?
Engan — als engan — dómurinn skapar bara þetta óheyrilega ranglæti að gjöra hærri kröfur til siðferðisþreks konunnar, en karlmannsins.
Og svo annað dæmi. Ung saklaus og góð stúlka, kemst í kynni við ungan mann. Hann kemur henni til þess að elska sig, svo hún trúir honum og treystir, en hann ætlar sjer ekkert annað með hana, en hafa hana að leiksoppi í sínum óhreinu höndum. Hún sjer það fyrst, þegar það er um seinan, að snaran hefir verið egnd með kossum, kærleiksorðum og trúnaðarheitum, bara til þess að falli yrði þess óruggara og dýpra. Og það sem hún hefti upp úr kunningsskapnum — já, ástinni sinni, vonunum sínum — er lausaleiksbarn.
Hvort þessara verður svo ver úti í almenningsálitinu? Vjer vitum það vel, sem nokkuð þekkjum lífið. Framtíð stúlkunnar er í flestum tilfellum, alveg eyðilögð. ~~Framtíð~~ ~~stúlkunnar~~ Opt eru foreldrar t. d. óheyrilega harðir og ómildir við dætur sínar, er þannig hrasa, hvað þá heldur aðrir, og hvaða myndar piltur, skyldi vilja eiga stúlku, sem hefur átt krakka í lausaleik!
En pilturinn sem hrösuninni olli, hann stendur jafn heyprjettur eptir sem áður. Sárfáir menn kunna auðvitað að ámæla honum, fyrst í stað, en að þetta hafi sett nokkurn varanlegan blett á hann — fjarri fer því — Og sjest mundi sá hinn sami (~~vilja~~) kæra sig um, að heiðra með eiginkonuheiti, þá „drós“, sem hefði látið fleka sig.
Ef þetta er ekki ranglátt, þá veit jeg ekki hvað getur kallast því nafni. Eða hver skyldi í raun og veru vera sekari, í svona tilfelli. — Og þó bæði væru jafn sek, þá er það ótvílega ranglátt að dæma þá ekki báða málsparta eptir sama lögmáli, eða því skyldi ekki mega heimta sama siðferðisþrek og hreinleik af karlmönnunum, sterkari partinum?
Hvaðan er nú þetta tvennskonar siðalögmál runnið, hvernig hefir það myndast?
Jeg hefi mikið um það hugsað, en ekki er hjer fyrir að rita hvort jeg hef komist þenna ályktunar, að renuleg likamun... En mjer finnst að það hljóti að eiga rót sína að rekja til þeirra tíma, þegar andleg og líkamleg menning kvenna stóð svo afar langt á baki karlmannanna, og jafnrjetti ið hefði ekki verið nefnt á nafn. Þá varð kvennfólkið að gjöra sjer að góðu, að hafa ekkert að segja og engann vilja sjálft, bara heiðra karlmanninn hvernig sem hann annars var. Þær höfðu engan rjett til að gjöra kröfur til karlmannanna. Þær áttu bara að passa sjálfa sig, að vera svo hreinar að hægt væri að nota þær fyrir þjóna.
Nú eru allt aðrir tímar og margir sjá, hvað ranglátt og skaðlegt það er, að siðferðiskröfurnar ~~sjeu~~ eru ekki jafnar, fyrir mann og konu, og dómarnir fyrir sama brot tvennskonar, — jeg meyna í almenningsálitinu — því lagaleg ábyrgðin, er þó ýtarlega jöfn.
En ef nú á að jafna kröfurnar, sem jeg held að hverjum skynsömum hugsandi manni geti ekki blandast hugur um að rjettlátt sje, hvort á þá heldur að hækka kröfurnar gagnvart piltunum, eða færa þær niður fyrir kvennfólkið? Hvort skyldi verða happasælla fyrir þjóðfjelagið.
Það var ekki ætlun mín að halda því fram að siðferði kvennfólksins sje lýtalaust, og hafi ekki þörf á að verða hreinna og fullkomnara — það þarf þess einmitt —
En fyrst er þó þetta, sem jeg rek augun í þegar verið er að tala um að bæta og hefja siðferðið. Gjörið ekki lægri kröfur til sjálfra ykkar, þjer ungu menn, en til

unga stúlknanna, sem þjer metið á lífsleiðinni, og umfram allt hafið það hugfast, að þjer eruð als ekki hreinir sjálfir, ef þjer eruð með í því að draga stúlkurnar niður í sorpið.

Og þjer ungu stúlkur, hafið það hugfast, hvaða prýði það er að vera saklaus, hrein og góð í siðferðislegu tilliti, — betra og miklu meira skart, en allar heimsins silkisvuntur og rósaslifsi — Og þó sjer-staklega gjörið hærri kröfur gagnvart piltunum, því með því hjálpið (hjálpið) þjer þeim mest og bezt áfram og upp á við.

Jeg vona að hið kæra ungmennafjelag, þykkist ekki við, að jeg utanfjelags kona skrifa þessa grein. Jeg enn og óska fjelaginu als hins bezta og vona og trúi, að það fái starfað, sem mest og sem bezt að því, að hefja æskulýðinn á hærra stig, að andlegum og líkamlegum þroska og menningu á sam-kristilegum grundvelli.

Yðar
Sigurl. Ág. Gísladóttir

# Gleðileg hátíð!

Gleðilega hátíð, óskar „Árgeisli" öllum sínum heyrendum. Honum finst það ekki illa til fallið að óska þess, þar sem ein af stórhátíðum ársins fer nú í hönd. Allir kristnir menn hljóta að gleðjast, er þeir minnast þess atburðar, er gjörðist á þeirri hátíð. Að frelsari mannkynsins reis upp úr gröf sinni. Vjer ættum að minnast, og þakka það sem hann hefur gefið oss, eða öllu heldur kannske, það sem hann vill fá að gefa oss ~~—~~ eilífa lífið. Árgeisla finst það ekki ótilhlýðilegt að minnast þessa þar sem hann veit að fjelagsskapurinn, sem hann á að styðja er byggður á kristilegum grundvelli — grundvellinum, sem upprisuhátíðin er einn mikilsverðasti undirstöðu steinninn í. Hann endurtekur því ósk sína, með þeirri von að allir lesendur sínir, megi öðlast gleðilega í hönd farandi páska hátíð, í lifandi trú á frelsara sinn Jesú Krist.

# Árgeislinn

1. blað 2 nóv 191[illegible]

Ritnefnd

Stefán Björnsson
Sæmundur Sigfússon
Björg Kristjánsdóttir

## Árgeislinn

Þá kemur nú málgagn okkar „Tindastóls" félaga í þriðja leiðangur sinn til ykkar kæru vina minna, hann er enn ekki svo bjartur og skýr sem óskandi hefði verið og æskjast hefði mátt, og má slíkt undrum sæta, þar sem hann á að vera borinn af á vorlegum vonglöðum vonar og bjartsýnis táp miklu fjörugu ungmenna, sem við fæðingu hans hafa lofað honum einlægri fylgi sinni og ~~aðstoð~~ [illegible], með því að vera þyrftu [illegible] og við hald. Árgeislinn er því að nokkru leiti holdgeð hugsjón okkar félaga. Eins og hinn fyrsti árgeisli hins fyrsta dags varð frá hendi hins almáttka guðs yfir fagra mynd hins ný skapaða heims vors. Sé að boða komu hinnar dýrðlegu sólar er vera skyldi lífga og endur næra allt skapað er lífs neista hefði í sér fólginn og veita því þannig hin nauðsynlegustu skilyrði til stöðugrar framþróunar og þroska. — Þannig átti og Árg. okkar að boða komu okkar menningar

sólar, er vermandi og lýsandi átti að beina okkur inná braut menningar og sannra dygða. Hver og einn einstaklingur félags vors hefir í sál sinni fólginn guðdóms neista þann sem efla mætti og glæða ef að honum væri hlúð, svo að hann ekki einasta lyfti manninum sjálfum í hærra stig siðgæðis og dygða heldur og veitti honum andlegt göfgi, heldur gæti hann einnig leitt meðbræður sína inná hinar sömu brautir og þannig lýst þeim til að finna hinn rétta veg. — Efalaust hver og einn þannig hlynnt að [illegible] hjá líkamanum, sama líkamanum og rétt látið til finningunni í sál sinni og hefði það [illegible] hug fast að efla það og glæða en lægi ekki í leti [illegible], eða niður kæfði með hverju leysi og [illegible] skorti þessar göfugu tilfinningar sem í honum felast — Ef hann notaði þetta ljós til að lýsa öðrum mönnum, þá mundi Árgeisl. okkar bráðlega verða að fögrum morgunroða sem boðaði til komu hinnar dýrðlegu sólar er ég hef áður á minnst, og sem mundi lýsa okkur inná nýjar og fagrar sigurbrautir, er oss nú vantar fyrir að fara sem manni andanum.

Það er tilgangur ungm.félaganna að gera okkur ísl. ungmennum sem erum að taka við í byggðunum í velgengni samúð og framþróun þjóðar ~~[illegible]~~ að svo miklu leiti sem í okkar valdi stendur. — Það er tilgangur þeirra að gera okkur að ~~[illegible]~~ meiri og betri mönnum þroska í okkar guðdóms ~~[illegible]~~ neistanum, svo að við getum staðið að minnsta kosti öðrum þjóðum jafnfætis bæði hvað snertir alhliða manngildi einstaklinganna og atgjörfis þrýði þjóðar innar í heild sinni bæði í andl. og líkamlegu til liti

Leiðirnar sem vér viljum fara til að ná þessu göfuga takmarki, eru að vísu margar víða þarf að taka og það ósleitilega, margt er rotið og fúið í þjóðfélags byggingunni sem uppræta þarf og byggja upp að nýju. Hér þarf því að vinna ötullega og dyggilega enginn má draga sig í hlé eða svíkja félags hugsjón vora land sitt og þjóð, svo framarlega sem hann er sannur Íslendingur, sannur mannvinur, í vilji góður maður heita

Öllum drengi legum vopnum og medulum verdur að beita, en af okkar bezta og á hrifa mestu vopnum í þarfir þessa hugsjónar er einmitt er einmitt fundar haldinn og blaðið okkar u. m. f. Á fundinum var ekki lengur minst í ágætri ræðu af J. B. á siðasta fundi, og sleppi eg því að minnast frekar á það. En blaðið er það sem eg ætla sérstaklega á við, Einkum Ársgeislinn okkar. Við skulum hver og einn líta í okkar eigin barm og gera upp reikningana við samviskur vorar, hvort við höfum vakt skyldur okkar við blaðið eins og vera bar? Eða hvort við höfum grafið pund vort í jörðu, hvort við höfum svikið blaðið félag vort og sjálfa okkur og þannig eiðar haft guðdóms [illegible] í sál vorri. Ætli við megum ekki því miður oft mörg játa það með blygðun að svo hafi verið? Ætli við höfum gefið vel með tómlæti voru í hugaleysi og deyfð vorri verið svartir skýflókar sem skygt hafa í þína fáa vikur árgeisla er birst hafa og varnað þeim ~~inngöngu~~ í að ryðja sér braut inn í hjörtu með bræðra vorra.

Þetta má ekki lengur svo til ganga kæru félagsbræður og systur! við verðum að fara að vinna, vinna af meðalhuga, fjöri og starfs þreki fyrir félagið okkar okkar má ekki standa á sama þar er áhuga degt að láta sér standa á sama um þrif þess félags sem vér erum meðlimir í einkum þegar það stefnir að jafn göfugu marki sem u. m. f. Við skulum byrja á því að rita í blaðið, og við verðum að gera það; — við verðum að tría því fyrir hugsjónum vorum fyrir okkar á huga málunum og velgengni þroska og eftir löngunum; við verðum að binda hver annan og hið bezta hverir að verða í starfi voru, ef við gerum það með alvöru og samvizkusemi þá getum við bezt við gætum á vorum árangri, er búna líta.

Komum okkur ekki þá burinngar efnis úr verði ekki svo fagur eða í bæðar mikill sem á kjósan legast væri, og þó við vanin bragur sé á [illegible] efnisins slíkt er skyldugt verða hafi hitt meiri þýðingu að efnið sé gott og hugsjóna verð hverna. — Vonum gefur lika [illegible] eftir því sem við æfum okkur meira í því að hugsa og færa hugsanir okkar í búninga bæði eða ritgjörða eftir því þroskum

Brot

Hann stóð einn — aleinn í veröldinni. Að minnsta kosti fanst honum það, og þó átti hann föður. En honum fanst hann samt vera einn því hún móðir hans var dáin — Dáin var það mögulegt? gat guð verið svo harður að taka hana burtu? Já — vissulega var hún dáin þarna var lokað húsið sem líkið var lagt til í og það var ekki vana legt. Alt frá því fyrsta að hann mundi eftir sér hafði það staðið opið yfir daginn en á nóttunni var það lokað. En nú var dagur hann sá það á því að fólkið var á fótum og var að vinna, auðvitað hafði líka alt verið á fótum síðast liðna nótt, en þá var honum skipað að hátta, en hann vildi það ekki hann vildi vera hjá henni mömmu því hann vissi að hún var veik. Þá hafði hún sett honum hörðinni og sagt veikt og óskýrt: „Farðu að reyna að sofa elsku mín„ — Hann hlýddi að orðum móður sinnar og gekk til hvílu en hann gat ekki sofið, hann var að hugsa um hvort guð mundi virkilega taka hana móður hans frá honum, alt ~~[illegible]~~ alt annað sem hann átti mátti guð taka, bara ekki hana, heldur vildi hann deyja sjálfur og þó hafði hann sterka löngun til að lifa — lifa til að verða stór og sterkur maður og vinna fyrir pabba og mömmu, en að lifa ef hún iddi tekin burtu það var ómögulegt. Hann hugsaði um dagana alla alla fór því hann mundi fyrst eftir sér altaf hafði hún alið önn fyrir honum, hún hafði huggað hann þegar illa lá honum hún hafði strokið tárin af vöngum hans og kyst hann á kinnina. Við hverja gleði stund sem hann hafði lifað — og þær voru margar var einhver ind[illegible] minning um hana bundin. Hann hugsaði um kvöldin þegar fólkið hafði alt lagt sig útaf, og mamma hafði lagt koddann sinn ofan á á brúnina og lagt sig útaf líka þá kom hann hlaupandi smeygði sér í handar krika hennar og hún lagði hendina á ofan á vanga hans, þá fann hann yl ast[illegible] og ánægjulegar sælu streyma um sig; svo talaði hún ~~[illegible]~~ hann um alt hugsanlegt — um guð alt sem hann hafði skapað, alt það góða sem hann léti mönnunum í té, alt sem hann mundi gjöra fyrir hann ef hann yrði alltaf góður drengur svo heyrði hann að hún bað guð fyrir

honum, svo sofnaði hann. Þegar hann vaknaði aftur þá var hið fyrsta sem hann sá. Hann fann ástríka kossana hennar og heyrði hana hvísla elsku drenginn sinn. Var mögulegt að hann ætti nú að missa alt þetta? var mögulegt að guð heyrði nú ekki til hans? Hann fór að hugsa um alt sem hann hafði gjört — hann fór að leita hvort hann hafði gjört nokkuð sem væri svo ilt að guð gæti verið svo reiður við hann að hann refsaði honum með þessu hann fann margt ljótt sem hann hafði gjört, margt ~~[illegible]~~ mamma hafði sagt honum að biðja guð fyrir gefningar á. En ekkert fann hann svo voðalegt að þetta væri ekki of stór refsing. Þannig hafði hann bylt sér á allar hliðar í rúminu, og ekki getað sofið einu sinni hafði hann blundað og þá fanst honum mamma hans koma beygja sig ofan að honum, hann ætlaði að taka um hálsinn á henni, en þá hrökk hann upp. Það var enginn [illegible] — faðir hans stóð við rúmið og sagði farðu fljótt á fætur til að lofa henni mömmu þinni að kveðja þig hún er að deyja hún mamma. vertu hjá henni og [illegible] á meðan.

„Mamma að deyja"! Það var ekkert [illegible] í sálu hans en til mömmu varð hann að komast, hann fór ofan úr rúminu en fæturnir voru svo máttlausir að honum fanst að hann mundi detta — faðir hans leiddi hann. Hann komst að rúminu, það lá hún, honum sýndist hún ætla að rétta honum hendina, hún brosti — „ó" [illegible] voru [illegible] augun hennar gat ekki annað en horft í þau uns þau [illegible] aftur —. Þá leið stund — hægt andvarp barst að eyrum hans uns pabbi sagði „nú er mamma komin til guðs." Aldrei hafði hann efast um að guð væri góður, en nú efaði hann það — hvernig gat hann verið góður og gera þetta? og þó hafði henni mamma sagt það aldrei hafði hún skrökvað að honum því hlaut hann að vera góður samt. Þá datt honum nokkuð nýtt í hug: Eg skal biðja hann að lofa mér að fara með mömmu til hans, hann féll á kné við rúmið og grét án afláts hvort sem það nú var fremur af barnslegri og innilegri sorg yfir láti elsku-

mömmu og þeim þjáningum sem hún undanfarið hafði orðið að þola, eða af því að efasemdir ~~[illegible]~~ þrengdu sér inn í hina saklausu barnssál efasemdir um það að guð mundi bænheyra hann strax þrátt fyrir hans einlægu bæn, og hann grét óaflátanlega unz hann fann sterka arma lyfta sér upp. Hann fann að hann hvíldi við brjóst föður síns þar fann hann að vísu nokkra hvíld og svölun en ekkert var það líkt og vera hjá mömmu. hann hætti að gráta hann var örmagna af sorg og trega en [illegible] gagntók hann og hann sofnaði

Nú stóð hann þarna og horfði í [illegible]. Hann gat naumast gert sér grein fyrir því sem skeð hafði alt hans hugsana líf var lamað, einungis þetta eina var fast í huga hans: „Nú á eg enga mömmu" hann reikaði út — út þangað sem hann hafði oftast setið hjá mömmu, það var í brekku [illegible] fjós hlöðunni. Þar settist hann og fór að hugsa um að á þessum stað hefði hann gengið fyrst stuðningslaust þegar hann var ómálga barn það hafði mamma sagt honum; nú lagðist hann í brekkuna og naut hressandi ilmsins af nýút sprungnum vallar blómunum alt í kringum hann og hlustaði á smáfugla söngvana er ómaði í eyrum hans En [illegible] ró gagntók sálu hans, hann fann magnleysi færast um sig, og innan skamms var [illegible] gestsins sem komið hafði um nóttina búin að taka hann í faðm sinn

Svo þú varst lítli vinur minn nógu snemma [illegible] því [illegible], þú vissir ekki hvað heimurinn hefir að bjóða, [illegible] við komum til [illegible] Hulda og [illegible], nú ertu búinn að missa [illegible] verndar af verndar engli þínum, en geymt þú þessar minningar í sálu þinni það er dýrgripur sem þú mátt ekki missa, óvíst er að þú nokkurn tíma í lífi þínu finnir þann vin sem vill leggja alt í sölurnar þín vegna. Ástin er oftast blönduð eigingirni og sjálfselsku nema hjá foreldrunum og [illegible] er þú berð nú í sál þinni er [illegible] af því allra göfugasta sem þú getur geymt í hug þínum og hjarta

Hulda

# Vonin

Ef aldrei er byrjað þá verður aldrei neinni fullkomnun náð, hugsunin reikul og óskipuleg.

Vér yngri ungmennafélagar er það rétt af oss að láta ekki krafta vora fram úr hálfdimmunni, og slengja þannig okkar eigin skyldum uppá aðra, sem eru búnir að fórna kröftum sínum í vinnunnar þjónustu? Vér getum hugsað oss hvort blað vort mundi ekki verða ein hlíf ef lífs magn þess lægi í fáum mönnum ár eftir ár. En svo vér byrjum, og það er yndi vort og eftirlæti að hlúa að einhverju leyti að vorri óþroskaðri veru, þá þurfum vér að bera von í brjósti, því „vonin lífs er verndar engill,“ segir skáldið, þetta eru gullfögur orð sem allir hafa þreifað á, þetta er talað af djúpvitrum til [illegible] manni, er hafði mikla ~~[illegible]~~ þekkingu á hinum mikilvægu atriðum lífsins; en svo segir hann líka „von sem þó er aðeins tál“ þetta sýnir að hann hefir drukkið meira af sorgar en gleði bikarnum og [illegible] í lífs skoðunum sínum; svo þó þetta orðlag sem einkennir orð þá er ég því engan veginn samdóma að vonin reynist æ tál. Nei þvert á móti álít ég að þeir séu tiltölulega fáir sem líða jafn hörmulegt skipbrot vona sinna sem höfundur þessa vísu. Því verður ekki lýst í skjótri svipan hve vonin er manninum nauðsynleg, þessi þrá eða löngun sem aldrei slokknar.

Ég get ekki hugsað mér hörmulegra ástand en líkamlegt og andlegt vonleysi, þegar menn örvænta um allt þegar svo er komið er horfin öll lífs-gleði, öll vissa fyrir sigri hins góða, og öll ánægja, allar fagrar hugsjónir horfnar, og leiðin að takmarkinu ómöguleg yfirferðar; en í stað þess er kalt vonleysið, dapurt, myrkt og ömurlegt.

Vonin hefir fætt margar fagrar hugsanir, og hugsanirnar góða breytni. Fögur er óskan fögur og [illegible] er hinna hugsjóna hringur, þegar [illegible] og hreinleikinn skipar öndvegið, vonin um að verða góður og mikill maður sjálfum sér og öðrum uppbyggilegur

þá eygir maður ekki tár fórnanna og erfiði líkama sem á leið manns verða, ~~þær~~ eigi að síður vaxa þó erfiðleikarnir vonunum yfir höfuð áður enn* [illegible] og að því lýti verða þær í stundum tálvonir

En þrátt fyrir það eru þær ekki manninum einskis verðar ef þær eru skoðaðar í réttu ljósi. Því vonaði maður aldrei neins, setti maður sér heldur ekkert takmark og þá væri ekki að neinu að keppa. Þá væri lífið sannarlega lítils vert og árangur mannlífsins lítið meiri en dýranna er virðast að mestu lifa fyrir munn og maga. — Vonin er því nauðsynlegt þroska skilyrði mannkynsins því þótt ekki rætist allar framtíðar hugsjónir mannsins þá er það þó einmitt vonirnar er valda því að mörg fögur hugsjón hefir náð að verða að gleðilegri fullvissu og veruleika. Jafnvel þær vonir sem dáið hafa áður þær náðu að rætast hafa þó áorkað því að knýja manninn lengra og lengra áfram að takmarki sínu lyfta honum frá næsta þroska og [illegible] stig, og jafnvel gjört eftirkomendunum léttara fyrir að bera hugsjónina fram til sigurs.

Aðeins að vera hugsjónum sínum trúr og hafa óbilandi von um á sigur. Ef maðurinn fetar á lengra og lengra að takmarki sínu svo lengi sem vonin hefir lyft honum. Hann hefir ef til vill komist mjög nærri markmiði sínu, og það út af fyrir sig hefir getað gert hann meiri mann en ella.

Vegna vonarinnar hefir maðurinn lagt fram alla krafta sína í lífs baráttunni sinni og í þarfir lands og þjóðar, sér og öðrum til heiðurs og frama. Hún hefir verið verndar engill hans, verndað hann frá víli og örvænting er á móti blés. Hún hefir hvatt hann til að halda lengra áleiðis að hinu setta takmarki fullkomnunarinnar.

Vonin hefir hafið margann manninn upp á frægðar tindinn, og einnig leið gjört minning hans varanlega því „orðstír deyr hveim sér góðan getur“

Það er vonin er hefir hjálpað [illegible] manninum til að gjöra sínar mörgu og mikilvægu uppgötvanir.

Það er vonin sem styður að því að ungmenna félagar leggja fram krafta sína til félagsins þarf-

til þess að það fel. þroist og blómgast og beri á sidanum ~~(ber)~~ sína fegurstu og hulla síhustu í vexti

Það er lakss vonin er hjálpar þeldka barna mönnunum að berjast ötrauðir fyrir barna hópnum sínum, munu þau ágæt ágóða að andl. gáfum í von um að þau verði Karlukans börn

Hvað getur verið fegurra fyrir gamlann mann að bera dagi sinn lifur yfir dyggilega unnið lífs starf, og sér að það hefir borið sinn síhasta vexti

Kona

# Á-r-g-e-i-s-l-i-n-n

(Hjúdu lag)

Vér ættum að keppast um að koma hugsun um okkar í fram fari í bladinu ef vera kynni að það yrði ásgeisli nýrra og göfugra hugsjóna og blaðið okkar yrði nokkur skonar gróðrar stöð sálar lífs vors, þar sem stöðugt yrði sáð, plantað og gróðursett, stöðugt vökvað og endur nært af hressandi og endur lífgandi lífs vatni. þar til ~~hinn andlegi~~ sinna gróðurs ~~[illegible]~~ sem nú í litt sýni liggur og grafur vel aðeins hulið þjóð dufti falið mold sómleysis og trúleysis, — þar til hann yrði að stór vöxnum trjálundum sem „breiddi sín laufskála tjöld„ yfir landið okkar kæra föður lands, yfir hugi og hjörtu niðja vorra og ókominna kynslóða

Förum nú að í huga þetta með meiri áhug og alvöru um áður „reynum að vera heldur ekki hálfir hamingju vora sköpum okkur sjálfir„ . Annað hvort stöfum með fetlu og þrekki eða yfir gefum felagsskap inn með öllu, um fram alt siglum okkur undir fölsku flaggi, okkur má als ekki liggja þetta í léttu rúmi, komum og störfum fyrir föður landið fyrir vit reynslu þjóðar sinnar fyrir sjálfa okkur.

Byrjum á því að rita um hvalinn í árgeislann þótt greinar okkar verði fyrst ekki annað enn smá atkvæða sendir og skyringar. Ekki er það að efni blaðsins sé sem þjóð brystlast með alvarlegum rit gjörðum fylgi skemti greinar ljóð og sögur og annað krydd því ekkert er lífs glöð og létt og kveðst því fjörs og glaðværð

Látum það ekki hamla okkur frá að rita og starfa að við ef til vill sjáum ekki eða njótum nema lítils af ávöxtum, verum glaðir í starfi vorri og látum oss nægja með vitundina um það að vér erum að vinna göfugt og nauðsynlegt starf og að við erum brautryðjendur nýrrar stefnu sem á að hefja þjóð vora á hærri menningar stig andlega og líkamlega í málagæti og sjálfsagi fram tíð

Aðvöruning vil og benda felögum mínum á það að gefa meiri gaum að mánaðar bladi okkar Ísl. e. m. f. „Skin faxi„ enn verið hefir með því að kaupa það vinnum við sambandinu gagn og með því að lesa það bætum vér mentum og göfgum vér sjálfa oss, vér höfum sitt ómetið af velkjand bindingum

Sjávarborg 27 Nov 1910

Stefán P Bjarnason

# H-a-u-s-t-v-í-s-a

Nú er brott á hjartans tind
blá tjaldið vorbær,
hvíldi vor sól lét hjá lind
ljóð við mína fætur.

Hljótt er nú um holtin öll
— horfin lóu sóngur,
nú eru yfir fannhvít fjöll
farnar allar göngur

Nú er vorsins kápa kljáð
horfinn sumar klæðir

nú eru hinna ljúfu ljóð
löngu fallin niður

Svona er gjörvöll saga vor
– söngvar allir dvína;
alt sem markar eitthvert spor
endar göngu sína.

Halla eg mínu höfði í mund
– horfi útí bláinn,
lít og víða lögð að grund
litlu blómin dáin.

Hér eg fyr með létta lund
lék mér oft í vorin;
nú er haust og helud grund
og horfin aftur sporin.

# Árgeisli

2. blað 27 des – 1910

Ritnefnd
Sigurbjörg Pálsdóttir
Jónína Sigurðardóttir
Páll Jónsson

## Ísland

Ísland, Ísland, aldna móðir
en er magur hér
Dætur, sveinar, synir góðir
sem að unna þér.
Munu æ eins og allir finna
ást og tryggð til þín;
|: þér skal lifa þér skal vinna
það til æfin dvín :|

Heill sé þeim sem hefjast handa
og hjálpa vilja þér
nei, þeim sem að veikir standa
og vita ei hvað þeim ber.
Eftir nóttu mun ávalt morgna
undan sérhver foraut.
|: Svo skal einnig frelsið forna
falla þér í skaut. :|

## Brot úr sögu.

### Læknirinn

Fregnir um það að nýr læknir væri kominn til kaupstaðarins, bárust bráðt út um nágrennið, og þegar hann kom á fætur fyrsta morguninn eftir komu sína til staðarins, biðu hans nokkrir menn sem vildu tala við hann. Í sama bili sem honum var sagt frá því, gekk hann fram til mannanna þar sem þeir biðu, hlustaði nákvæmlega á frásögu hvers eins og lofaði að koma. Þeir fóru nú burtu heldur rólegri í huga en þeir höfðu komið, og þeir sem veikir voru fengu nýja von um að sér mundi batna, af því það var kominn nýr læknir í héraðið.

Hann heimsótti alla sem leituðu hans, og var þeim hinn besti verndari í neyðinni. Hann hjálpaði öllum og hughreysti, og gat unnið traust allra. Framkoma hans bar vott um hjarta og viljafesty og sjúklingar hans aðdáðust ósjálfráðt nokkuð af þessum eiginleikum hans. „Hann er reglulegur læknir“ — var sagt á bak honum, „Svona góðan lækni höfum við aldrei áður haft.“

Þessi ummæli bárust bráðt út um héraðið, og barst einnig til eyrna fátæklinganna sem höfðu mátt líða hjálparlausir vegna þess að þá vantaði efni til að ~~(kaupa fyrir)~~ leita sér lækninga langar leiðir.

Eitt kvöldið ~~hins~~ fyrsta dags sem læknirinn dvaldi í B. reið hann í hægðum sínum heimleiðis frá bóndabæ ekki langt frá B. Þessi hrörlegu moldarbæir sem hann reið framhjá voru fátæklegir og voru ekkert annað en lítill grænn blettur kring um bæina hægar hyftum í einstöku stöðum sáust rústir af túngörðum sem einhverntíma höfðu verið gerðir úr torfi.

Hann var búinn að sjá margt leiðinlegt þennan tíma sem hann var búinn að dvelja í þessum fátæka ~~kaup~~staðt. Ungu mennirnir þar voru ellilegir, þeir sem hyrrir voru, en hinir sem höfðu einhvert getað lært höfðu farið burtu, sumir til Ameríku og aðrir svo að afla sér þar fjár og frama, og senda svo foreldrum sínum og ættmönnum fargjald til að geta komið þangað líka.

Læknirinn hlustaði hrærður á væri þeirra um það, að börnum og barnabörnum mundi vegna betur en þeim sjálfum. Hann horfði angurblítt á börnin sem var neitt að vera að ætla þessa þögu fram-liðt fyrir börnum, því hann vissi vel að sum þeirra mundu innan skamms hvíla í kirkjugarðinum.

Fátæktin var svo áþreifanleg hjá þessum litlu börnum, sem þörfnuðust fyrir hús og loft umsömum og næringu, til þess að geta lifað. Þá vantaði alt, og hann komst við þegar hann sá mæðurnar þrýsta börnunum upp að brjósti sínu, án þess að geta gefið þeim ~~(næringu)~~ það sem þau þurftu mest með. Þegar læknirinn var þannig fundinn konunnar oft þrungu í lofa barnanna, og þær blessuðu með tárvotum augum þennan mann, sem vissi svo vel hvernig átti að hjálpa þeim.

„Ég hefði átt að koma hingað fyrri,“ sagði læknirinn í hljóði við sjálfan sig. Eymdin gekk honum til hjarta, hann hafði aldrei fyr séð svona mikla fátækt og neyð. Hann var niðursokkinn í þessar hugsanir þegar hann reið heim til sín um kvöldið.

Mikið stórt þjóðarmein er það, hvað fólk er farið að flytja í kaupstaðina. Það flytur árlega svo tugum skiftir í kaupstúnin í staðinn fyrir að flytja úr kaupstöðunum í sveitina.

Sérstaklega er það ungt fólk er svo gjörir, og stafar það af því að því finnst lífið skemtilegra þar í sveitinni; og er það mikið hinstandurum að kenna, þeir gjöra ekki sitt til að skemta unnustunum í frítímum þeirra.

Eftir mínu áliti er það mjög vont fyrirkomulag á hýbýlum bænda, mjór finst að húsfaðir sé af þeim og af stórir og þar af leiðandi erfiðari fyrir bændur. Ef að nú jarðirnar væru ekki stærri en það að hver bóndi gæti unnið að þeim með sitt fjölskyldulið, yrði honum meira úr verkum sínum og yrði ástundunarsamari með bú sitt.

Ef að nú búin væru svona smá, yrðu þau að verða fleyri, svo mörg að ekki yrði neitt bil á milli þeirra. Þá væri mjög fagurt að ferðast um héraðið ef búin væru áðliggjandi frá sjónum til fjalla.

Ég hef svo ekki meir að segja um þetta, en óska að þeir tímar komi að svo yrði sem hugmynd mín er nú.

Páll Jónsson

## Sundurlausir þankar.

Ekkert af okkur hefir heilsað vetrinum og má það undarlegt heita þar sem okkar starfstími er bundinn við hann. Þá erum við búnir að safna nýjum kröftum á meðal sumarblómanna og í blíðu náttúrunnar. Hvenær er tími til að hugsa ef ekki þá? og þá ætti maður að eiga svo margar hugljúfar minningar frá vorinu — frá vori náttúrunnar og vori æskunnar. Þar sem við erum öll æskumenn.

Mjer finst það annars undarlegt hvað veturinn er flestum leiður. — flestir kvíða fyrir vetrarkvöldunum löngu og hríðardögunum voðalegu þegar kári æðir yfir alt, og hlífir hvorki mönnum né málleysingjum. En sjaldan er minnst á vetrarkvöldin heiðu og fögru, þegar máninn blikar meðal þúsundum stjarna, og norðurljósin loga. Þá finst mjer náttúran svo ~~fögur~~ himnesk hrein og fögur, þá er eins og alt það [illegible] ~~þ~~ burt alt er þá svo hreint og himneskt þá er þögnin og friðurinn svo áhrifamikill, að jeg skil ekki í öðru en allir hljóti að dást að tignarleik náttúrunnar.

Þegar jeg er úti á fögru vetrarkvöldi. — þegar máninn og stjörnurnar blika, og norðurljósin leiftra og slá þessari hreinu birtu á alt er fyrir augað ber svo að hvergi ber skugga — Þá er jeg svo þakklát einmitt fyrir að vera Skagfirðingur, að hafa alist upp í faðmi þessara fögru fjalla er gnæfa tignarleg og fögur yfir sveitina. Tindastól eins og verndarvætt út við hafið — kænjandi risavaxinn dranginn, og Mælifellshnjúk þennan einvaldsherra fram í sveitinni. Mjer finst eins og öll fjöll í nálægð við Mælifellshnjúk líti honum — hann vera þar eins og ~~einvaldsherra~~ sjálfkjörinn konungur og eins og hann segi til þegna sinna. „Verið þjettir á velli og þjettir 1st lund" Mjer finst annars svo afarmikið til um Mælifellshnjúk. Hann var það stærsta og aflugasta er jeg leit frá æskuheimili mínu. Það var hann sem fyrstur tók á móti hvítu blæjunni er haustið breiddi á fjallakollana, og það var hann sem sólin heilsaði fyrst á morgnana og kvaddi síðast á kvöldin og það var hann sem jeg horfði með aðdáun á, og óskaði oft að vera kominn upp á hæsta hnjúkinn hans. Því þá hjelt jeg að jeg væri búin að fara svo langt og sjá svo mikið af heiminum að fáir mundu jafnast á við mig. Minn sjóndeildarhringur náði þá ekki lengra en út að Mælifellshnjúk og mjer fanst ~~þ~~ hann þá vera afar stór. Alt þetta finst mjer svo fagurt og tilkomumikið á fögru vetrarkvöldi, jeg er þá eins hrifin af náttúrunni eins og á vorin. Vorið er ímynd lífsins og æskunnar, en mjer virðast vetrarkvöldin heiðu. — finst eins og ekkert óhreint geti komist að í huga manns þegar maður virðir heiðríka vetrarkvöldið fyrir sjer með öllum ljósunum. Sumarið með

öll blómin gefur okkur ekki eins mörg ljós eins og veturinn á vetrinum er líka stærsta og fagnaðarmesta hátíðin okkar jólahátíðin; og hvenær höfum við verið fagnaðarsælli en þá þegar við sem börn fórum í nýju fötin okkar og mamma gaf okkur kerti og kannske eitthvað fleira fallegt, og við hlupum um gólfið með ljósið okkar, og fengum sætar kökur — já og margt gott þá vorum við glöð og ánægð — ánægð yfir ljósunum okkar og alt var svo hátíðlegt og bjart, „Ekkert ský neinn himinn huldi" Það bar hvergi skugga á gleðihimin okkar, þá var ljós í hugskoti okkar og ljós alt umhverfis okkur.

Það er sælt að minnast þessara tíma — tíma æskunnar því „Æskan á vorljettu vængi
viðförla drauma,
Lífsgleði langan og harma
sem líða með blænum.
Vilja sem vaggast á bárum
vonar og ótta.
Tár sem að tindra og þorna
við [illegible] hjartans."

Æskan þessi ógleymanlegi tími mannsæfinnar, og gott eigum við að vera enþá á æskuskeiði; — — því þó að við sjeum orðin fullorðin að árum, þá getum við þó átt svo margt barnslegt frá æskuárunum, og því megum við ekki tapa, heldur geyma það áfram, og þó okkur virðist heimurinn vilja taka það frá okkur eða spilla því, þá skulum við muna það að við erum orðin svo stór að við getum passað það.

Jeg vona það að það sje ekkert af okkur sem ekki á meira en minna af hugljúfum minningum frá bernskuárunum — minningum sem munu fylgja okkur alt lífið í gegn, og gleðja okkur á einverustundunum, því ekkert er á við það barnslega saklausa og hreina.

Jeg vil því bjóða veturinn velkominn, með allan sinn kulda og alt sitt frost, því það er stuðnings til að herða okkur, með því skapar hann okkur þrek og kjark og gjörir okkur mögulegt fyrir lífið.

Þó að sumarblómin fölni og deyji, og fannirnar breiði sig yfir laut og lág, þá eigum við þó hlý heimkynni sem skýla okkur fyrir vetrarnæðingunum. Þar söfnum við nýju þreki nýjum dug, og andlegum og göfgandi anda okkar að því leiti sem við getum. Mjer finst að við ættum að hafa það hugfast sem myndum þennan fjelagsskap, að taka þroska í því góða og fagra, láta ekki sjálfsþótta ríkja í okkur eða líta smáum augum á fjelagsskapinn okkar, við höfum enga heimild til þess og gjörum

sjálf okkur minni menn, verðum ekki eins vinsæl meðal þeirra og sjáum því ekki fjelagsskaparins eins og ef eining væri með; með því að vera samtaka getum við unnið svo mikið og þarflegt barti fyrir okkur og aðra.
Jeg vil því óska að þetta fjelag gæti sameinað og notið sem best krafta sinna á þessum vetri, að það láti fögur og heiðr vetrarkvöldin styðja sig í góðum og göfugum áformum, að um leið og við vinnum fyrir okkur, vinnum við einnig fyrir aðra, að við sjeum frjáls og óháð öllum kreddum, því það er svo þýðingarmikið að geta verið frjáls, hvar sem er, - jafnt einstaklingunum sem heildinni. Það er svo fagurt og inniheldur svo mikið að geta sagt. Jeg er frjáls! og starfa í frjálslegum fjelagsskap sem byggður er á göfugum grundvelli. Við megum ekki gleyma því að þar sem við erum ungmenna-fjelagar, verðum við að þroska anda okkar að því nytsama og göfuga, en ekki því lága og lítilmannlega, - því komi það við þann sem lítilmenni erum við ekki verð að vera ungmennafjelagar ~~[illegible]~~ eða nokkurs annars góðs fjelags meðlimir, þá erum við ekki frjáls, heldur bundin böndum lítilmennskunnar.

Jeg vildi jeg gæti sungið í sjerhvern huga inn
þann sannleika um að læsa sig gegn um huga minn
sem dreginn er af reynslu og úr djúpi hjartans sjálfs
Ó! dýrmætara en allt er að geta verið frjáls.

Grýla.

## Sögukorn.

Bergur var sjómaður á sumrum, en á vetrum var hann drykkjumaður. Týrus var hundur, þeir bjuggu saman og voru vinir, þeir skildu aldrei; Þeir leigðu ofurlítið loftherbergi með einum glugga á norðurstafni; það var þiljað innan en frá illa frá því gengið. Þar var alltaf kalt þennan vetur og oftast dimmt í skammdeginu því Bergur gerði sig aldrei sekan í því að reka myrkrið og nóttina á dyr. Hann sást aldrei með ljós nema þegar hann kveikti í pípunni sinni eða á eldspýtunni sem hann eldaði á þá dagana sem hann annars át nokkuð.
Eitt rúm var þar inni og eitt koffort og kassi sem stóð á öðrum endanum og var bæði borð og búr. Lítið eitt af kaffi og matar ílátum var þar og föt sem hjengu fyrir aftan rúmið, annað var þar ekki; Bergur svaf í rúminu en Týrus undir því.
Bergur var á að giska fertugur, laglegur ~~(fertugur)~~ meðalmaður á vöxt lotinn í herðum dökkur á hár en ofurlítið hærður hagláturs hversdagslega og fámálugur. Týrus var stór og þreklega vaxinn svartur og gljáandi með slapandi eyru, og stór gáfuleg augu. Hann var án efa kominn af [illegible] kyni, en hvað gamall hann var vissi jeg ~~[illegible]~~ ekki; nafn hans finnst ekki skráð í kirkjubókum, það vissi enginn nema ~~(enginn)~~ Bergur, en hann sagði ekki frá því fremur en öðru.
Bergur og Týrus þurftu oft í kaupstaðinn þennan vetur; þeir fóru fyrripart dags, og var Bergur leiðsögumaðurinn, en á kvöldin þegar þeir fóru heim gekk Týrus fyrstur. Bergur labbaði þá á eftir honum og var drukkinn, Týrus fór þá afsíðis út með lækjunum fyrir neðan veginn því þar var skjóltara, Bergur staulaðist á eftir hálfboginn, treyjan var hneppt upp í háls eins og vant var, en því betur sagði hún eftir. það leyndi sjer ekki að það var brjóstvasi innan á treyjunni. Týrus smástansaði og leit við. Bergur fór gætilega á heimleiðinni. Þegar þeir komu út að stóra steininum rjett hjá vandalak, þá stansaði Týrus; hann vissi að Bergur myndi hvíla sig.
Bergur settist á steininn og hneppti frá sjer treyjunni, og tók upp flöskuna og saup á; kom henni svo á sinn stað aftur. Hann studdi höndunum á knjen og horfði í gaupnir sjer.
Þannig sat hann um stund. Það fóru eins og krampadrættir um hann. Hann grjet — grjet með þungum ekka. Týrus sat fyrir framan hann, og tárin hrundu hvert á fætur öðru ofan á kollinn á honum. Týrus leit upp og horfði á Berg. svo reis hann upp hægt og hljóðlaust og lagðist mjúklega upp í fangið á Bergi; -
Bergur lagði ~~hægri~~ hægri höndina um háls honum, en með þeirri ~~hægri~~ vinstri tók hann í hægri framlöppina. „Vinur minn“ sagði hann og grjet, — en hvers vegna grjet hann? hver vissi það. hann sagði ekki frá því fremur en öðru, og hvers vegna skyldi hann segja frá því hann átti ekki nema einn vin, og hann skyldi þögnina.
Týrus las hugsanir Bergs í andliti honum, og tilfinningar þeirra runnu saman í eitt. — Bergur stóð upp. Týrus labbaði á stað heimleiðis. Bergur staulaðist á eftir. þeir fóru upp á herbergið sitt. Bergur settist á rúmið. Páll húsráðandi kom inn, hann var kátur eins og hann var vanur þegar Bergur kom úr kaupstaðnum. Bergur tók upp flöskuna og rjetti honum, Hún gekk á milli þeirra þangað til hún var tæmd. Páll bauð góða nótt og fór.
Bergur gaf Týrusi kveldmatinn, sjálfur lagðist hann upp í rúmið og sofnaði. Um nóttina heyrðist söngur. Bergur var að syngja sálma upp úr svefninum, það var ekki í fyrsta skiptið sem hann gjörði það. Hann söng aldrei vakandi svo menn vissu til. Bjartari hliðar lífsins hafa ef til vill snúið að honum í svefninum.

Kveldúlfur. —

Árgeislinn 3. blað 8. janúar 1911

Ritnefnd
Bjarni Gíslason
Snorri J. Heiddal
María Jóhannesdóttir

# Jólin

Veturinn kaldur og ömurlegur, með sínar löngu og dimmu skammdegisnætur og daufa dagsljós, hann er einkar vel fallinn til þess að rótfesta dimmar og dapurlegar lífsskoðanir hjá mönnunum. Það er veturinn með stórhríðunum og myrkrinu, sem hefir komið mörgum Íslendingi til þess að misþyrma sínum kærustu vonum og hugsjónum. — En alt þetta er skammsýni vorri að kenna, „því kemur ekki vor að liðnum vetri, og vaxa ei nýjar rósir sumar hvert?" Jú vissulega. En af því okkur skortir þrek og réttan skilning á lífinu, þá getur okkur stundum synst myrkrið svo svart að óhugsandi sé, að nokkurntíma rofi til — og veturinn svo langur að þess sé meiri von að hann taki engan enda.

En svo koma jólin — blessuð jólin segjum við. Þau eru geisli, sem þrengir sér gegnum skammdegismyrkrið, þrunginn af ljósi og yl. Jólin eru eins og sönnun þess að ljósið eigi ekki að hverfa úr heiminum, heldur eigi ljósið að sigra. Myrkrið sé aðeins til þess að menn geti metið ljósið rétt. Með öðrum orðum vitað að ljósið er ljós, því með þeim einum móti vitum við að ljósið er til að við þekkjum myrkur. —

Við hlökkum til jólanna meðan við erum börn og við hlökkum til þeirra þegar við erum orðin fullorðin. — Meðan við erum börn hlökkum við til þeirra sem börn en síðar hlökkum við til þeirra sem fullorðnir menn og konur. — Reyndar hefi ég heyrt marga segja að þeir væru hættir að hlakka til jólanna, og meira að segja, ég hefi oft sagt það sjálfur; en þetta er ekki rétt. — Við finnum breytingu — finnum að við hlökkum ekki til þeirra eins og meðan við vorum börn, og höldum þessvegna að við séum hætt að hlakka til þeirra. En ég er sannfærður um það, að alt frá börnunum, sem búin eru að fá hugmynd um að jólin séu til og þá upp til gamalmennanna, sem komin eru í kör, er það samgróið eðli voru að hlakka til jólanna, hvort sem við verðum þess vör eða ekki, eða viljum kannast við það.

Við sem öll nýbúin að lifa jólin, og ég er sannfærður um það að við höfum öll hlakkað til þeirra beinlínis eða óbeinlínis — sitt upp á hvern hátt ef til vill. Við höfum öll eða flest vonað að þau mundu færa okkur eitthvað nýtt, sýna okkur eitthvað skemtilegt. Og það er ekki efi á því að þau hafa gert það. Okkur finst það ef til vill svo lítið, svo miklu minna en við höfðum gert okkur vonir um, að við erum óánægð með það, en það megum við ekki vera.

Lífsgleðin er systir ljóssins, og sá sem vill að ljósið sigri í baráttunni við myrkrið, hann verður að vera bjartsýnn.

Jólin eru liðin, en endurminning þeirra er okkar eign. Og það er hún, sem á að lýsa okkur niður í dölunum á meðan skammdegissólin er aðeins fær um að skreyta fjalla-brúnirnar með gullkögri geisla sinna. En þess vegna er okkur áríðandi að endurminningin sé björt, sé hrein og göfug eðlis.

Hinn hraðfleygi tími minnir okkur á hverfandi æsku, þverrandi krafta, komandi elli — alt minnir það okkur á þýðingarmiklu stundina, síðustu augnablikin þegar þögnin og kuldinn blasa á móti. En þá er um að gera að einhverjar ljósbjartar æskuminningar — einhverjar ljúfsárar jólaminningar — og meina ekki beinlínis frá jólahátíðinni, því jól geta verið oft á ári — slái töfrabjarma yfir hugann; komandi eins og ljósálfar sem fylgja okkur yfir landamærin — lýsa okkur leið til ókunna landsins fyrir handan fjöllin.

B.G.

## Norðurljós

1. Ljóma veldi uppheims af
oft á kveldin sjáum;
líkt og elda álgi haf
efter feldi bláum.

2. Þó að frjósi fold og mar,
Jólni rósin dána;
himins drósir dafriðar
draga upp ljósu fána.

B.G.

# Ættjarðarást og eigingirni

Það er álit margra að ættjarðarástin sé eitt af því, sem hefir hrundið þjóðunum lengst áleiðis á framsóknarbrautinni. Páll gamli Melsteð segir að það megi ráða það af sögu allra þjóða að ættjarðarástin hafi eflt ríkin og aukið þjóðirnar, og efast líklega fáir um dóm gamla mannsins.

Ég geri ráð fyrir að allir viti hvað vanalega er átt við með þessu orði — ættjarðarást —. Það er átt við þá hlýleikakend, sem nærri því hver maður hefir meira og minna af þegar um landið hans er að ræða — landið sem feður okkar hafa bygt og mæður okkar hafa leitt okkur um fyrstu sporin, sem við höfum stigið — landið sem við erum fædd og uppalin á.

Sumir hafa haldið því fram að ættjarðarást væri ekki annað en átthagaást, samkynja og hjá dýrunum. Þeir segja: að förum við úr sveitinni okkar og eitthvað í annað landshorn, þá langi okkur heim í átthagana —, en förum við til annara landa, þá langi okkur heim til landsins, einmitt fyrir það að héraðið okkar, sveitin okkar, bærinn okkar er á þessu landi. Hvað sem nú þessari skoðun líður, sem algildandi grundvallarreglu, þá er ég sannfærður um það, að það eru fleiri en gamla konan, sem Guðmundur á Sandi yrkir um, sem elska ekki landið, en að eins þennan blett — blettinn sem þeir hafa lengst búið á.

Vér sleppum nú öllu þessu og ~~og~~ tökum ættjarðarástina frá almennu sjónarmiði og reynum að gera okkur grein fyrir hvort hún er eins mikils virði þegar hún er krafin til mergjar, eins og hún virtist vera í fljótu bragði, og hvort hún á þann lofköst skilið, sem henni hefir verið hlaðinn í Bragatúni.

Það sem fyrst verður fyrir manni þegar maður fer að rannsaka hina svokölluðu ættjarðarást er það, að hún er eigingjörn. Hún hefir verið ásælin til auðs og landa og ekki vönd að meðulum. Það er hægt að sanna gegnum alla söguna. Það er hún sem hefir alið á ófriðarhug og styrjöldum. Í nafni ættjarðarástar hafa menn drýgt ótal hryðjuverk og fótum troðið lög og rétt. Og hversu göfug og góð sem hin margvegsömuðu hugtök

eru: trú og ættjarðarást, þá hefir ekki fyrir neitt verið úthelt eins mörgum saklausum blóðdropum eins og þau tvö. Þau hafa bæði verið notuð sem skálkaskjól á umliðnum öldum.

Ég býst við að mörgum þyki nú mikið sagt, en menn verða að hugleiða það, að það er flestra skoðun að mannkynið sé enn á bernskuskeiði, sé að þokast fram á þroskaveginum. Við verðum að hugsa okkur mannkynið eins og börn, sem daglega eru búin að læra fræðin sín. Þau hafa yndi af smámunum og hlýða þeim húsbóndum, sem þau sjálf setja sér, en framförin er þó fyrir hendi eða það vonum við; því vísindin hafa uppgötvað leyndustu náttúrulögmál: orsaka og þroskunarlögmál. Alt sem ber við á óslitin upptök í orsökum, sem á undan eru gengnar, og leiða til nýrra afleiðinga. Orsakabandsröðin er eilíf. Í öllu sem lifir búa hvatir til þroskunar, endurbóta og fegrunar eflingar. Og þá liggur beint við að spyrja, hvort mannkynið sé þá ekki háð sama lögmáli?

Við verðum að játa það að mennirnir eru vankunnandi á meðan þeir þekkja ekki það, sem satt er. En þá munu margir spyrja: hvað er það sem satt er? Ég viðurkenni að ég er ekki fær um að svara þeirri spurningu til hlýtar. En það finst mér satt, sem sameinar skynsemi allra í eitt og nemur burtu villurnar. En til þess þurfa menn að losa sig við eigingirnina og sameina vilja allra í einn vilja og nema burtu deilurnar.

Það er trú mín og von að þoka vanþekkingarinnar verði dreifð og grindur ~~vanþekkingarinnar~~ eigingirninnar brotnar.

Það er trú mín og von, að mennirnir finni samleikann í hugsun sinni og kærleikann í vilja sínum. Eftir því sem eigingirni manna eyðist, eftir því nálgast þeir kærleikann, og hann einn er fær um að leggja brú frá sál til sálar. Loksins kemur að því að alt það gott, sem mennirnir hafa gert hverfur aftur til þeirra sjálfra ef svo mætti að orði komast.

Þegar menn verða búnir að ná þeirri fullkomnun sem ég hefi nú minst á, þá vil ég segja að ættjarðarást og þjóðernismetnaður verði dottinn úr sögunni og í þeirra stað verði komin alþjóðaást — mannfélagskend ef það orð er nógu ljóst.

Þá skilja menn það að hámark lífsins er í því innifalið að helga krafta sína alheiminum. Þá verður mönnunum það ljóst að þeir eru alheimsborgar, sem allir eiga að vinna að sama markmiði sem er, að útrýma vanþekkingunni og eyða sársaukanum úr lífinu.

B.G.

## Nokkur orð um trúarmál

Það hefir komið fyrir, að trúmál hafa tekið menn tökum, svo þeir hafa fundið tilhneiginga hjá sér til að tala um þau fyrir meðbræðrum sínum. Þeir hafa viljað ryðja því ljósi braut, inn í meðvitund annara, sem þeir hafa sjálfir orðið fyrir mestum áhrifum af.

Við skulum hugsa okkur mann, sem er fæddur og uppalinn í húsi, sem hefir rautt, grænt og gult gler í öllum gluggum. Hann kemur svo út einn góðan veðurdag og sér dagsljósið í sinni réttu mynd. „Nei, hvað er þetta, þetta er undarlegt ljós," hrópar hann. „Þetta er nú hið rétta dagsljós", segja þeir sem úti eru fyrir. „Þetta er nú ekki svo óviðkunnanlegt ljós," sagði maðurinn, sem út kom, „en það er einlitt. Mér hefir verið sagt að þrílita ljósið væri það rétta dagsljós; þetta ljós er þessvegna villuljós, eða bara sjónhverfing. Þið eruð að narra mig." Hann fór svo aftur inn í húsið með þrílitu gluggunum og lokaði dyrunum á eftir sér, og opnaði þær aldrei aftur. En hann var sæll með sitt ljós og sannfærður um að það væri það sannasta og besta. Og hann hafði ostjórnlega löngun til þess að útbreiða þennan sannleika meðal mannanna, því í raun og veru var hann góður maður.

„Hvað er trú?" „Eftirvænting þeirra hluta, sem maðurinn vonar og sannfæringin um það sem hann ekki sér." Rétt er nú það! Því miður getum við ekki sannað hvert í sínu lagi að okkar trú sé réttust; þess vegna er hún aðeins fyrir okkur sjálf, hvert útaf fyrir sig. Eg hefi engan rétt til að segja: þín trú er villutrú, en mín trú er sú rétta trú. Og þú hefir engan rétt til að segja það við mig.

Þessvegna vil eg spyrja ykkur — þið trúarhetjur — þið merkisberar Lúters, vitið þið ekki að hér á landi er trúfrelsi? Vitið þið ekki, að ef þið gerið tilraun til að rífa niður þá trú sem þið álítið ranga, þá verður afleiðingin sú að við hin rífum niður ykkar trúarbyggingu. Við, sem höfum skynsemistrú, viljum hafa frið fyrir árásum ykkar meðan við látum ykkur hlutlaus. Finst ykkur eðlilegt að menn trúi á kreddur gamalla þjóðsagna. Finst ykkur það nægilegt að hlýða á messur nokkurn veginn reglulega — vera til altaris einu sinni á ári o. s. frv. Er það ekki gfeskin guðhræðslunnar „Sá sem þykist standa gæti að sér að hann ekki falli."

Árni Daníelsson

## Útburðir

Mér þykir líklegt að engin sem kominn er til vits og ára kannist ekki við nafnið — útburðir —, og eg get ímyndað mér, að það nafn láti illa í eyrum öllum þorra kvennþjóðarinnar, og ekki síst hjá þeim konum, sem orðið hafa mæður. Og það er heldur ekki með öllu frítt við að hrollur fari um mann, þegar hugsað er aftur í tímann, þegar ísköld heiðnin marraði í hverju spori, og veslings mæður, margar hverjar voru neyddar til að farga afkvæmum sínum jafn skjótt og þau fæddust.

Mun nú þessi útburður á börnum hafa einkum átt sér stað hjá fátæku fólki (þrælum) En þó bendir margt á það, í fornsögum vorum, að það hafi líka komið fyrir hjá höfðingjum og ríkismönnum, en ekki mun sá útburður hafa verið með öllu laus við sektartilfinningu.

Auðvitað getur maður fundið mörg dæmi ef leitað er í sögu heiðninnar og á síðari tímum, að það voru einmitt mæðurnar sjálfar, sem báru út börnin án þess að vera til þess neyddar.

Lengi hefir sú trú haldist við hér á landi að þessir útburðir hafi gengið aftur, og benda örnefni til þess um landið svo að segja þvert og endilangt, t. d. útburðarskál, útburðartjörn, útburðarlaut o. s. frv.

Fylgdi það lengi þjóðtrúnni, og eg veit ekki hvort það er með öllu útdautt, að þessir útburðir héldust við á þeim stöðvum hvar þeim fyrst var fargað úr móðurlífi. — Þóttust menn oft og tíðum verða varir við útburði þessa, einkum fyrir veðrabrigðum og slysförum; og var lengi til þess tekið hvað útburðarhljóðin gætu verið sár og skerandi — líkast grát nýfæddra barna.

Virðist eins og eðlilegt var, sem festir verði fyrir því að heyra til útburðanna; enda ekki fá dæmi til þess að fólk brjálaðist af því að heyra útburðar hljóð.

Það var eins og menn kannast við þegar kristni var lögtekin hér á landi, að bannað var að bera út börn og éta hrossakjöt. En þrátt fyrir það mun nú fyrst eitthvað hafa verið blátt á laun og borið út börn og leynt með farið.

En síðar lagði löggjöf landsins við því dauðahegningu, og nú á síðustu tímum æfilangt fangelsi.

En nú liggur sú spurning fyrir, Er létt að bera út börn með öllu? Til þess svara eg nei! og aftur nei!

Það er orðið aðeins í dálítið breyttri mynd — (Stúlkubarlingar

á þessu sem öðru í lífinu). Fyrst og fremst það, að það er eins og það hafi snúist inná ríkara og mentaðra fólkið, þar sem talsverða þekkingu þarf að hafa til þess að geta varnað fólksfjölgun. Mörgum þykir svo kostur við útburð þennan að það lætur lítið til sín heyra — engin hegning við því lögð og ekki hætt við að úr því verði afturgöngur. — Hvort nokkur sektar meðvitund á sér þarna stað í kristninni, er mér ókunnugt.

Það kann nú mörgum að þykja að ég hafi tekið fulldjúpt í árinni með þessu, og að þetta mál hefði gjarnan mátt eiga sig og liggja kyrt —, það sé mér líkast að koma með þetta eins og skollinn úr sauðarleggnum.

En, það var nú einmitt dálítið um aðra tegund útburða, sem ég ætlaði mér að fara örfáum orðum, sem sé olnbogabörn þjóðarinnar. Og ef farið væri nú að taka manntal á þessum aumingja útburðum andlegum og líkamlegum um land alt, þá yrðu það ljótar, blóðugar skýrslur.

Og allir jafnir gala þó þessir útburðir — smælingjar — hátt yfir höfuðsvörðum þjóðarinnar með blóðstokkin augu. En það vill nú svo vel til, ef þau orð annars eiga hér við, að þjóðin virðist ekki mjög útburðarhrædd —, hún hefir sofið róleg fyrir neyðarópum og angistarstunum. Hún hefir kunnað orðtak kristinnar kreddu: „Hjálpaðu þér sjálfur góðurinn minn, þá mun guð hjálpa þér." Mikið rétt! mikið rétt! sjálfsagt í fjárhagslegu tilliti, eins og öðru. En væri þá nokkuð á móti því að snúa blaðinu við og segja: „Ef ég hjálpa öðrum þá hjálpar guð mér".

Nú eru ungmennafélögin að ég hygg reist á kristilegum grundvelli, og er því óskandi að þau láti sér ekki vaxa í augum að bjarga fáeinum útburðum.

„En hverjir eru þá allir þessir útburðir, sem maðurinn er altaf að stagast á?" mun margur spyrja. En til þess svara ég því, að allir þeir hvort sem þeir eru ungir eða gamlir, sem ekki geta notið lífsins öðruvísi en að líða skort, bæði andlegan og líkamlegan, þrátt fyrir allar mögulegar tilraunir á ærlegan hátt að bjargast, þeir eru bornir út af þjóðinni, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis, og væri mörgum betra að hafa aldrei verið til. Nú er ekkert líklegra, en að útburðir í einhverri mynd bjálist fram hjá fátækum hjónum, hvað ákvæði þeirra snertir. — En þá er mikið betra að geta als engin börn og hallast hreint og beint að þeim óyndis úrræðum að fjölga ekkert mannkyninu. Og hljóta þó allir heilvita menn að sjá hvað hagfræðislegt það er fyrir þjóðina.
Er nú ósk mín til ungmennafélaganna að þau geti vakið þjóðina til starfs og manndáðs, og séð svo um að eftir nokkra tugi ára, gali enginn útburður yfir höfuðsvörðum hinnar íslensku þjóðar. —

Teódór Friðriksson

# Þess skal geta, sem gert er.

Mikil eru verkin mannanna, mikið hafið þið gert — þið forkólfar ungmennafélagsins okkar. Þið, bara örfáir menn — auðvitað bestu meðlimir félagsins. Þið hafið með höndum alt starf þess út á við og eiginlega alt starf þess inn á við líka. Ég vil láta ykkur njóta sannmælis, og vil láta öllum félögunum skiljast það, að þið eruð í raun og veru félagið. Við hin — fjöldinn —, sem fylgir ykkur erum bara aukaatriði. Þið eruð eins og sigurverk — ekki æfinlega stundvíss eins og sigurverk, og meina það ekki — ykkur hættir svo mikið til að misskilja mig.
En óþreytandi, sístarfandi eins og sigurverk, það er alveg eins og einhver dularkraftur dragi ykkur upp svo þið stansið aldrei.
Já margan skemtilegan fund eigum við, smælingjarnir, ykkur að þakka.

Kveldúlfur

# Dragsúgur

Stórhríðin lamdi utan húsin eins og þau væru hennar verstu óvinir. Þetta var líka fyrsta hríðin á vetrinum. Ein af þessum grimdarlegu norðanhríðum, sem við Íslendingar þekkjum svo vel.

Dragsúgurinn strokaði sig inn með bæjardyrahurðinni, þandi sig út um allar bæjardyrnar, og hélt svo áfram inn göngin þangað til að skellihurðin varð fyrir honum. Það leit út fyrir að hún mætti nú ekki við mikilli áreynslu gamla skellihurðin. Lamirnar á henni voru hálflausar, klinkan brotin og naglarnir í okunum voru sumir brunnir sundur af ryði, en aðrir dregnir út til hálfs.

Það varð líka ákafur hávaði og gauragangur þegar dragsúgurinn réðist fyrir alvöru á hurðarræfilinn. Skellirnir og hrikklið heyrðist alla leið inn í baðstofu.

Afi minn og amma höfðu lagt sig útaf í rökkrinu eins og þau höfðu vanist í sínu ungdæmi. En þá hafði ég farið fram fyrir til vinnufólksins, því þar var oft glatt á hjalla á kvöldin.

Ég var ekki nema 7 ára. Hafði komið til afa míns og ömmu verið áður, því þá misti ég móður mína.

Þegar ég kom fram í baðstofuna voru piltarnir nýkomnir inn frá gegningunum. Stúlkurnar voru að hjálpa þeim úr snjáplöggunum. Ég heyrði Ólaf vinnumann segja að þetta væri versta hríðin, sem hefði komið þess 8 ár sem hann væri búinn að vera hérna og væri hann því stapast fullhvestur enn þá. Stúlkurnar báðu guð að varðveita sig ef einhver skildi nú vera úti í þessu veðri, en svo fóru þær að hlæja að einhverjum smámunum á sömu stundinni.

Ég heyrði skröltið og skellina fram í bænum og vissi ekki hverju slíkt sætti. Ég spurði fólkið hvað gengi á þarna frammi.

Fúsi smali varð fyrstur til svars og sagði að það væri víst hann Háls-Móri, sem væri á leiðinni inn göngin. Ég hefði heyrt að Hálsa-Móri væri voðalegur draugur, sem oft hefði drepið kýr og hesta — jafnvel menn. Ég hefði heyrt margar draugasögur og var ákaflega myrkfælinn.

Gróa vinnukona sagði að nú ætlaði Móri að jafna á mér fyrir það, sem ég hefði dregið úr lukkjunum fyrir sér, og slitið upp í rokkinn fyrir henni Dísu í morgun.

Mér fór ekki að lítast á blikuna.

Altaf heyrðist mér skellirnir og skruðningarnar færast nær og vera að aukast. Ólafur vinnumaður sagði að Móri ætlaði víst að gera mér sömu skil og honum Bjössa, sem hefði verið hérna í fyrra.

Ég var í þann veginn að hljóða upp af hræðslu. En þá kom amma mín fram fyrir og var nokkuð gust-mikil —, allir þögnuðu.

„Hvað á þetta að þýða að vera að hræða drenginn? Þið skuluð láta það vera hér eftir að hafa ykkur ~~slíkt~~ það til dægrastyttingar.“ sagði amma mín um leið og hún tók mig í fang sér og bar mig inn í húsið til afa.

Það hefir verið eitthvað ákveðið og tígulegt við gömlu konuna þegar hún gekk inn gólfið.

Amma settist með mig á rúmið fyrir framan afa minn, lagði mig undir vanga sinn, og sagði, að ég þyrfti ekki að vera hræddur —, þetta væri alt vitleysa, sem fólkið hefði verið að segja. Það hefði að eins verið vindurinn, sem hefði verið að skella hurðinni fram í bænum, en engir draugar — þeir væru ekki til. —

Og amma mín sat undir mér þangað til ég var sofnaður, þá lagði hún mig útaf fyrir ofan afa minn.

Mörg ár eru liðin, og afi minn og amma eru komin undir græna torfu fyrir löngu.

Nú er búið að smíða nýja bæjardyrahurð, sem fellur svo vel að stöfunum að enginn dragsúgur kemst inn með henni. Gamla skellihurðin er einnig liðin undir lok og önnur ný komin í hennar stað — alt er breytt — og sjálfur orðinn fullorðinn maður.

En dragsúgurinn er hann þá lengur til, eða er hann liðinn undir lok eins og gömlu hurðirnar? Nei, hann kemst enn þá inn með margri hurð og gerir loftið kalt og hráslagalegt í bæjunum.

Nú er ég ekki lengur hræddur við hann, allra síst á sama hátt og þegar ég var lítill drengur.

En það er annar dragsúgur sem ég er hræddur við, það er dragsúgur íslenskrar þröngsýni. Það er einhver sú lakasta kynfylgja sem við Íslendingar eigum og óvíst að við berum gæfu til þess að geta kveðið þann ~~m~~ móra niður í bráð.

Við þennan móra er ég hræddur. En nú er enginn sem hughreysti mig eins og amma mín gerði þegar ég er að láta hugfallast, enginn sem taki mig í fang sitt og beri mig burtu frá ógnum og skelfingum, burt frá öllu því ljótasta og lægsta — burt frá einlægni og kærleiksleysi mannanna.

B. G.

# Árgeislinn 4 blað

Ritnefnd

# Árgeislinn

4. blað  22. jan. 1911

Ritnefnd: Björn Árnason, Halldóra Kröyer, Stefán Þ. Björnsson

## Búbót

Í síðasta blaði „Árgeislans“ er fyrirsagnarlaus grein eptir herra Pál Jónsson, sem mér þótti stórundarleg að mörgu leiti. Höf. er að ámæla þeim hugsunarhætti fólksins að þráin til þess að lifa í kaupstöðum sé yfirsterkari þeirri að lifa í sveitinni.
Mér finnst það mjög eðlilegt að höf. skuli finnast til um þennann hugsunarhátt fólksins, því að enginn efi er á því að það stendur fyrir þjóðþrifum hve erfitt það er að fá fólk til að sinna landbúnaði með ríflegum og sæmilegum kjörum.
Eg segi það standi fyrir þjóðþrifum af því að öll velmegun og framför landsins er undir því komin að landbúnaður — sem er og verður, ef rétt er á haldið, frjálsasti, farsælasti og arðvænlegasti vegurinn til þess að gjöra landsmenn efnalega sjálfstæða — sé hann stundaður með lífi og sál, ekki einungis af bændunum sjálfum heldur og af þeim, sem krafta hafa til að bjóða, til þess að styrkja þá atvinnugrein.
„Höf. áminnstu greinar kennir húsfeðrum sveitaheimilanna þessa kaupstaðarþrá unga fólksins: Þeir gjöra ekki sitt til að skemta vinnuhjúunum í frístundum þeirra“!

Hann meinar víst húsbændurna. Það má vel vera að höf. þekki það af reind, að húsfeður þeir, sem hann hefir átt í kaupstað séu meir skemtandi sínu heimili, en þeir, sem hann hefir átt í sveit. Eg fyrir mína reynd þekki hið gagnstæða, og eg veit að það munu fleiri vita þess dæmi að sveitabóndinn taki frekar þátt í kjörum vinnuhjúanna, hvort heldur er um skemtanir eða daglega iðn að ræða, heldur en kaupstaðarhúsbóndinn. Mér er óhætt að fullvissa höfund um að það er ekki þetta sem dregur „unga fólkið“ að kaupstöðunum, heldur er það leti og iðjuleysishugsunarháttur, eða ef eg mætti segja „kaupstaðargötuþrá“ sem sumt fólk á svo mikið til af.
Herra Páll álítur það búnaðarspillir hve sveitaheimilin eru fá og stór, og álítur það betra að þau væru mörg og smá (!!) og þessi hugmynd hanns er svo rótgróin sem rettmæt og viturlega framsett, að hann óskar þess, að þeir tímar komi að hugmyndin verði uppfylt.
Eg vildi óska að svona lagaðar prédikanir bæri eigi ávöxt í ungmennafélögum lands vors, og að ungmennafél. verði eigi skipuð af mörgum meðlimum með þessum hugsunarhætti; því það eru einmitt ungmennafélögin, sem eiga að ala þá menn er vera skulu brautriðjendur allra framfara lands vors og þjóð.
Eg álít það þjóðarmein og beinann og óbeinann skaða fyrir þjóðfélag vort hvað fyrirmyndar heimili og höfuðból lands vors hafa farið fækkandi; því fyrir utan beina fjárhagslega tjónið hafa sveitirnar orðið miklu óvistlegri síðan, og fleira mætti benda á til stuðnings máli mínu. Er höf. ekki kunnur málshátturinn: „Auður er afl þeirra hluta sem gjöra skal“? Dettur honum í hug að landið okkar yrði betur ræktað ef það væri setið af mörgum, sem ekkert fjármagn hafa, fremur en af fáum, sem fé hafa?
Ræktunarleisi landsinns okkar er ekki fyrir það að ekki séu nógu margir íbúar í landinu, heldur fyrir það, að fé vantar til þess að rækta það.
Eg læt hér staðar numið og vildi óska að þessi fáu orð mín yrðu til þess að herra Páll Jónsson athugaði betur þessa búbótshugmynd sína, og er eg þá viss um að hann kemst að þeirri niðurstöðu að hún af fljótfærni og athugaleisi muni skrifuð hafa verið.

Sauðárkrók 12 janúar 1911.

Bændavinur

## Mörg eru vandrædin

Mörg eru vandrædin þegar um þad er rætt hvernig þad eigi ad geta átt sér stad ad konur fái jafnrétti vid karlmenn. Nýlega hefur mér borist til eyrna sú mótbára ad Íslenskan væri svo fátæk af ordum ad naudsynlegt væri ad búa til marga nýgjörvinga til þess ad fá nöfn á konum í ýmsum embættum. Þetta getur nú átt sér stad í einstökum ~~vanda~~ atridum, en aptur getur þad verid vandalítid ef viljinn er gódur.

Ég var nýlega spurd um hvad sú kona gæti kallast sem yrdi Rádherra; ekki gæti hún heitid Rádherrakona því þá héldu allir þad væri konan Rádherrans.

Já, hvad gæti hún heitid? Spyrja karlmennirnir, og brosa í kampinn, – þad er ad segja þeir sem hafa hann nokkurn. „Kona, Rádherra, ekki nema þad þó" þeir eru svo vissir um þad ad kona getur aldrei ordid Rádherra.

Þad er nú líka mjög sennilegt (at) kona verdi aldrei Rádherra, en mér fyrir mitt leyti sýndist þá ekki frá-gangssök (at) brúka gamla nafnid Rádgjafi.

Þess verdur nú ad líkindum langt ad bída ad kona þurfi á því nafni ad halda. Konur hafa um aldir alda verid svo undirokadar og nidurbældar ad þad er ekki ad undra þó þær þurfi langann tíma til ad ná sér, og átta sig á ad þær þurfi ad leggja meiri stund á ad afla sér andlegrar menntunar, til þess þær geti stadid karlmönnunum jafnt ad vígi; heimtad jafnrétti í öllu.

Audvitad þarf nú ekki mikid til ad standa sumum karlmönnum á sporði. Ég minnist þess ad eitt sinn þegar verid var ad safna undirskriftum undir áskorun til alþingis; þad var um sumar þegar alþing stód sem hædst. Þá kom einn sendill stjórnarandstædinga til bónda þar sem hann var ad vinnu sinni, og bidur hann ad skrifa undir áskorunina. Bóndinn bregst ókunnuglega vid og segir. Er alþing núna? Undirskriftarsmalinn fékk audvitad atkvædi bónda.

Ekki var þad samt í þessum bæ, heldur í ödrum ad bóndi var í hreppsnefnd og hafdi fleirum opinberum störfum ad gegna og þótti jafnvel ekkert mjög lélegur. En þad var vani hanns ad rádgast um þá vid konu sína hvad hann ætti ad segja er hann kæmi á fundinn, um hin ýmsu mál og hvad hann ætti ad leggja til þeirra. Lagdi hún honum þá hvad hann skyldi segja, og jafnvel gat sér til hvad hinir fundarmennirnir mundu segja, og hverju hann skyldi svara því.

Stundum kom þad fyrir ad inn á fundinum komu málefni sem karl hafdi ekki búist vid, eda kona hans, og þá varð hann í vandrædum. Í þessum málum dugdi ekki veganestid frá konu hans, og þá reindi hann ad skjótast burt vid fyrsta tækifæri; eda hann var fáordur þad sem eptir var fundarinns. Hvort þessara hjóna mundi nú hafa verid færara ad gegna opinberum störfum?

Enn þó ad til séu nú svona menn, sem hver heilvita kona skarar fram úr, þá meiga þær ekki mæla sig vid þá; því ad. „Hátt ber ad stefna"

Ég set þessi dæmi hér adeins til þess ad sýna fram á þad ad karlmenn eru ekki óviðjafnanlegir fyrir konur, og þeir meiga heldur ekki ímynda sér þad.

Steingerdur

## Hjálpadu þér sjálfur, þá hjálpar gud þér

Þessi setning hefur ætíd reinst sönn. Sú fasta ákvördun ad hjálpa sér sjálfur áfram í lífinu, er rót sú sem framför hvers einstaklings sprettur af. Þar sem ákvördun þessi er almenn verda þjódirnar voldugar.

„Audurinn er afl þeirra hluta sem gjöra skal," Sá sem ávalt hefur vid skort ad berjast, er aldrei langt frá ánaud, og hann er aldrei herra sjálfs síns, en ávalt í þeirri hættu ad komast á vald annara, og verda ad beygja sig undir vilja þeirra.

Ad vera sparsamur, er hin beinasta leid til þess ad vera frjáls og allir hafa hæfilegleika til ad læra þad, því hver madur hefur í sér fólgna frummynd mannlegrar fullkomnunar í hverju sem helst er. Sparsemin, ásamt reglu í hússtjórninni felur í sér dugnad, nákvæmni og vaddeildarsama hagnýtni efnanna. Hjá þeim sparsama hefur skinsemin unnid sigur yfir hinum

dýrslegu kvötum. Sparsemin er alt annad en ágirnd, því sá sparsami hefur efni á ad vera gäfuglindur, hann gjörir ekki audinn ad átrúnadargodi sínu, heldur notar hann sem nytsamt medal, sér og ödrum til gagns og gledi.
Þeir, sem hafa einsett sér ad vera sem minnst upp á adra komnir verda aptast ad láta sér nægja ad þokast áfram fet fyrir fet, hægt og hægt, eins og barn sem er ad læra ad ganga. Forsjálni og sparsemi eru ágætar vinnusystur. Það fer lítid fyrir þeim í híbýlum mannanna, en þær veita drýgri styrk en flest annad

Eignir, sem rádvandlega eru saman dregnar, bera vott um þolna ástundun, og óþreitandi elju, yfirbugadar freistingar og launada von, og sé þeim rett varid bera þær vott um hygginndi

Mikill er munurinn á upphafsskilirdum mannanna, og margir eru erfidleikarnir sem fátæki madurinn hefur vid ad strída fram yfir þann sem fæddur er í aud og als nægtum. Hann er ekki neiddur til líkamlegs erfidis, en „Hver einn gái ad sjálfum sér." Audur og upphefd freistar til ofnautna og adgjördaleisis. og það þarf „sterk bein til ad þola góda daga". Einnig sá ríki þarf ad „hjálpa sér sjálfur". Hann þarf ad yfirbuga freistingar, fleiri en sá fátæki; og til þess þarf fullkomlega eins einbeittan vilja eins og ad yfirstíga erfidleikana, sem eru fylgifiskar fátæktarinnar. Það er því eins heimskulegt fyrir þann fátæka ad öfunda þann ríka, eins og fyrir þann ríka ad fyrirlíta þann fátæka.

Tíminn lídur og ver eigum ad standa reikningskap af honum, það eru sannindi sem vér ættum aldrei ad gleyma. Yfirstandandi tíminn er lítill partur af eilífdinni; sú eina stund sem er eign vor, þetta líf fæst ekki aptur þegar þad er mist. Med því ad byrja hófsamt og reglubundid líf í dag, getum vér, ef til vill bætt upp eydslu lidnu áranna, en enginn getur sagt vid sjálfann sig „Eg skal taka af stundunum á morgun og bæta upp þær, sem eg hef eitt í idjuleisi í dag.

Einn til þess ad hver og einn geti ordid nýtur þjódfélagsmedlimur, er naudsýnlegt ad uppeldid sé gott, ad snemma sé glædd hjá börnunum þessi hugsun „Hjálpadu þér sjálfur þá hjálpar gud þér" Það er beinasti vegurinn til ad verda frjáls og óhádur ödrum. Kennid börnunum ad fordast hid illa, en kappkosta ad ná sem mestri fullkomnun

í öllu gædu, því þad er öllum kunnugt ad þau frækorn sem sád var í hjörtu vor í födurhúsunum, lifa þar lengst og hafa opt ordid oss freistingavörn sídar meir á lífsleidinni.
Sá madur má hamingjusamur heita er litid getur aptur til bernsku sinnar og sagt vid sjálfann sig med fullri sannfæringu:
Eg ólst upp á kærleiksríku, reglubundnu og sparsömu heimili; og „þadan er mér komin kraptur orda, og ástin áttauda, er aldreigi deyr."

Stjana.

## Meira samlíf.

Eins og medlimum ungmennafélagsins „Tindastóll" er kunnugt, hélt eg fyrirlestur ei als fyrir löngu, er eg nefndi „Þankabrot" og hefi eg komist ad því ad þetta erindi mitt – bædi sem trúarskodun, og ad nokkru leiti lífsskodun snerti, hafi als ekki þótt heppilega valid á ungmennafélagssamkomu. Kann nú þetta ad einhverju leiti ad vera á rökum byggt, þar sem ungmennafélögin í heild sinni eiga ad vera byggd á kristilegum grundvelli. En um þad geta lengi ordid skiftar skodanir. Hvad er kristilegur grundvöllur í raun og veru? Og hvad er ad trúa á Krist? Hvort er þad heldur þad ~~heldur~~ ad taka trúanlega einhverja kenningu um Krist, eda þá hitt ad taka trúanlegt ordid, sem Kristur hefur talad eins og ~~þad~~ bad, sem ver verdum ad hlýda? – þad er med ödrum ordum. Hvada menn eru þad sem trúa á Krist? Eru þad ekki einmitt þeir mennirnir, sem gjöra þad, er Kristur mundi gjört hafa, ef hann væri hér nú, og í þeirra sporum. Eg fyrir mitt leiti lýsi því nú yfir, ad áheyrendur ad þessum stutta fyrirlestri mínum, hafa ekki gjört sér þad nægilega ljóst, er eg sagdi, og als ekki skilid grundvallaratridi þau, er ad slíkum ordum kunna ad liggja.
Sömuleidis get eg búist vid, ad menn verdi heldur ekki ásáttir um efni greinar þeirrar, er eg birti í bladi ungmennafélagsins sídast, fyrirsögnin „Útburdir." Það um þad. Eg fyrir mitt leiti ætla hreint ekki ad verda vondur þó ad allir dansi ekki eptir minni pípu. En betur kynni eg samt vid þad, ef ad eitthvad er ritad nidur fyrir

mér, ad rök séu færd fyrir því hvers vegna þad sé gjört. Hvad áður nefndann fyrirlestur minn snertir þá væri eg allfús á ad birta hann í „Nýju-Kirkjublaði". Hvernig lýst ykkur á þad í ungmennafélaginu? En hvad sem nú öllu þessu kann ad líða, vil eg fara fram á þad við hina háttvirtu ungmennafelaga ad mér sé leift ad fá ad sitja inn á fundum, sem utanfelagsmaður; fyrir þad fyrsta medan bladid er lesið, og sömuleidis ad mér sé veitt móttaka med greinar í bladid „Árgeislann" ef mig skildi langa til þess ad senda því línu við tækifæri; og vildi eg heldur vinna felaginu gagn med því, en ógagn.

Meira samlíf. Þad kann nú sumum ungmennafél. ad þykja þad skrítid ad eg, annar eins svartsýnismaður skuli voga mér ad ganga framanad almennilegu fólki og eggja þad lögeggjan med meira samlíf. Þad sé næst ad taka orð mín þannig ad þetta svokallada samlíf eigi ad merkja ástir milli karla og kvenna, því um samlíf í ungmennafelagi geti valla komið til greina, þar sem ekkert brestur á, ad aldrei annari samúð og fullkomleika sé nú náð med því ad halda reglulega fundi, og hafa fast og ákvedid form á öllum skaþandum hlutum í félaginu.

Þad er nú einmitt, sem vakir fyrir mér med þessum línum ad samlíf í ungmennafélögum eins og þau nú koma fyrir sé als ekki nægilegt, og þurfi ad glæda miklu meiri velvildarhug hjá ungafólkinu hverju til annars. Hvad alla bókfærslu snertir í ungmennafélaginu, ímynda eg mér ad hún sé komin í besta horf, og sömuleidis er bladid „Árgeislinn" ágætt málgagn fyrir félagsmenn ad láta skoðanir sínar í ljósi; jafnframt þeir, sem þeir ráda mál sín á fundum.

Mér virdist als ekki nægilegt þó félagsmenn ræði mál sín á fundum, misjafnlega vel og misjafnlega illa, yfir fyrirskipuðum fundarreglum. Fyrst og fremst er nú þad, ad ekki eru nema tiltölulega fáir af félagsm. sem nokkud tala á fundum og skrifa í bladid. Hinir sitja hjá og hlusta á, og svo veit madur ekkert hvad þeim hinum sönnu kann ad búa í brjósti; nema þá örsjaldan ad greida þarf atkvædi. Þetta á sér einkum stad hvad kvennfólkið áhrærir; en hvort ad þetta einræðarleisi kvenn-fólksins stafar beinlínis af uppburdaleisi, eda þad gjöri sér þad ekki nógu ljóst, í þad og þad skiftið, sem um er rætt skal eg engum getum ad leida. Enn hitt er víst ad tími er til þess kominn ad kvennfólk, þó ungt sé fari ad vakna til medvitundar um sjálft sig.

Þad er als ekki ad búast vid ad fólk, sem byrjar ad tala á fundum rísi upp, sem nokkurskonar Alkebíades, þess verdur þó ætíd ad gæta. En umfram alt verdur ad hafa við-leitni til þess ad sem flestir geti verid med ad koma hugs-unum sínum í ljós, og taka þátt í starfinu.

Þad, sem adallega brestur á í öllum félagsskap er þad ad fólk kinnist ekki nægilega um þá hluti; sem grípa inn í daglega lífið, og menn auka þannig ekki nægilega heilbriggða lífsgledi hvorir hjá ödrum; þarf þess þó ekki sidur med hjá ungmennafélögum ef þau eiga ad ná til-gangi sínum, bædi sem félagsheild inn á við, og starfandi fyrir þjódina í framtídinni útávid.

Vil eg nú gjöra þad ad tillögu ad ungmennafelögin byggi upp á einhverju því, sem vakid getur reglulega samúd med öllum félagsmönnum í heild sinni.

Eg fyrir mitt leiti sem utanfélagsm. nefni til þess meiri samræður utan funda, eptir því sem fólk á gæt saman og kemur því vid frá daglegu störfunum, sem bædi þungt og leidinlega geta á sumra herdum legid þó ungir séu. Þad eitt verdur ad vaka fyrir hverjum einstakling í félaginu, hvad hann í rauna og veru sé, og hvad hann í raun og veru langi ad verda. Öllu þessu virdist mér þurfa ad fylgja miklu meiri hiti – meiri heilbrigd alvara og jafnvel meiri lífsgledi en verid hefir til þessa hjá unga fólkinu. Þó ad eg sé utanvid þad ad heita gladvært ungmenni get eg unnad unga fólkinu als þess besta.

Eg vil ad ungmennafélögin auki sönginn, og taki sér við og við skemtigöngur í góda vedrinu og talist þá vid og kynnist. Ad svo mæltu legg eg frá mér pennann, því nú dregur él í loft og eg sé ekki til ad skrifa.

Lengi lifi ungmennafélagid „Tindastóll"

Teódór Fridriksson

# Sögur

Það er runnin upp ný söguöld, hjá okkur. Sögur gjörast nú í sérhverju héraði og í sumum margar. Eg á ekki við virkilegar sögur heldur ímyndaðar, og sögustaðirnir eru heilar einstakra manna. Það er líka runnin upp ný ritöld, þessir menn sem skapa hinar ímynduðu sögur þeir keppast við að færa þær í letur, og koma þeim fyrir almenningssjónir, þeir kalla þessar sögur „Skáldsögur“; það er líka mikið viðkunnanlegra heldur en að kalla þær „Lygasögur“, eg fyrir mitt leiti felli mig betur við það og mun gjöra það þegar eg fer að rita sögur!!

„Skáldsögur“ það lætur nógu vel í eyrum þetta orð og sýnist vera fremur saklaust; það hefir einhvern undrakraft, og heillar menn, en þó einkanl. konur, sérstaklega meðan þær eru ógiftar. Fólk þýtur upp til handa og fóta þegar það heyrir nefnda einhverja nýja lygasögu — eg meina Skáldsögu — allir keppast við að lesa þær það er ekki eins hugsunarsamt fólkið að lesa húslestrana. Það er slæmt hve margir eru að verða hugsunarlausir um sína andlegu velferð, en eg er nú að fara út frá efninu. Skáldsögur eru keyptar og lesnar, og nýjar eru samdar með ári hverju, og svo koma þær gömlu út í nýrri útgáfu, því allar þessar lyga— nei skáldsögur eru ómissandi; og nú eru löggjafar þjóðarinnar farnir að veita stórfé þeim mönnum, sem mest búa til af skáldsögum; þeir verðlauna lygina á sínu hæðsta stigi. Mikil breyting er orðin á Íslensku þjóðinni. Á fyrri öldum þótti það einhver versti ókostur við sérhvern Íslending, ef hann var lyginn. En nú er þetta orðið þveröfugt; lygahæfileikinn er orðinn einn aðal mannkostanna við hvern einn, og þeir sem hafa hann best þroskaðann eru hafnir upp til skýjanna.

Kveldúlfur

# „Árgeislinn“

5. blað 5. febr. 1911

Ritnefnd: Björg Björnsdóttir, Kristj. Möller, Margeir Jónsson.

## Trúmálin og Á. D.

### Athugasemdir og skýringar

Í næstsíðasta tölublaði „Árgeislans“ birtist stutt grein eftir Árna Daníelsson undir yfirskriftinni: „Nokkur orð um trúmál“. — Það er þessi grein, er og sem ungmennafélagi hlýt að svara með stuttri athugasemd og skýringum. „Sem ungmennafélagi“ segi og, vegna þess að hér er að ræða um bersýnilegan misskilning á stefnu og starfi ungmennafélagsins sem slíks. En að og þó get verið stuttorður hér, í þetta sinn liggur í því hvorutveggja að og verð að álíta, að jafnskýr maður og þessi vinur minn er, hljóti þó að hafa séð, hversu honum hér hefir skjátlað í skilningi á skýlausri og yfirlýstri afstöðu ungmennafélaganna til trúmála — enda get og vísað honum og öðrum, er kynnu að líta svipað á, til tveggja lengri ritgerða eftir mig um sama efni í eldri blöðum „Árgeislans“ hér framar. En til þess að blað ungmennafélagsins sjálfs, er flytur hans grein, þó einnig beri með sér sjálfsagða leiðréttingu þess misskilnings er þar birtist, þá sé þetta í stuttu máli sagt:

Í sambandslögum ungmennafélaganna (1. gr.) og í lögum vors sérstaka félags („Tindastóls“) stendur þetta: „Félagsmenn geta þeir einir orðið, er byggja stefnu sína á kristilegum grundvelli“. Þetta vitum við nú allir. Svo skýrt, einfalt og auðskilið, sem þetta ákvæði er, geta þó einstakir menn, og þar á meðal þessi vinur minn, ekki látið vera að leggja óákveðn[illegible]

sé alveg ranga merkingu í það. En öllum þeim og einnig honum stendur þó þetta til skýringar og skilningsauka í 3. gr. félagslaga vorra: „Tilgangur félagsins er þessi: ... að kappkosta að efla kristilegt trúarlíf hjá þjóðinni." En hvernig getur svo nokkur maður, sem þetta veit & jafnvel ungmennafélagi, og meira að segja Árni Daníelsson, skrifað annað eins og það sem hann skrifar í áminstri grein, þar sem hann telur það beinlínis óviðeigandi að vér ungmennafélagar tölum um trúmál í félagsstarfsemi vorri. Eða getur nokkur miðlað því til annara, er hann ekki hefir sjálfur til? Liggur þá ekki í augum uppi að starfsmenn kristindómsins, þeir sem eiga að efla hann hjá þjóðinni, verði sjálfir að vera kristnir menn. En er það þá ekki jafn mikið í augum uppi að þeir verði að leitast við að þroskast sem kristnir menn, hver einstakur fyrir sig fyrst og fremst, en einnig innbyrðis í félaginu — þar eð þeir einmitt hafa félagsskap til þess að starfa fyrir þetta málefni úti út til þjóðarinnar. Og er loks ekki ungmenna-félagið partur af þjóðinni." Hér liggur misskilningurinn mikli—mesti. — Jafnvel þó einhver vildi halda því fram að kristilegt trúarlíf ekki sé málefni sem vert væri að starfa fyrir — og það vil eg alls ekki segja um þann er hér á hlut að máli — enda rökrétt skoðað óhugsandi afstaða af ósamkvæmni af nokkrum ungmennafélaga — en „jafnvel þó" segi eg, þá kemur ~~þá kemur~~ það ekkert málinu við í þessu sambandi. Það er, eins og eg hefi sýnt, fyrsta og stærsta skylda hvers ungmennafélaga sem ungmennafélaga að starfa fyrir það málefni sem hann telur grundvallaratriði allrar sinnar félagsstarfsemi og um leið beinan tilgang félagsins að starfa fyrir. Annars getur hann ekki verið ungmennafélagi. Getur nokkur hlutur verið skýrari fyrir drengilegri lund og heilbrigðri skynsemi en þessi! Þessvegna undrar það mig, að eg skuli þurfa að skrifa þessar línur og í þessu átt.

Að öðru leyti vil eg heldur ekki ræða þetta mál hér. Til þess er því síður ástæða, þar sem við höfum allgott tækifæri til að ræða það nákvæmar tveir saman. En fyrst eg þó er byrjaður að skrifa, get eg tæplega látið vera hjá mér að snerta nokkur önnur atriði grein-

arinnar, þar sem eg á óskilið mál með öðrum ungmennafélögum, og snýr ber mér öðrum fremur að gjöra það, þar sem eg persónulega hlýt eftir áskoðun að eiga talsvert mikinn hlut af því óskilda máli.

Er það þá fyrst að einum manni virðist hafa einkennilegan skilning á orðinu trúfrelsi, ef hann í krafti þess orðs amast við því, að trúmál komi fram í félagsstarfsemi vorri. Mun það fyrst og fremst vera einkenni trúfrelsis, að menn séu bundnir — bundnir órjúfandi þögn um lífsins háleitustu mál? — Af hinu leytinu skil eg heldur ekki hvernig hann annars getur kvartað um að skynsemistrúarmenninir ekki fái að vera í friði fyrir [illegible] sem hann svo kallar. Þetta er því síður afsakanleg framkoma gagnvart ungmennafélögum sem slíkum, þar sem það einmitt fyrir örstuttu síðan hafði í opinberri samkomu látið manni hafa orðið um þá skoðun í trúmálum, sem er algerlega gagnstæð stefnu ungmenna-félagsins í þessu grundvallarmáli þess. Hann getur þó með ~~[illegible]~~ einni sanngirni (ekki) ætlast til þess að ungmennafélagið sýni viðurkenningu sína á trúfrelsi með því einungis að láta mótstöðumenn þess í aðalmáli þess tala, en þegja sjálft við öllu. Þaga hann því hendir á að vér, með því sjálfir að láta á okkur bera, megum taka þeim afleiðingum, að skynsemistrúarmenninir láti til sín gegn okkur, þá segi eg einungis þetta: Komi þeir bara, komi þeir í öllum krafti sinnar skynsemistrúar. Vér óttumst ekki að mæta þeim í þessu máli. Eg þykist persónulega fyrir mitt leyti af eigin reynd þekkja of vel vopn þeirra til til þess í nokkru að þurfa að óttast þau. Auk þess byggjast þau og þeir sem í vindinum eru innan [illegible] sinnar takmarkandi og þröngu skynsemistrúar, og geta ekki sem slíkir náð til vor, þar sem vér lifum í vorum helgidómi. En ekki er heldur Guði til heyrir máttarins, dýrðin og sigurinn einnig yfir þeim. Það leyfir því að koma að þeim tíma, að þeir verða að viðurkenna, að Guðstrúin er meira en heimildarlaus ágiskun eða órökstudd sannfæring um það sem ekki sést — að hún er virkileikans lífsreynslusannanir fyrir því sem hann eigi — að hún er samlíf mannanna með Guði, líf í Guðs faðmandi óútmálanlega kærleika, og að hann blessaður frelsarinn er það, sem hann sjálfur sagði heimsins ljós, og með honum og í honum einum höfum vér lífsins ljós — að hann ekki gefur neitt villuljós en er hið eina sanna dagsljós vors lífs. — Vér sem í þessum skilningi teljum oss kristna viljum vona og treysta því að, hún er bráðum og systurnar vorar [illegible]

einnig svo langt. En og sem þetta skeið getur með þeim fylstu rökum er skynsemistrúarmaður krefur sig og fullyrt, að til þessarar viðurkenningar við þeir aldrei sem skynsemis-trúarmenn, heldur einungis fyrir Guðs náð, eftir að þeir hafa viður-kent sína skynsemistrú óhæfa til þess og beygt sig í auðmýkt og undir-gefni barnsins, fyrir himneskum föðurnum þeirra og vorum, og skotast hann og þekt, í Jesú lífsins-frelsaranum sjálfum. Í lífi þessarar trúar viljum vér, þurfum og eigum að starfa, fyrst og fremst sem einstaklingar og einnig sem sameiginlegur ungmennafélag. Og þó vér séum veik og ó-þroskuð — þá treystum vér honum sem gefið getur styrkinn og þrosk-ann; aðeins að vér svo lítilmótleg sem vér erum séum sannir merkis-berar — ekki fyrir Lúther, Kalvín, Zwingle eða aðra oss miklu hæfari samþjóna, heldur fyrir hann sjálfan konunginn Krist. Þá þykkjumst vér ekki vit þó er vilja mæla vort djarfasta mál eftir verklegu sjálfs- vors, og alt ónýtt þá í lífi voru að meira eða minna leyti horfið, sem vér sjálfir deilum að er hvartveggja í sem skilyrði fyrir og vottur um trú vora — andardrátt vors trúarlífs — áminnt af því vér erum veik og stöðugt hætt við falli þurfum vér hans náð, sem styrkinn gefur og viðreisnina. — Þessvegna getum vér hvorki né viljum vera án Guðs. Og eins og vér þekkjum hann í Jesú Kristi, getum vér og viljum ei uggi leggja oss undir hans dóm en ekki manna.

Ján Bjarnason.

## Árstíðirnar og æfiskeiðin

Hvervetna í hinni lifandi náttúru, verða lífverurnar fyrir oss á þremur stigum:

1. Myndunar- og þroskastigi, þegar hvað eina er að myndast og þroskast, og færast að takmarki fullkomnunar og sjálfstæðis.

2. Fullorðinsstigi, þegar einstaklingarnir ná þessu stigi og lifa í sinni fullkomnustu mynd, hvort heldur er starfandi eða starfslaust.

3. Hnignunarstigi, þegar lífveran hnignar, uns hún hnígur og hverfur (úr sögunni), sem sérstök lífvera.

Með afstöðu sinni til sólar, hefir jörðin bundið tilveru fjöldans af lífverum náttúrunnar, við árstíðirnar. Árstíðirnar eru því æfiskeið fjölda lífvera og minnandi ástand lífveranna á hinum ýmsu æfiskeiðum, gefa árstíðunum mestan svip. — Vorið — bernskan og æskan — er það tímabil sem flestum er hugþekkast. Bernskan er saklaus, hrein og létt, en grunn og óþroskuð. Sakleysið er hennar dýrmætasta eign. Sorgir hennar rista sjaldan djúpt, því sálin er svo grunn, að ekki er unt að vekja þar hafaöldur. Gleði hennar er rík og ör, því smámunir geta auðveldlega hrifið hina barnslegu sál og fullnægt hennar takmörkuðu kröfum. —

Það er sameiginlegt með öllum vorgróðri, að hann er veikur og þarfnast aðhlynningar og nákvæmni.

Æskan er framhald bernskunnar. Hún er þroskaskeið. Góð skilyrði eru henni nauðsynleg svo þroskinn verði ör og eðlilegur, og fullkomnunartakmarkið náist sem (sem) fyrst.

Æskan er áhrifanæm og útlitsfögur. Þrár og langanir hennar eru heitar og ákafar.

Oft virðist sem hörð skilyrði ali þroskaðri og fullkomnari verur en mildari, en hér er um misskilning að ræða. Hörð skilyrði drepa mikinn hluta hinna veikari vera, hinar komast af sem fremur eru sterkari, en þó er líklegt að þær hefðu náð fyllri þroska ef skilyrðin hefðu þroskað þær í samræmi við efni það sem þeim gafst.

Fullkomnunartakmarkinu er náð, þegar andlegir og líkamlegir hæfileikar hafa fullþroskast, og eftir það fer aðalárangurinn að sjást af þroskanum. Því betur sem tekið er að æskunni, því fyr byrja kraftarnir að starfa, svo vinnutíminn lengist og árangurinn verða meiri.

Þetta tímabil — fullkomnunarstigið — er fullkomnasta skeiðið, það er sá tími sem hvaðeina vinnur að takmarki sínu.

Föst takmörk verða ekki fundin fyrir æfiskeiðin, því veldur mismunandi þroski, en eitt skeiðið tekur við af öðru, og víxlleggjast þau misjafnlega.

Hnignunarskeiðið sést í ömurlegri er fullkomnunarstiginu sleppir. Þá hrörnar gjörvöll, en allur kjarninn safnast í hennar fræ, er síðan falla í skaut moldar, eða minningar, og verða vísir til nýrrar tilveru, eða efni í aðra mynd. — Á æfiskeiðinu annari fara jurtirnar að safna til fræjanna, hafa þroskast en jurtalíkaminn hnignar jafnóðum, fara til þess fellur og felst í moldu. Vetur sá

hlveruttilgangi jurtanna lokið, því þá visna þær og hníga til moldar.

Ellinni safnar mannsandinn, öllum sjónar-miðum hugsjónum og samúðum í hreinar perlur og geislar. Neistinn hylst, undir hærunum. Loks hníga perlan í haf minninganna — í skauti komandi kynslóðar, er brosir, segja og móðar hana á ný —

Vorið sýnir oss, hve æskan er nauðsynleg góð skilyrði, svo hver maður nái þeim þroska að hann sé fær um að leysa af hendi hlutverk sitt, og geti unnið verk á morgni lífs síns. Skókreppa æskunnar, getur gert manninn haltan til æfiloka (veldur andlegri helti ellinnar) og tafið svo göngu hans, að hann nái ekki starfsviði lífsins, fyr en á afliðandi æfidegi.

Sumartíminn sannar að hverjum manni er ætlað að fullkomna eitthvert verk, minsta kosti starfa meðan dagur er.

Haustið sýnir að æfi hins starfslausa er fánýt og ávaxtalaus.

Og fylgi ekki þessum samburði lengur, en þar til hausthrímið fellur á höfuð mannanna og fjallahnjúkana. Mannsæfin verður líka deyjandi neisti, er þölskonan umlykur. Þegar sá neisti deyr, missum vér sjónar á því sem vér áður fylgdum með vorum skamtsýnu augum.

Flestir velja sér skyggnast (sjá) meir eða minna fram í djúpið, en árangurinn er misjafn og óábyggilegur, en höfum það hugfast, að eftir hvern vetur kemur vor og sumar. —

M. J.

# Lítil hugnun.

Eg þakka mikillega hinum háttvirta „bóndavin" fyrir grein þá er hann hefir ritað móti minni „athugunarlausu grein" sinni og hann kemst að orði.

Vera má, að hún sé ekki nógu vel hugsuð, og eitthvað að verða, en hver kemur fram sem hann er klæddur.

Mér virðist „bóndavinurinn" vera að nokkru leyti á „minni skoðun", og finst hinum afkomu sitt frítt og fánglegt, en kannske það sé af því að hann er „bóndavinur"? — Hann álítur að það sé ekki húsbændunum að kenna hvað þeir séu sinnuhjúaósælir, heldur sé það „leti" og „kaupstaðargjörfrá" er gjörir fólk til kaupstaðanna.

Má vera að hér dæmi „bóndavinur" eftir reynslu, en sem betur fer, þetta ekki alla þessa leið, því margur maður leysir starf sitt vel af hendi, og lætur ekki hégóma og hégómagirni götufólksins trufla sig, þó í kaupstað sé.

Getur verið að sumir leiti til kaupstaða, sakir vanþakklætis og aðfinsla sveitabóndans, getur það stafað af sjónleysi og hirðuleysi sjómannanna sjálfs, ef verkin eru illa unnin.

Hann heldur það mikla tilbreyti laga hugsað af mér, að álíta að margt smátt geri eitt stórt, eða að hugsa að fleiri og smærri bú gæti farsælli en stærri og færri. Orð hans raska ekki áliti mínu.

Væri landið gott, frá fjöru til fjalls, með hvert með túnum sína görðum, gæti fleiri lifað af búskapnum, þó jarðirnar væru ei stærri en svo, að bóndinn gæti hana upp með sínu skylduliði. —

Það er ekki mín skoðun, að engin stór bú ætti að vera til, heldur ætti land stærri

sem ekki væri notað af ábúanda

jarðanna, það fastast til ræktunar af öðrum, sem tyrða kollum hjá sér til þess; þeim sem ekki byggjast sín fyrir að vinna sveitastörfin sjálfir. Þrátt fyrir það, mundu drotnunargjarnari menn hafa nægilegt landrými til húsafnota.

'Drekkar' leitirnir ættu að hverfa, en sveigast gegnum staðinn, og það ætti að vera fegursti minnisvarðar smábændanna.

Auðvitað er afl[ið] sem nota skal" segir „bændavinur", en líka má segja að gæði séafl er nota þurfi.

Hann segir að peninga þurfi til alls, en þess þarf ekki, sé tíminn notaður rétt og gæði og störfin haldast í hendur.

„Landið er félaust" segir „bændavinur" en „tíminn er okkar auðugasta uppspretta", sem við verðum að nota vel.

Veit „danska bændavinur" ekki að peningurinn er „gjaldgildi", og hlutkestunum krónunnar? Sé svo, ætti hann að leiðast við að nota hverja stund til að starfa að velferð sinni, en hugsa minna um að vera drotnandi yfirmaður á stóru höfuðbóli, því það vera má, að það láti honum vel, að hugsa um sitt smáa bú, er færir honum nægilegt lífsviðurværi.

Að endingu væri æskilegt að hinn ævarandi „bændavinur" birti nafn sitt, því engin „skömm" er að skrifa undir sínu rétta nafni.

Páll Jónsson.

# Sögur

Í 4. blaði „Ingólfs" 22. janúar 1911. kom greinarkorn eftir „Hrólfdúlf" með fyrirsögninni „sögur". En sökum þess að ég er ekki höfundi sammála hvað íslenskar skáldsögur áhrærir, leyfi ég mér að fara örfáum orðum um íslenskar sögur. Skáldsögurnar áhrærandi

Það er nú fyrst og fremst að ég hefi þráfaldlega komist að því að fólk sem þó dálítið er að fást við að lesa sögur, gjörir sér oft sárlitla grein fyrir tilgangi þeirra, og því síður að leggja neinn djúpan skilning í þær eða greina þær niður í flokka, heldur lesa allt í belg og biðu og nefna svo sögurnar einu og sama nafni. — Skáldsögur, hvort heldur það eru þjóðsögur, „historiskar" sögur, eða blátt áfram lygasögur —

En hvað sjálfar skáldsögurnar snertir, greinast þær í tvo flokka, sem sé „rómantíska" stefnan ~~stefnan~~ og gagnstæðilegar virkileglegar sögur og má það til sanns vegar færa að þeir hér á landi sem fengist hafa við að að rita skáldsögur hafi að meira leiti fylgt þeirri virkilegu stefnu

Sögur greinast nú í tveggja héraði og [illegible] margar segir Hrólfdúlfur

En því er nú einmitt ekki svo farið að sögur greinist í tveggja héraði landsins þá mér er það að minnsta kosti ekki kunnugt hvað höf. meinar með því, og hvað íslenskar sögur áhrærir segja við ekki neitt af sögum, að frá skildum fornsögunum góðu, og mætti því sjálfsagt telja eitthvað til úr þeim sem að vel mætti skipa niður í lygasagnaflokk — (sjá viðureign Grettis og Gláms og margt fl.) og væri það þó ekki neitt þrátt fyrir dálítilla ýkjur að nefna fornsögurnar lygasögur, það gjörir heldur enginn

~~okkur um~~ 1. Skáldsögur — Verða þeir fá fyrstir fyrir sem ritað hafa skáldsögur hér á landi. Jón Thoroddsen (sjá „Piltur og stúlka" og „Maður og kona") og síra Páll Sigurðsson (sjá Aðalstein), þar næst ríðja þeir fram Gestur Pálsson og Einar Hjörleifsson (sjá sögur í Verðandi), og síra Jónas Jónasson (sjá skáldsögur í Iðunni) Það getur maður sagt að þessir menn séu að meira leiti brautryðjendur í íslenskri skáldsagnafræði. Nú á seinni árum má nefna Þorgils Gjallanda, og Jón Trausta, að ég ekki nefni báða sem lítilsháttar hafa fengist

við að semja sögur nú á síðustu tímum. Virðist nú að þeim skáldsagnahöf. fylgi hinni svokölluðu virkileikastefnu hvað sögur þeirra snertir að mestu leiti, enda margt við um virkileikastefnu rétt sett og ritað nú til nokkurra ára, einkum fyrir þá sök, hvað sagnaskáldin hafa hallast mjög að þeirri mynd úr hinu daglega lífinu og tínt uppí sögur sínar, margar hverjar, alt það ónauðsynlegasta sem komið hefir fyrir þá á lífsleiðinni ef maður mætti svo að orði komast, og verður sannast sagt margur að geta hvort svartsýni sem oft er stað í skáldsögum sé með öllu holl fyrir þjóðlífið. En það er með sagnaskáldin eins og aðra menn að það er oft einast sem á sjálfum brennur, og verða því sögurnar oft eins og lifandi stunur frá hjörtum þeirra sjálfra, og ávextirnir ~~sagna~~ útlifun af sagnalestrinum þá oft og tíðum ekki eins heppilegir eins og vera skyldi.

En hvað skáldsögurnar snertir að tilbúning þeirra hafa sagnaskáldin alveg óbundnar hendur með það hvað þeir setja tína uppí sögur sínar, hvort heldur það er vel eða illa þegið. Það er sannast sagt, að þessi virkileikastefna eins og hún nú birtist í íslenskum skáldsögum sé ~~ekk~~ ekki vinsæl hjá alþýðunni, enda er ekki hægt að merkja það hjá sumum höfundum að þeir séu að leitast við að geðjast alþýðunni með sögunum.

Að sögur milli manna, einstakl- inga meðan ~~áður~~ þeir eru ógiftar, virðist mér, ekki geta náð til nema lítils hluta af íslenskum skáldsögum, og verða þær þá yfirleitt að vera ástaskáldsögur sem að þannig milli ungra og ógiftra stúlkna, og þá allra helst að alt fari vel. — Nú er það einmitt mjög lítill hluti af íslenskum skáldskap sem nefna mætti undir þann flokk að heita ástasögur, nema þá að einhverju leiti og þykir mörgum sem litla skilning hafa á skáldsögum, einkum til þeirra hinna nema þær sé spjallað um ástir og aftur ástir, og það í skáldsögum sem að ekki grípa inn þetta margumrædda ástalíf milli manns og konu, sé eins og ekkert vanta í sögunum sem til þess að fylla þær upp. En þegar alt kemur til alls er það einmitt besta hæfileikinn í skáldsögunum, sem ekki einkum fjalla um ástamál, en vitaskuld kemur þá margt til greina sem of langt yrði hér upp að telja. Hvað skáldsögur hinna yngri höfunda snertir, þá eru þær margar hverjar alþýðunni mjög svo ógeðfeldar, „fara svo illa" segja margir. — Það er sannast sagt að þegar til þessara skáldsagnagerðar kemur einkum gleðilegt að sjá úr þessu sem nema fyrir þá sem eru síðastir hæfileikum en hinir, og góðum kringumstæðum að öðru leiti. Hafði þá útdóma, en nú eru allar skáldsögur ef þær eru annars rufðar á nefn. Þar sem fylgja

verður virkileikastefnunni eftir meðalkvarða skáldritanna.

| | | |
|---|---|---|
| 6 blað | Árgeislinn | 14 Febrúar 1911 |

# Draumur.

Það var komið fram á vor, og þennan daginn vorum við að veltast á hafinu fram hjá Kolbeinsey. Eyjan var að sjá til útnorðurs frá okkur í skipinu, svört og klettótt, eins og að yfir henni lægi myrkur og skuggar; aðeins skvaldraði brimið við hana og nokkrir svartfuglar flugu þangað af hafinu.

Það var þungur undir sjór, en að kalla dúnalogn, og blöktu seglin vindlaus við stengurnar og rárnar.

Til landsins var að sjá glaða sólskyn og var það að mestu gengið í sjá nema hvað hæðstu fjöllin gnæfðu uppúr hafinu eins og gullnir tindar skinjaðir af sólinni.

Við vorum 12 saman á skipinu 6 sváfum- en við hinir vorum uppá þilfari að hagræða seglum, að öðru leiti var lítið að gjöra, nema að vera við stýrið og halda skipinu í horfinu.

Það var liðið á „vaktina", og þurfti eg því að fara til við „kokkinn" að eg skildi heyla fyrir hann kaffið, hann var sem sé að hugsa um, að fara með stýrimanni afan í „kahettu" og spila við hann skák, og bað eg Gísla (þill sem hvíldugt) að ganga með mjer afan í hásetarúmið.

Tók eg nú að lífga við eldinn, en Gísli lagðist endilangur á „kúfortin" gagnvart mjer, og tók hendi sér og olíuskakka af þiljunum ~~ofan~~ undir ~~þiljunum~~ höfuðið. „Nú líður mjer vel, sagði Gísli. Þú ert ágætur, svaraði eg. Eg kannaðist undur vel við hvernig það væri að fá sjer dúr á „kafortum" hafði oft sofið þar eins vært, og dreymt góða drauma eins og þeim sem hefðu sofið á mjúkum dúnsvæflum. Sá eg nú að svefnhöfgi seig í brjóstið á Gísla, og hann smátt og smátt lagði aftur augun. Eg horfði nú um stund inni glæðurnar, og skaraði í eldinum við og við á milli þess, sem eg hagræddi katlinum og leit til Gísla eg sá að hann var steinsofnaður, og svaf svo vært með hálf opinn munninn, friður og góðlegur leitur og óspiltur og hrukkulaus á enni. og mjer fanst ef eg hefði

verid ordin stúlka ad mig hlyti ad langa til ad fadma piltinn ad mjer og kyssa á varir hans, og mjer var þad líka full kunnugt ad Gísli elskadi ——— og eg hugsadi mjer ad eg væri komin inní einhvern skínandi aldingard med Gísla og hann væri ordinn ad óspilltri fallegri stúlku, og nú sá eg um leid og eg ~~hug~~sadi þetta ad Gísli brosti í svefninum og krosslagdi bádar hendurnar á brjóstinu. Þar sit eg uppi í því ad líta hugann fleyga ~~Tam~~ í Kolbeinsey, og um þad hvernig ad þar muni hafa verid umhorfs þegar brædurnir dóu þar, og Jónas Hallgrímsson kvedur um. og nú sá eg ad Gísli var hættur ad brosa í svefninum og svo gekk eg til hans og vakti hann og spurdi hann, hvad hann hefdi verid ad dreyma. Sagdi Gísli ad sig hefdi verid ad dreyma töfrandi skógardís og hefdi hann verid ad fadma hana ad sér; en svo alt í einu hefdi hún rokid í burtu, og hann hefdi stadid einn eftir og ekki vitad sitt rjúkandi rád sárhryggur og grátandi: Þad er mörgum sárt ad vakna frá gódum draumum Gísli minn, sagdi eg, og klappadi á öxlina á honum; en vid verdum ad taka þad eins og þad er, ad alt þad besta í sálum okkar birtist okkur einungis í draumum.

Teódór Fridriksson.

## Landid þitt

Betlehem var fátækt smáþorp. En smaladrengurinn, sem var dádur af öllum jafnöldrum sínum fyrir manntak og nádi því ad verda konungur yfir landi sínu, hann leyndi því aldrei ad hann var frá Betlehem. Nú vil jeg fyrst af öllu fá ykkur til þess ad vera mjer sammála um, ad vid sem erum fædd á Íslandi erum Íslendingar og viljum vera Íslendingar. Ísland er fátækt land. En þad er landid þitt. Þad hefur komid þjer upp, og þess vegna ber þjer ad hjálpa til ad koma því upp.

„Landid er fagurt og frítt," og fegurd þá ber þjer ad elska, því hún er mikil, afar mikil. En jeg ætla ekki ad fara lýsa henni fyrir þjer, því jeg get ekki gjört þad svo vel, ad mjer edr þjer líki, og adrir hafa gjört þad mjög vel. Viljir þú lesa um fegurd landsins þá taktu þjer gódskáldin í hönd, og þá fyrst og fremst Jónas Hallgrímsson. En fegurd landsins verdur ekki fundin med lestrinum einum. Þú verdur ad ganga med opin augum og athuga þad sem þú sjerd.

Ungi madur! Skömm væri þjer ad búa í svo fögru landi og kunna ekki ad meta þá fegurd. Þad er merki um heilbrigda sál, ad verda hrifinn af fegurd náttúrunnar. „Ekki er mín sveit fögur segir þú"

Hver skilidi þad vera. Á Íslandi er hvervetna fegurd en þad er ad kunna ad meta þad. Nú skalt þú þegar í fyrra málid veita eftirtekt öllu, sem fyrir þig ber, er þú gengur til vinnu þinnar hvört sem þad er til fiskifanga fjárgæslu edr í skóla. Þú þykist ef til vill þekkja alt, sem fyrir augum ber. En þad er þó ekki svo, ætíd er mart órannsakad og ætíd kemur nýtt og nýtt í ljós. Þekkir þú til dæmis öll blómin í túninu eda hefur þú athugad framferdi fuglanna eda húsdýranna, sem þú umgengst.? Kemstu í gott skap, þegar þú heyrir til fyrstu lóunnar á vorin eda finnur fyrstu fífilinn útsprunginn í túninu. Jeg tek þetta adeins sem dæmi svo ad þú getir fengid hugmynd um þad, hve þú ert í raun og veru ófródur um þad, sem í kringum þig er, og veitir því betur athygli. Þú skalt jafnvel athuga skýin, því þau gefa landslaginu sinn sjerstaka blæ og þau eru ekki eins í öllum löndum. „Jæja þegar sumarid kemur, þá ætla jeg ad sjá mig betur um." Þad er alt of langt ad bída þangad til, þá verdur þú einnig ad athuga:

„Vetrar skautid bjart, hin heidu kvöld
er himin tjöld af nordur ljósa leiftrum bragd"

## Hvers virdi er idnin?

Þad er oss öllum ljóst ad idnin er mikils virdi. Hver madur ætti ad hafa þad hugfast ad idnin er skilyrdi gódrar framtídar. Sá sem er idin og ástundunarsamur berst gódri baráttu, og fær þar af leidandi gott álit hjá almenningi. Þad er nokkud mismunandi hvernig vjer notum tíman. Sumir af oss eru þad, sem þykjast ekkert hafa ad gjöra, en málshátturinn segir„ ætíd hefur idjumadurinn nóg ad vinna. Sá madur, sem hefur þad hugfast ad vera idin getur med idjusemi sinni nád því takmarki í lífinu er hann hefir hugsad sjer, án þess ad hann hefdi annars getad þad nema med hjálp og tilstirk annara. Margir sökum fátæktar hafa ekki getad nád eins hárri mentun eins og þá ríki, þrátt fyrir þad ad hin fátæki hafi ~~[illegible]~~ hafti meiri hæfileikum á allan hátt. En hamingjan sje lof ad nokkrir eru þad þó, sem ódlast hafa ad ganga á skóla þótt fátækir hafa verid, sökum þess ad viljinn og idnin hefir knúid þá til ad nota allar frístundir sínar til náms og hafa þeir med því móti nád sömu mentun sem sá madur er verid hefir marga vetur í skóla en vantad idni. Því vil jeg benda á ad málshátturinn er sannur er segir„ idnin eykur alla mennt."

Idjuseminni fylgir audlegd, því margir menn hafa ordid ríkir sökum idjusemi sinnar, og med því ad vera nógu idinn í nú tídinni getum vjer ódlast einhver gædi í framtídinni

Ef vjer höfum eigi fasta reglu á hvernig vjer ~~og~~ verjum tíma vorum, þá höfum vjer hans eigi jafnmikil not eins og vjer ættum að hafa.
Á mörgu heimilum eru menn eigi svo glaðir og ánægðir, sem þeir ættu að vera. og stafar þetta oft af því að þar vantar iðju-semi. Það er eigi erfitt að nefna menn svo hundruðum skifti; sem hafa brotist áfram í heiminum og aflað sjer bæði fjár og frægðar, þrátt fyrir allar mótspyrnur, sem þeim hafa mætt, af því að þeir hafa verið svo iðjusamir, og þessir menn hafa haft fyrir orðtak. „Tíminn er peningar. geymdu það ekki til morguns, sem þú getur gjört í dag.

Jóhannes Pálsson

# Árgeisli

7 blað 4 ár 1911

Ritnefnd { Sigurbjörg Benónýsdóttir

## Lukkan

Lukkunni hefir oft verið hallmælt fyrir það að hún væri blind; En hún er oft ekki eins blind og menn ætla. Þegar vjer hugleiðum mannlífið sjáum vjer að hún er oftast með hinum starfsömu. Hið daglega líf með áhyggjum sínum þörfum og skyldum veitir hið besta tækifæri til að læra og starfsamur maður fær jafnan tækifæri til að leggja á sig í hverri stöðu sem hann er. Þeir almennu hæfileikar: greind, eftirtekt, ástundun og þol orka mestu. En til þess að geta tekið framförum verða menn einnig að vera einbeittir og fljótir í hinir ungu aðlast það með því að hafa mikið frelsi, og venjast á að treista mætti sínum. Naumast gæti neitt orðið meira ógæfunefni fyrir okkur en ef við gætum öðlast allar óskir vorar án fyrirhafnar; þá væri engin von engin ósk og engin barátta. Það er eitt hið þarfasta að hinir ungu læri að vinna með áhuga og ánægju. Ánægjan styrkir andann og trúverðleikann hvarsem er vjer göngum á móti þeim með von um að yfirbuga þá, og hugrakkur hinn eigist að því að nota hvert tækifæri, en þeir sem það gjöra ber oftast sigur úr býtum. Ekkert líf er þjáningarfyllra en það að hafa enga hvöt til að starfa. Þegar greifinn af Spinola spurði Hóras Vernet úr hverju bróðir hans hefði dáið svaraði Hóras: „Hann dó af því að hann vissi ekki hvað hann átti að gjöra" „Já" sagði Spinola „það er nóg til að drepa oss alla". Mönnum hættir oft við þeirri villu að kenna öðrum mönnum ófarir sínar. Sumir álíta sig fædda til óhamingju eins og maðurinn sem sagði að hefði hann verið hattasmiður þá mundu menn hafa tekið upp á því að vera höfuðlausir. En óhamingjan er oftast nágranni heimskunnar. Enskur maður

doktor Johnson er kom til Lundúna með einn gullpening í vasa sínum, segir: „Allar kvartanir um heiminn eru ranglátar. Jeg hefi aldrei þekt ógæfu sem ekki hafi verið manninum sjálfum að kenna.“ Sjeu menn ekki einbeittir og starfsamir, þá verða mannkostir og góðir hæfi-legleikar að ónýtu. Lukkan er ekki blind, en hún leitar ekki uppi þá sem sitja úti í horni aðgjörðalausir menn verða að bera sig fram

S. B.

## Nokkur orð um fjelagsskapinn

Mörgum okkar er það víst kunnugt að nú nýlega hefir merkur maður látið í ljósi skoðun sína á ungmennafjelagsskapnum íslenzka yfir höfuð. Og mjer virðist að sjeð meðlimir þessa fjelags hljótum að taka álit hans okkur til hug-leiðingar, þar sem fyrirlesturinn um þetta efni var einmitt haldinn á opinberri ungmennafjelagssamkomu hjer á Sauðár-krók. Ræðumaður ljet það í ljósi að hann áliti að ungmenna-fjelögin væri til orðin af því að menn vildu vera í fjelagi en ekki af því að fjelagsmenn alment skildu hvað orðið fjelagsskapur þýðir og flest ungmennafjelögin væri í vandræð-um yfir því að þau hefðu ekkert að starfa og þau vissu eiginlega ekkert til hvers þau væru til orðin. Þetta er nú sjálfsagt nokkuð mikið sagt og auðvitað algjörlega rangt að því er snertir einstaka menn í hverju fjelagi, því það sjá allir að fjelag sem enginn fjelagsmanna vissi til hvers væri til orðið gæti ekki haldið áfram að vera til það hlyti að hverfa úr sögunni að fullu og öllu.
En að því er ungmennafjelagið hjer á Sauðárkrók snertir þá hlýt jeg að viðurkenna það að oft hafa komið fram kvartanir á fundum fjelagsins í vetur, um að menn taka ekki nógu alment þátt í fundalífinu brjóta lög fjelagsins, og sýndu engan áhuga fyrir málum þess. Því miður eru þessar kvartanir víst ekki með öllu ástæðulausar, og virðist mjer að þessir annmarkar á fjelagslífinu einmitt benda til þess að allir fjelagsmenn skilji ekki fullkomlega hvað fjelagsskapurinn þýðir eða hvaða skyldur fylgja því að vera fjelagsmaður; en aðalskilirðið fyrir velgengni fjelagsins er það að við öll skiljum þetta atriði fullkomlega, og jeg er viss um að við getum öll skilið það ef við viljum

Og einmitt nú er sá tími að dagarnir eru að lengjast og birtan að skýrast það vitum við öll að er vottur um það að vor náttúrunnar er að nálægjast; og jeg vil einlæglega vona að það fari nú einnig að vora í okkar fjelagsskap, að það fari að ljetta af drunga þeim og deifð sem hvílt hefir yfir fjelaginu í vetur, að augu okkar allra fjelagsmanna opnist fyrir því, að fyrst þegar við förum að vinna eitthvað fyrir fjelagið og málefni þess fara að verða okkar eigin áhugamál, þegar við öll af einlægni og án allrar eigingirni viljum vinna að því að málefni fjelagsins nái fram að ganga þá fyrst getum við sagt að við sjeum ungmennafjelagar í raun og sannleika. Þá fyrst getum við haft von um að fjelagið blómgvist og þá fyrst getum við haft ánægju af að vera ungmennafjelagar ef við finnum að við erum það meira en að nafninu til. Jeg mintist á það að fjelagsmenn ættu að starfa án allrar eigingirni eða tillits til sinna eigin hagsmuna, en það er samt ekki mín mein-ing að hver og einn gjöri það ekki fyrst og fremst fyrir sjálfan sig að vera nýtur fjelagsmaður. Jeg get ekki skilið að annað en að flestir fjelagsmenn hafi hlotið að komast að því að fjelagið á litlum vinsældum að fagna hjá utanfjelags-mönnum og oftast heyrt talað um fjelagsmenn sem ónytjunga sem aldrei mundu koma neinu í verk af því sem þeir þættust ætla að gjöra og það er sannarlega leiðinlegt bæði fyrir mig og aðra sem ekkert vinnum fyrir fjelagið að mega til að játa að það sje sannleikur að við sjeum ónytjungar; þessvegna segi jeg það að hver og einn gjöri það mest fyrir sjálfan sig að vera nýtur fjelagsmaður. En jeg er viss um það að ef viljinn er góður þá getum við öll eitthvað ofurlítið gjört fyrir fjelagið, því það er áreiðanlegt að mikið er að starfa fjelag-ið hefir mörg mál til meðferðar sem það þarf að beita sjer fyrir og vinna að með dug og dáð; og alstaðar um-hverfis það eru rótgrónir hleypidómar gegn því sem það þarf að sýna að það eigi ekki skilið; þetta verður nú sjálf-sagt erfitt að gjöra; „en þar sem við ekkert er að stríða er ekki sigur neinn að fá.“ Æskulýðurinn á að sýna að í honum sje þrek og þróttur og álíta að sjer tilheyri aflið og sigurinn. Við megum ekki láta okkur detta í hug að við getum ekki unnið margt og mikið ef við leggjumst öll á eitt og vinnum hvert um sig fyrir fjelagið það sem kraftar okkar og ástæður leifa. Þeir sem fyrst stofnuðu þetta fjelag hafa látið það heita eftir Tindastól þessum konungi

fjallanna hjer umhverfis; Þetti þad nafn ekki ad minna hvern. fjelagsmann á þad ad setja sjálfum sjer og fjelaginu hátt mark og keppa eftir ad ná því, en vid vitum ad þad getur ekki nádst nema med því eina máti ad allir sjeu samtaka, ad allir leggist á eitt ad keppa ad því marki sem fjelagid hefir sett sjer í fyrsta ad vinna ad andlegum og líkamlegum þroska fjelagsmannanna og efla heill og heidur sveitarfjelagsins og þjód-fjelagsins.

Sigurbjörg Benónísdóttir

## Hálmur

### I. Launblót

Þegar ad kristni var í lög tekin á Íslandi var mönnum heimilad ad blóta á laun ef eigi yrdi uppvíst; þad er engum efa bundid ad margur hefir notfært sjer þessa tilhlydrun á hinum gömlu lögum. Vid Íslendingar erum ad ennþá ad mörgu leiti líkir forfedrum okkar sem betur fer, vid erum ekki ennþá hættir ad blóta á laun; reyndar blótum vid ekki ad öllu leyti sömu gudin sem forfedur okkar trúdu á og blótudu, en þad eru þá komin ný god sem vid viljum ekki alveg yfirgefa.

Þad hefir legid ordrómur á því ad ungmennafjelagar brjóti skuldbindinguna svona sumir hverjir sjerstaklega bindindisheitid; því er nú ver ad þetta er komid í hámæli því ekki tel jeg þad saknæmt þó vid fáum okkur hóflega hressingu svona vid og vid, svo framt ad ekki verdi þad uppvíst; en aftur á móti er þad mjög óheppilegt ad slíkt komist upp, því þad kemur illu ordi á fjelagid útávid og sundrung í þad inn á vid.

Af því ad jeg er ekki vanur ad segja neitt ad ástædulausu þá vil jeg leifa mjer ad færa frekari ástædur fyrir því hversvegna jeg tel þad óheppilegt ad ádur nemd brot komist upp. Öll erum vid breysk og brotleg ad ýmsu leyti verk og hugsanir okkar eru yfirleitt illa blandnar og framkoma okkar gagnvart náunganum er nálega aldrei ódaðfinnanleg og öll eda flest leitumst vid vid ad dylja hinar illu og óhreinu hugsanir okkar og óþarmi vid erum sífelt ad reyna ad sýnast betri en vid erum í raun og veru vid brjótum líka fleiri lög og reglur en ungmennafjelagid leggur okkur á herdar vid brjótum í stuttu máli flest þau lög sem vid lifum undir ad einhverju leiti en vid reynum ad dylja þad í lengstu lög og vid reynum jafnvel ad gleima því ef vid þykjumst viss um ad þad komist ekki upp. Sumum tekst þad furdanlega vel ad gleima því sem þeir gjöra rangt þad þekki jeg af eigin reynslunni.

Finst ykkur nú ekki nokkud meiri ástæda til ad saka mann um lítilfjörlegt bindindisbrot en heldur en ýmislegt annad? jeg vil sjerstaklega skjóta þessu máli undir úrskurd kvenþjódarinnar af því ad jeg hef veitt því eftirtekt ad þar er dómgreindinni og rjettlætistilfinningin á hædsta stigi. Jeg efast ekki neitt um hvernig úrskurdur ykkar fellur mig hefir meira ad segja dreimt fyrir því

## Ástandið

1. Af frelsi og menningu fyrstokkur bjart
og framkvæmda sólskyn í landi
En hugsjóna ferjur sem flytja svo margt
þær farast og verda að strandi.
2. Og föðurlandsástin er flekkótt á lit
og forað á stjórnmála brúnni
En ímyndud þekking og ímyndað vit
med ofbeldi hátast ad trúnni
3. Já sjálfstæðis þrekið er lamað og hið
en lyginni fá menn ei borgað
og margur fæst keyptur með hári og húð
ef honum er laglega borgað
4. Jeg veit að þið kallið það bölsýni og bull
að búi hjer misindis flokkar
En mikill er sorinn, þó mikið sje gull
í mannfjelags deiglunni okkar

Hallfreður (Vandrædaskáld)

# Brot úr ródu.

Bëeytt í hendingar hefur Hallfreðar Vandræðaskáld

1. Minu sjónarmiði frá mundi nefnilega
Vondsjóni valdið fá, Virinn nefnilega
2. Jeg vil benda aleins á, ef menn nefnilega
Vitu Krókinum fullir frá, og fara glannalega
3. Nefnilega í náttmyrkri, nefnilega mættu
Nefnilega nokkurri, nefnilega hættu
4. Þannig lít jeg ætíð á, og þat ber at virða
Minu sjónarmiði frá mætti engin girða

1972